


# 2023

FJÖLNIR

# EFNISYFIRLIT


| | |
|---|---|
| ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA | 4 |
| AÐALSTJÓRN | 8 |
| STARFSMENN | 9 |
| SKIPURIT | 12 |
| SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR | 13 |
| FACEBOOK YFIRSÝN | 31 |
| INSTAGRAM YFIRSÝN | 32 |
| FIMLEIKAR | 34 |
| FRJÁLSAR | 41 |
| HANDBOLTI | 49 |
| ÍSHOKKÍ | 54 |
| KARATE | 60 |
| KNATTSPYRNA | 68 |
| KÖRFUBOLTI | 74 |
| LISTSKAUTAR | 79 |
| SKÁK | 86 |
| SUND | 94 |
| TENNIS | 98 |
| UPPSKERUHÁTÍÐ FJÖLNIS | 104 |
| FJÖLNISMAÐUR ÁRSINS 2023 | 106 |
| ÍÞRÓTTAKARL ÁRSINS 2023 | 107 |
| ÍÞRÓTTAKONA ÁRSINS 2023 | 108 |
| ÍÞRÓTTAFÓLK ÁRSINS | 109 |
| SILFURMERKJAHAFAR | 115 |
| GULLMERKJAHAFAR | 116 |
| UMF FJÖLNIR ÁRSREIKNINGUR SAMSTÆÐU | 117 |
| SKÝRSLA STJÓRNAR | 118 |
| REKSTRARREIKNINGUR ÁRINS 203 | 119 |
| EFNAHAGSREIKNINGUR | 120 |
| YFIRLIT DEILDA | 121 |
| SKÝRINGAR | 125 |




margt smátt
Team Sport
PUMA


FJÖLNIR
SAMSKIP
KLARA
ARON
Carrosserie Michel Di Tria
Sundfélagið Ægir

# ÁVARP FRAMKVÆMDASTJÓRA



**Guðmundur L. Gunnarsson**
Framkvæmdastjóri

Starfsemi Fjölnis var fjölbreytt og góð á flestum stöðum á árinu. Sárt er þó hvað erfiður fjárhagslegur hluti tveggja deilda skyggði á. Nokkrar deildir voru í kröppum dansi við að láta enda ná saman auk þess sem deildir sýndu fram á tap vegna tiltektar í bókhaldi viðskiptamanna. Færðar voru út stöður á viðskiptamenn frá árinu 2008 sem setið höfðu í bókunum en nauðsynlegt var að leiðrétta þær. Við þessa tiltekt myndaðist bókhaldsleg tap í sumum deildum sem leiðinlegt var að sjá.

Erfiðast var þó að ná ekki betri rekstri í knattspyrnu- og körfuboltadeild en þær deildir eru með mjög slæma afkomu á árinu 2023. Stærsta vandamálið okkar í þessum deildum er aðallega tekjuvandi og er nú þegar vinna hafin með þessum deildum að ná aftur jafnvægi í reksturinn og verður það gert á þessu ári.

Markmið okkar eru skýr. Við ætlum að halda áfram að þróa félagið með bættri aðstöðu og efla árangur í keppni afreksliða og einstaklinga hjá félaginu ásamt því að sinna sífellt stærri og fjölbreyttari hópi af iðkendum á öllum aldri sem vilja nýta sér þjónustuna og tengjast félaginu. Áfram er unnið með Margt Smátt ehf að efla markaðsstarf og sölu á búningum og fatnaði frá PUMA til félagsmanna og stuðningsmanna og vonum við að það samstarf gangi áfram jafn vel og það hefur gert til þessa.

Innleiðing á kerfi XPS hefur tekist vel á árinu og hlökkum við til frekari þróunar með þeim.

## Þróunin í Egilshöll

Eins og hérna sést taka uppbyggingarmál mikinn tíma en við berum væntingar til þess að nokkur þessara mála muni nást í gegn á árinu 2024.

- Samningur um nýjan keppnisvöll í knattspyrnu við Egilshöll
- Þróun á útisvæði í kringum aðalkeppnisvöll
- Klára stækkun á skrifstofu
- Ný fundaraðstaða
- Þróun á félagssvæðinu uppi á skautasvelli
- Fjölnishöll er orðin keppnisvöllur fyrir handboltann
- Efla félagsaðstöðu

## Félagið

Félagið er eitt stærsta félag landsins og var reksturinn krefjandi eins og fram kemur í ársreikningi. Nýr samningur við Reykjavíkurborg var undirritaður um áramótin 2023/2024 þar sem við berum væntingar til að samningurinn leiði til réttlátari skiptingar á fjármunum vegna stærðar og umfangs Fjölnis en verið hefur á undanliðnum árum.

Á okkar samningssvæði eru spennandi hlutir framundan, sbr Bryggjuhverfið, Höfðahverfið, Keldnaland ásamt Gufunesi sem stækkar hratt þessa mánuðina. Hér er mikilvægt að horft sé á þessa hluti þegar aðstöðumál og rekstrarmál eru rædd við Reykjavíkurborg.

## Viðburðir

Margir leikir og mót fóru fram á árinu í öllum deildum félagsins. Vilji stendur þó til að efla mótahald ennfrekar á næsta ári.

Uppskeruhátíð Fjölnis 2023 fór fram 14. desember í Keiluhöllinni þar sem viðstaddir voru um 100 manns. Veitt voru verðlaun fyrir íþróttafrek ársins, gull- og silfurmerki sjálfboðaliða ásamt vali á íþróttakarli og -konu. Þar að auki var Fjölnismaður ársins heiðraður, hún Hildigunnur Smáradóttir, fyrir ómetanlegt starf í þágu félagsins.

Þorrablót Grafarvogs tókst að vanda mjög vel og hvetjum við alla Grafarvogsbúa til þess að koma á næsta blót og skemmta sér saman í heimabyggð og styrkja Fjölni í leiðinni.

### Frísk í Fjölni

Þetta verkefni hefur vaxið og þróast mjög vel á árinu og er ekki hægt að merkja annað en mikla ánægju hjá iðkendum. Í samstarfi við Fríðu Karen Gunnarsdóttur og Evu Katrínu Friðgeirsdóttur er mikill metnaður í að efla starfið ennfrekar og sjáum við fyrir okkur fjölgun á næstu árum. Markmiðið er þó að vanda vel til verka og veita góða þjónustu sem hentar flestum. Við gerum ráð fyrir því að Reykjavíkurborg kynni á árinu 2024 hvort hún ætli að hafa einhverja aðkomu að þessu verkefni með félögunum í Reykjavík.
Við erum líka með leikfimi fyrir eldri borgarar í samstarfi við Korpúlfa en þeir eru á þriðjudögum og fimmtudögum og þar er ekki tekið gjald fyrir enda eru þar þjálfarar sem þiggja ekki greiðslur fyrir sína vinnu.
Við erum mjög ánægð með að geta boðið eldri borgurum þjónustu sem eflir heilbrigði og styrkir félagsþáttinn.

### Þakkir

Sjálfboðaliðar og stjórnarfólk hafa lagt sig fram við að koma starfinu aftur í gang og sýnt það enn og aftur að þeir hafa metnað og getu til að takast á við stór og smá verkefni. Mikið mæðir oft á formönnum deilda og vil ég þakka þeim sérstaklega fyrir óeigingjarnt og gott starf en án þeirra, annarra stjórnarmanna og sjálfboðaliða yrði lítið um íþróttastarf fyrir börnin okkar.

Ég vil jafnframt nota tækifærið og þakka öllum fyrir samstarfið á árinu, sérstaklega þakka ég samstarfsmönnum mínum fyrir skemmtilegt samstarf og auðsýndan áhuga og metnað fyrir hönd félagsins. Á árinu hættu tveir starfsmaður hjá félaginu, Ragnheiður G. Jóhnnesdóttir, bókari og Íris Svavarsdóttir rekstrarstjóri fimleikadeildar og skemmtanastjóri skrifstofunnar og þökkum við þeim fyrir skemmtilega samveru og óskum þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Einnig þakka ég stjórnarfólki fyrir gott samstarf. Sérstakar þakkir fær Jón Karl Ólafsson formaður félagsins fyrir langt og farsælt samstarf.

Starfsfólki Knatthallarinnar þakka ég fyrir gott samstarf á árinu sem og öllum öðrum samstarfsaðilum.

## #FélagiðOkkar

Guðmundur L. Gunnarsson
*Framkvæmdastjóri*


kjarkinum
Það sést hver drekka Kristal
Kristall
Kristall

# AÐALSTJÓRN



**Jón Karl Ólafsson**
Formaður



**Guðlaug Björk Karlsdóttir**
Meðstjórnandi



**Gunnar Jónatansson**
Meðstjórnandi



**Gunnhildur Einarsdóttir**
Meðstjórnandi



**Hreinn Ólafsson**
Meðstjórnandi



**Jarþrúður H. Jóhannsdóttir**
Meðstjórnandi



**Trausti Harðarson**
Meðstjórnandi



**Gunnar Ingi Jóhansson**
1. varamaður



**Olga Björney Gísladóttir**
2. varamaður

# STARFSMENN SKRIFSTOFU



**Guðmundur L. Gunnarsson**
Framkvæmdastjóri



**Málfríður Sigurhansdóttir**
Skrifstofustjóri



**Arnór Ásgeirsson**
Íþróttastjóri



**Hildur Björk Scheving**
Markaðsstjóri

# STARFSMENN SKRIFSTOFU



**Berglind Bjarnadóttir**

Verkefnastjóri fimleikadeildar



**Björn Breiðfjörð Valdimarsson**

Yfirþjálfari yngri flokka knattpyrnudeildar



**Gunnar Valur Arason**

Yfirþjálfari handknattleiks-deildar



**Halldór Karl Þórsson**

Yfirþjálfari körfuknattleiks-deildar



**Leifur Óskarsson**

Skautastjóri



**Luka Kostic**

Yfirþjálfari yngri flokka knattspyrnudeildar



**Viktor Elí Sturluson**

Verkefnastjóri fimleikadeildar

# STARFSMENN DALHÚSA



**Aron Eyrbekk Gylfason**
Rekstrar- og vallarstjóri



**Boban Ristic**
Starfsmaður Dalhúsa



**Aleksandra Zoviené**
Starfsmaður Dalhúsa

# SKIPURIT FJÖLNIS



# SKÝRSLA AÐALSTJÓRNAR



**Jón Karl Ólafsson**
Formaður

Árið 2023 er líklega erfiðasta rekstrarár í sögu Fjölnis, a.m.k. um langt árabil. Rekstur íþróttafélaga er áhugavert málefni og vandskilið hvernig hægt er að snúa slíkum rekstri í langvarandi sjálfbæran rekstur. Við Fjölnismenn höfum bent á það í mörg ár, að kominn sé tími til að setjast niður og reyna að móta stefnu í þessum málum. Það er þyngra en tárum taki að ná slíku samtali í gang. Rekstur félaga er mjög sveiflukenndur og iðulega treysta íþróttafélög á stuðningsaðila, sem koma reglulega til bjargar. Um leið og það gerist er lítill áhugi um að ræða rekstrarmál íþróttafélaga í stærra samhengi.

Það er fyrst og fremst rekstur afreksstarfs, sem er þungur fyrir félög. Hvernig sem á það er litið, erum við komin nokkuð langt í að reka afreksstarf a.m.k. í hálfatvinnumennsku, án þess að það hafi verið rætt til enda hvernig slíkt getur gengið upp miðað við fjölda íþróttafélaga og smæð þeirra. Við erum með 10 íþróttafélög bara í Reykjavík, sem flest hafa framsækna afreksstefnu í þeim greinum sem þar eru í boði. Sem dæmi má nefna, að í allri Kaupmannahöfn eru fjögur félög með svipuð markmið í afreksíþróttum. Í Danmörku hafa á síðustu 15-20 árum verið miklar sameiningar íþróttafélaga í afreksmálum, sem hafa leitt til stofnunar félaga, sem í dag eru að verða mikil stórveldi í íþróttum. Það er alls ekki þannig, að sameiningar séu eina leiðin hér, en það ætti a.m.k. að taka samtal á meðal forráðamanna íþróttafélaga, um hvernig við gætum séð fyrir okkur sjálfbæran rekstur afreksíþrótta á næstu árum og áratugum. Ef það er ekki gert er ég hræddur um, að niðurstaðan geti verið, að mörg íþróttafélög muni lenda í enn meiri rekstrarvanda á komandi árum.

Starf íþróttafélaga hér á landi er mjög háð góðu samstarfi við opinbera aðila og fyrirtæki í atvinnulífinu. Það hefur orðið erfiðara að fá fyrirtæki til að koma að rekstri hjá íþróttafélögum og við höfum verið að sjá styrktaraðila hverfa á braut á undanförnum árum. Fyrirtæki hafa verið að breyta áherslum og tengja samfélagslega ábyrgð oft meira við umhverfismál og jafnréttismál og miða sig þar oft við það sem hefur í daglega tali verið kallað „Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna". Að okkar mati er forvarnargildi íþrótta gríðarlega mikið og það eru líklega fá atriði mikilvægari í samfélagslegri ábyrgð í nærumhverfi okkar. Það þarf að ná að endurvekja þetta samtal við fyrirtæki, því að það er langt frá því að Fjölnir sé eina félagið, þar sem þessi þróun er að hafa áhrif á rekstur félaganna. Við erum sem fyrr í góðu samstarfi við Reykjavíkurborg um rekstur mannvirkja og framlag vegna frístundarstyrkja. Það er hins vegar áfram þannig, að borgin vill ekki koma með neinum hætti að rekstri afreksstarfs félaga í borginni. Við höfum áfram bent á, að samkeppnisstaða félaga í Reykjavík er erfið, því að stuðningur er mun meiri við afreksstarf hjá flestum nágrannasveitafélögum. Afreksstarf er fyrirmynd fyrir iðkendur hjá öllum íþróttafélögum. Flestir iðkendur stefna að árangri í sínum íþróttagreinum og sækja eðlilega þangað sem afreksstarf er í blóma. Við höfum áfram bent á, að það verður að móta stefnu í þessum málum hjá Reykjavíkurborg. Skilningur hefur aukist innan borgarkerfis en erfið fjárhagsstaða borgarinnar gerir það að verkum að erfitt er að gera breytingar á þessum málum á þessu stigi.

Ríkisvaldið hefur heldur aukið við stuðning við íþróttastarf, en sá stuðningur hefur fyrst og fremst snúið að starfi sérsambanda íþróttahreyfingarinnar. Nú er stefnt að því að bæta enn frekar í, með því að setja upp svæðisskrifstofur til að styrkja starf héraðssambanda á landinu og auk þess er stefnt að því að vinna frekar í afreksstarfi innan ÍSÍ. Þetta er allt gott og blessað, en gerir lítið til að bæta rekstur íþróttafélaganna og jafnvel má leiða líkur að því, að þetta geti verið í samkeppni við félögin, þar sem stefnt er að þátttöku fyrirtækja í að byggja upp þetta starf. Við höfum margoft bent á, að rétt væri að skoða hvort að hægt væri að styðja við starf íþróttafélaga með því að mögulega lækka skatta og gjöld vegna launa, sem íþróttafélög greiða. Þetta gæti bæði hjálpað til við rekstur félaganna og einnig leitt til þess, að notkun verktakasamninga hjá íþróttafélögum minnkaði. Þetta hefur ekki hlotið hljómgrunn, en vonandi verður áfram reynt að vinna í að skoða leiðir í þessum málum.

Árangur í afreksstarfi okkar var nokkuð misjafn á árinu 2023. Meistaraflokkar karla og kvenna í knattspyrnu náðu ekki að vinna sig upp um deild og spila því áfram í neðri deildum. Við stefnum sem fyrr að því að eiga lið í bestu deild, en við eigum eitthvað í land til að ná því marki. Rekstur knattspyrnudeildar var þungur á síðasta ári.

Meistaraflokkur karla og kvenna í handknattleik spila bæði í Grill 66 deild. Kvennaliðið er í neðri hluta deildarinnar og einsýnt, að liðið mun ekki vinna sig upp um deild á þessu ári. Karlaliðinu hefur gengið betur og þeir eru að keppa um toppsæti deildarinnar og því um beint sæti í efstu deild. Þeir eru a.m.k. örugglega að taka þátt í úrslitakeppni um laust sæti á næsta ári. Bæði lið eru að mestu byggð upp af ungum og uppöldum leikmönnum.

Meistaraflokkur karla í körfubolta spilar í 1. deild karla og eru þar í toppbaráttu um beint sæti í Subway deild karla á næsta ári. Liðið er a.m.k. örugglega að taka þátt í úrslitakeppni um laust sæti að ári. Meistaraflokkur kvenna hefur hins vegar áfram átt aðeins erfitt ár og hefur ekki alveg náð að fylgja eftir deildarmeistaratitlinum á árinu 2022. Þær hafa verið í neðri hluta Subway deildar kvenna á árinu og eru að spila þar í úrslitakeppni neðri hluta um áframahaldandi veru í deild hinna bestu á næsta ári.

Karla- og kvennaliðin okkar í íshokkí hafa staðið sig vel á árinu og kvennaliðið komst aftur í úrslitakeppni Íslandsmótsins og spilaði þar gegn SA. Þeirri viðureign lauk með sigri Fjölnis og er kvennalið félagsins því Íslandsmeistari. Við óskum þeim innilega til hamingju með frábæran árangur og þetta er örugglega fyrsti titillinn af mörgum á næstu árum.

Fjölnir er stærsta fjölgreinafélag landsins og við eigum frábæra iðkendur í mörgum greinum. Afrek eru þar mörg og mikil og of langt mál er að telja þau öll upp hér. Ég vil því benda á skýrslur stjórna deilda, sem eru hér með í ársskýrslunni, þar sem stiklað er á því helsta í hverri deild. Við erum gríðarlega stolt af öllum fulltrúum Fjölnis, sem eru félaginu til sóma hvar sem þeir eru.
Að sjá iðkendur okkar dafna og þroskast í sinni íþrótt er ástæða þess, að svo margir gefa ómældan tíma í sjálfboðaliðastarf fyrir félagið. Það gleymist oft, að flestir sem koma að starfi innan Fjölnis eru sjálfboðaliðar og þeir eru einfaldlega undirstaðan í öllu starfi félagsins. Ykkur verður seint þakkað nægilega það fórnfúsa starf, sem þið leggið á ykkur á hverjum einasta degi fyrir Fjölni.

Innan félagsins eru starfandi 11 deildir, þar sem mismunandi íþróttagreinar eru í boði. Auk þess starfar almenn deild innan félagsins, þar sem m.a. hlaupahópar, hjólahópar og aðrir hópar starfa. Þetta er í raun 12. deildin hjá félaginu. Nýlega hófum við samstarf með „heldri“ borgurum, og hittast þeir nú reglulega og stunda líkamsrækt og hreyfingu undir nafninu „Frísk í Fjölni“. Þetta hefur stækkað mjög hratt og það er mjög gaman að hitta þetta hressa fólk, sem setur mark sitt á félagið á hverjum degi. Það er alveg ljóst, að þjónustuframboð í íþróttum er með miklum blóma í Grafarvogi og það skilar sér í þeim mikla fjölda iðkenda sem stunda sína íþrótt á hverjum tíma hjá félaginu.

Fjölnir er í raun nokkuð ungt íþróttafélag, stofnað þann 11. febrúar 1988. Félagið varð því 36 ára núna í febrúar. Félagið hefur sinnt miklu uppeldisstarfi í gegnum tíðina og það eru margir uppaldir Fjölnismenn og konur, sem eru uppstaða í íþróttafélögum, jafnvel víða um heim. Við erum nú að nálgast þann tíma, þar sem uppaldir Fjölnismenn og konur fara að taka við stjórn og rekstri félagsins og það er mín trú, að það muni breyta miklu hvað varðar árangur í afreksstarfi og fjölgun titla hjá félaginu. Það liggur alveg fyrir hver metnaður okkar í afreksmálum er, Fjölnir á einfaldlega að vera í fremstu röð í öllum þeim greinum sem í boði eru hjá félaginu. Við eigum enn nokkuð í land til að ná þessum markmiðum og ég vil áfram hvetja okkar frábæra fólk til að vinna saman að þessu markmiði. Framtíð félagsins er björt, en það er mikil vinna sem enn á eftir að vinna og ég vil sem fyrr hvetja alla velunnara að koma með í þá vinnu.

Eins og áður hefur komið fram, var afkoma félagsins á síðasta ári erfið og veldur það að sjálfsögðu vonbrigðum. Það er þó rétt að benda á, að fjárhagsstaða félagsins er enn sterk, þar sem félagið skuldar ekki mikið. Þrátt fyrir neikvæða afkomu ársins 2023 er eigið fé félagsins áfram jákvætt og skuldir við lánastofnanir eru óverulegar. Það er þó alveg skýrt, að það verður að snúa þróun síðasta árs við. Fjáraflanir hafa ekki verið nægilega sterkar og tekjur deilda mega ekki áfram dragast saman, á sama tíma og kostnaður heldur áfram að hækka! Rekstur félagsins ber það einfaldlega ekki. Vandinn er fyrst og fremst tekjuvandi. Kostnaður er sem fyrr mestur við rekstur meistaraflokka í hópíþróttum. Þrátt fyrir þetta erum við yfirleitt að leggja minna fjármagn í þennan rekstur en þau félög sem við getum talið samkeppnisfélög okkar. Það er rétt að benda á, að fæst félög eru að reka eins marga meistaraflokka og Fjölnir og það hefur áhrif. Það er ekki hægt að sjá neina „hagkvæmni stærðar“ í þessum rekstri. Við höfum ítrekað bent yfirvöldum í Reykjavík á, að framlög þeirra í rekstrarstuðning eru í litlu samhengi við umfangi rekstrar hjá félögum.

Félagið rekur í dag 8 meistaraflokka í hópíþróttum. Við erum með karla- og kvennalið í knattspyrnu, körfubolta, handbolta og íshokkí. Rekstur allra þessara meistaraflokka er mjög krefjandi, svo ekki sé meira sagt og taprekstur er af öllum þessum flokkum á síðasta ári. Tap af rekstri meistaraflokka gerir gott betur en að skýra allt rekstrartap félagsins á árinu. Það liggur fyrir, að til að ná enn betri árangri í afreksstarfi félagsins þarf að koma til meira fjármagn til rekstrar. Ef að félagið ætlar að vera samkeppnishæft við önnur íþróttafélög verður einfaldlega að auka verulega við tekjur til að standa undir þessum rekstri. Það er því alveg ljóst hvert meginverkefni stjórnenda hjá deildum og hjá félagsins í heild verður á næstu misserum. Félagið okkar er þó vel í stakk búið til að taka næstu skref í því að byggja upp enn sterkara afreksstarf hjá Fjölni, en til þess að það gangi verða allir velunnarar að taka höndum saman, sem aldrei fyrr.

## Stefnumál og gildi

Við héldum okkar reglulega stefnumótunarfund á árinu 2022. Það hefur verið stefnt að því að reyna að kalla helstu stjórnendur saman á tveggja ára fresti til að fara yfir og skerpa stefnu félagsins. Við höfum viljað halda í þá stefnu, að Fjölnir er fjölgreinafélag, sem býður sem besta þjónustu til iðkenda, sem stunda íþróttir hjá félaginu. Það er ljóst, að slæm rekstrarniðurstaða ársins kallar á endurmat á stefnunni. Það eru nokkuð sterkar raddir innan félagsins, sem telja að félagið ætti að einbeita sér betur að rekstri færri deilda og reyna þannig að ná betri árangri, bæði í afreksstarfi, en ekki síður í rekstri. Það væri gott ef helstu stjórnendur Fjölnis gætu stefnt að slíku samtali á árinu 2024. Það hefur ítrekað verið bent á, að stuðningur borgarinnar eykst ekki í hlutfalli við stærð og þjónustuframboð þeirra íþróttafélaga, sem starfa innan borgarmarka. Nú liggja fyrir drög að nýjum samningi á milli Reykjavíkurborgar og íþróttafélaga og þar er a.m.k. á borði viðurkennt, að stærð félaga ætti að hafa áhrif á samninga á milli félaga. Erfið rekstrarstaða borgarinnar takmarkar þó hvað hægt er að gera til að leiðrétta þetta. Það er þó ákveðinn áfangi, að stærð félags og þjónustuframboð á að hafa áhrif á samninga á milli aðila í framtíðinni.

**VIRÐING**

Við berum virðingu fyrir félaginu okkar, iðkendum hjá félaginu, samherjum sem og mótherjum. Við berum virðingu fyrir starfi allra deilda innan okkar raða, búningum félagsins og eigum.
Að sjálfsögðu berum við almennt virðingu fyrir umhverfi okkar. Við erum einnig stolt af félaginu okkar og við erum stolt af þeim afrekum sem allar deildir eru að vinna. Við erum stoltir meðlimir UMFÍ.

**HEILBRIGÐI**

Við viljum hvetja alla félaga í Fjölni til heilbrigðs lífernis. Við berjumst gegn misnotkun allra skaðnautna, tóbaks, áfengis og eiturlyfja.
Við viljum hvetja alla félaga í Fjölni og þá sem tengjast félaginu til holls mataræðis og aukinnar almennrar íþróttaiðkunar.

**SAMKENND**

Við viljum auka samkennd og samvinnu innan félagsins. Nýtum stærð okkar á réttan hátt og lærum af afrekum og vandamálum hvers annars. Höfum gaman að því sem við erum að gera, það einfaldar allt starf og leiðir til betri afreka.
Félagsstarf verður að vera mikilvægt öllum þeim, sem að félaginu komu.

**METNAÐUR**

Við höfum mikinn metnað fyrir framgangi félagsins og stefnum að því að gera Fjölni að enn frekara stórveldi í íþróttastarfi.
Við höfum metnað fyrir afrekum allra iðkenda í öllum deildum félagsins.

Megingildi Fjölnis eru sem fyrr fjögur og ég vil enn og aftur ítrekar við alla iðkendur, starfsmenn, sjálfboðaliða og aðstandendur, að við viljum hafa þau að leiðarljósi í öllu starfi okkar hjá félaginu. Það er mikilvægt, sérstaklega í harðri umræðuhefð dagsins, að minna sífellt á þessi góðu gildi, sem duga jafnt í leik og í starfi.

Félaginu er eins og áður segir skipt í 12 deildir og fagleg vinna innan félagsins að mestu unnin í deildum Fjölnis og stjórnir og sjálfboðaliðar deilda vinna þar frábært starf. Það eru deildarstjórnir, sem bera ábyrgð á daglegum rekstri hverrar deildar fyrir sig. Það er þeirra að ákveða umfang rekstrar og það er einnig þeirra meginverkefni, að tryggja fjármögnun þeirra verkefna, sem deildir taka að sér. Aðalstjórn félagsins ber ábyrgð á fjármálum félagsins í heild, stefnumótun og samræmingu starfseminnar. Aðstöðumál félagsins hafa einnig verið á borðum aðalstjórnar. Það er rétt að ítreka, að mikið hefur áunnist í aðstöðumálum á undanförnum árum, eins og komið verður nánar að hér á eftir.

Það verður seint ítrekað, að starf íþróttafélaga byggir gríðarlega mikið á óeigingjörnu framlagi sjálfboðaliða. Án þeirra er rekstur félagsins einfaldlega ekki mögulegur. Ég vil fyrir hönd félagsins færa öllum þeim sem starfa fyrir félagið, starfsmönnum, stjórnarmönnum hjá deildum og öðrum sjálfboðaliðum okkar bestu þakkir fyrir framlag þeirra til Fjölnis.

## Aðstöðumál

Aðstöðumál hafa batnað mjög hjá Fjölni á undanförnum árum. Það er ekki langt síðan við vorum aðeins með eitt „löglegt“ íþróttahús í öllum Grafarvogi og það má einnig benda á glæsilega aðstöðu fyrir fimleika, sem byggst hefur upp á liðnum árum. Við eigum enn eftir að ná endanlegri lendingu á „löglegri“ keppnisaðstöðu fyrir knattspyrnu og hafa þau mál dregist allt of lengi. Vonandi fer nú að koma niðurstaða og við getum þá farið að vinna áfram að uppbyggingu. Það er rétt að árétta, að uppbygging aðstöðumála verður líklega aldrei endanleg kláruð. Kröfur eru sífellt að aukast og þegar eitt klárast, þá koma fram nýjar kröfur og nýjar hugmyndir. Glæsileg áhorfendastúka í Fjölnishöllina við Egilshöll hefur þegar sannað gildi sitt og nú hefur einnig verið gengið betur frá búningsaðstöðu við þann keppnisvöll. Handknattleikslið félagsins spila nú flesta sína leiki þar, en körfuboltinn hefur haldið áfram að spila flesta sína leiki í Dalhúsum. Það má því segja, að bæði í handknattleiks- og körfuboltafólk okkar spili nú sína heimaleiki við bestu aðstæður.

Það hefur dregist allt of lengi að fá endanlega niðurstöðu í aðstöðumálum vegna heimaleikja knattspyrnuliða okkar. Enn er stefnt að því að byggja upp slíka aðstöðu við Egilshöll. Tillögur um glæsilega uppbyggingu á svæðinu hafa nú legið hjá borginni í tvö ár. Eigandi Egilshallar, Reginn hf. býðst áfram til að byggja glæsilega áhorfendaaðstöðu við nýjan knattspyrnuvöll, sem yrði tengd við fleiri mannvirki, sem þeir hafa áhuga á að byggja á svæðinu. Þolinmæði þeirra er þó að verða minni og eru bæði Reginn og Fjölnir að þrýsta mjög á endanleg svör. Við höfum bent á, að nei er líka svar. Ef það verður niðurstaðan, þá getum við einbeitt okkur að því að finna aðra lausn. Við erum með stærstu knattspyrnudeildina hér í Reykjavík og við erum í raun eina félagið, sem ekki hefur fengið niðurstöðu og stefnu í framtíðaraðstöðu. Þetta er að sjálfsögðu algjörlega óásættanlegt.

Aðstaða fyrir skautaíþróttir hefur verið bætt í Egilshöll, en búningsaðstaða er enn ekki nægilega góð og auk þess þarf að finna endanlegt og betra skipulag á svæðum í kringum skautasvellið. Fimleikahöllin hefur áfram sannað gildi sitt enda ein glæsilegasta fimleikaaðstaða í borginni. Aðstaða fyrir frjálsar íþróttir hefur lagast mikið með tilkomu Fjölnishellisins í austurenda Egilshallar. Þar er loksins komin aðstaða, sem sérstaklega nýtist vel fyrir yngri iðkendur félagsins. Aðstaða fyrir afreksstarf er þó enn af skornum skammti og afreksfólkið okkar æfir áfram mest í Laugardal, með öðru afreksfólki í frjálsum íþróttum.

Tilkoma nýrrar sundlaugar í Úlfarsárdal hefur bætt heldur aðstöðu sunddeildar félagsins. Fjölnir sér um æfingar og þjálfun í sundi þar, sem og í Grafarvogi. Allir yngri flokkar æfa nú í Grafarvogslaug og Úlfarsárlaug, en afreksfólkið æfir sem fyrr í Laugardalslaug með öðru afreksfólki í Reykjavík.

Engar breytingar hafa orðið á aðstöðu fyrir tennis og karate á árinu. Tennisfólkið okkar sækir æfingar að mestu í Kópavog og karatedeildin er enn með aðstöðu í kjallara Egilshallar, en aðstaðan er löngu sprungin og takmarkar vaxtamöguleika deildarinnar.

Nú verður loksins fljótlega farið að vinna í að stækka skrifstofuaðstöðu félagsins í Egilshöll, sem er löngu sprungin. Það er mikil ásókn í félagsrýmið á skrifstofunni og er það frábært, en við verðum að ná að stækka plássið til að byggja upp aðstöðu fyrir þá, sem þangað vilja leita og auk þess vantar aðstöðu fyrir þjálfara hjá félaginu.

Fasteignafélagið Reginn hefur á undanförnum árum orðið einn helsti samstarfsaðili og stuðningsaðili Fjölnis. Félagið á og rekur öll mannvirki í Egilshöll og leigir aðstöðuna til Reykjavíkurborgar fyrir íþróttastarf. Samstarfið við Reginn hefur áfram verið mjög gott og félagið hefur reynst okkur vel í uppbyggingu á svæðinu. Helgi S. Gunnarsson lét af störfum sem forstjóri Regins á síðasta ári. Helgi hefur verið í fararbroddi hjá Reginn á meðan að helsta uppbyggingin hefur átt sér stað i og við Egilshöll. Ég vil þakka Helga sérstaklega fyrir frábært samstarf á undanförnum árum og við óskum honum velfarnaðar í framtíðinni. Við starfi Helga tók Halldór Benjamín Þorbergsson og höfum við þegar átt nokkra fundi með honum og hans fólki. Það er ljóst, að mikill velvilji er enn í garð Fjölnis og við hlökkum til áframhaldandi góðs samstarfs við Reginn. Ég vil nota þetta tækifærið til að þakka Halldóri Benjamín, Sunnu og öllu starfsfólki Regins fyrir frábært samstarf á árinu.

## Starfsemi félagsins

Eins og ítrekað hefur komið fram, eru fjármál félagsins miðlæg og fara öll í gegnum skrifstofu félagsins. Innheimta iðkendagjalda og önnur innheimta fer öll fram þar í gegn og greiðsla allra reikninga, allra deilda fer þar einnig fram. Auðlegð félagsins er fyrst og fremst iðkendur, sjálfboðaliðar, en síðast en ekki síst frábært starfsfólk, sem gegnir lykilhlutverki í rekstri félagsins. Framkvæmdastjóri félagsins er eins og undanfarin ár Guðmundur L. Gunnarsson, en hann sinnir einnig stöðu fjármálastjóra. Auk þess störuðu árið 2023 á skrifstofunni Málfríður Sigurhansdóttir, sem er skrifstofustjóri, Ragnheiður G. Jóhannesdóttir, sem sér um færslu á bókhaldi, Arnór Ásgeirsson, sem er í starfi íþróttastjóra og Hildur Björk Scheving er markaðsstjóri. Ragnheiður hætti störfum hjá félaginu í lok síðasta árs og bæði Arnór og Hildur hafa ákveðið að leita á önnur mið á árinu 2024. Leifur Óskarsson hefur hafið störf sem íþrótta- og skautastjóri og Arna Guðnadóttir hefur hafið störf sem markaðsstjóri. Ég vil bjóða nýtt fólk hjartanlega velkomið til starfa og auk þess vil ég þakka bæði Arnóri og Hildi fyrir frábært starf og gott samstarf og við óskum þeim alls hins besta á nýjum stað.

Luka Kostic og Björn Breiðfjörð Valdimarsson skipa áfram yfirþjálfarateymi yngri flokka í knattspyrnu og hafa ásamt Berglindi Bjarnadóttir, verkefnastjóra fimleika einnig aðstöðu á skrifstofu félagsins í Egilshöll. Í Dalhúsum er Aron Eyrbekk Gylfason, rekstrar- og vallarstjóri og með honum störfuðu Boban Ristic og Alexandra Asaciova við husstjórn og rekstur íþróttahússins í Dalhúsum, auk starfsmanna sem koma til tilfallandi starfa, sérstaklega yfir sumartímann.

Það átta sig eflaust ekki allir á, að félag eins og Fjölnir er mjög stór vinnustaður. Auk fastra starfsmanna, starfa reglulega um á bilinu 180-190 manns við þjálfun og önnur verkefni hjá hinum ýmsu deildum félagsins. Ég hef áður minnst á mikilvægi sjálfboðaliða í starfi félags eins og Fjölnir. Það er nær ómögulegt að vita með vissu hver fjöldi sjálfboðaliða er hverju sinni, en þeir hlaupa á hundruðum. Sjálfboðaliðar eru gríðarlega mikilvægir fyrir starfsemi Fjölnis, í stjórnum deilda, meistaraflokksráða, barna- og unglingaráða. Sjálfboðaliðar starfa við alla þá óteljandi viðburði, sem eru á vegum félagsins nær hvern einasta dag. Ég vil enn og aftur ítreka persónulegar þakkir til allra starfsmanna og sjálfboðaliða fyrir frábær störf þeirra og gott samstarf á árinu og á undanförnum árum

Í aðalstjórn Fjölnis starfsárið 2023-2024 sátu: Jón Karl Ólafsson, formaður, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, varaformaður, Guðlaug Björk Karlsdóttir, gjaldkeri, Gunnar Jónatansson, Gunnhildur Einarsdóttir, Hreinn Ólafsson og Trausti Harðarson. Í varastjórn voru Gunnar Ingi Jóhannsson og Olga Björney Gísladóttir. Reglulegir stjórnarfundir eru haldnir mánaðarlega, nema í júlímánuði. Ef sérstök mál koma upp, þá er boðað til aukafunda ef nauðsyn er. Ég vil fá að þakka öllum meðstjórnendum mínum fyrir frábært samstarf og ómetanlega og óeigingjarna vinnu á árinu sem er að líða.

## Fjármál

Eins og áður hefur komið fram, er afkoma félagsins alls ekki góð á árinu sem er að líða og það er ljóst, að það verður að vera breyting á næsta rekstrarári. Það er mikið rekstrartap á árinu 2023 og er ljóst, að það er nokkuð langt frá því, að tekjur hafi náð að mæta vaxandi kostnaði. Það er reyndar þannig, að tekjur félagsins dragast saman á milli ára, en kostnaður eykst á sama tíma. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um að það er ekki viðunandi. Heildartekjur samstæðu Fjölnis eru tæplega 961 milljón og drógust þær saman um tæpar 6 milljónir á milli ára. Rekstrarkostnaður er hins vegar rúmlega 1.039 milljónir og jókst rekstrarkostnaður um tæplega 74 milljónir, eða um rúmlega 7,6% á milli ára. Rekstrartap ársins er því tæplega 79 milljónir, en til samanburðar var rekstrarhagnaður síðasta árs um 2 milljónir króna. Þegar tekið hefur verið tillit til fjármagnsliða er heildatap ársins tæplega 88 milljónir króna, en til samanburðar var heildartap ársins 2022 tæplega 6 milljónir króna. Þetta er mikil sveifla á milli ára og það er ljóst, að vandinn er fyrst og fremst tekjuvandi. Rekstur meistaraflokka skýrir í raun allt tap ársins og gott betur.

Allir meistaraflokkar eru reknir með halla og tekjur allra deilda hafa heldur verið á niðurleið. Það er rétt að ítreka, að eigið fé félagsins er enn jákvætt og því er fjárhagsstaða félagsins enn styrk og skuldir við lánastofnanir eru óverulegar. Það er hins vegar alveg ljóst, að það verður einfaldlega að snúa þessum rekstri við. Rekstur meistaraflokka er almennt dýr og hefur kostnaður vaxið hjá Fjölni eins og hjá öðrum félögum á undanförnum árum. Það er einnig nokkuð ljóst, að kostnaður við rekstur meistaraflokka hjá Fjölni er ekki hár, miðað við rekstur annarra félaga í sambærilegum rekstri. Tekjuöflun okkar hefur hins vegar einfaldlega ekki verið nægilega sterk. Það hefur verið erfitt að fá rekstur í stað aftur eftir COVID og þættir eins og einfaldar fjáraflanir hafa dregist saman.

Félagið hefur haldið færri mót, færri karla- og kvennakvöld og sala á viðburði hefur ekki vaxið nægilega mikið. Við verðum að taka saman höndum til að ná þessum tiltölulega einföldu liðum aftur í gang. Það hefur hins vegar einnig frekar dregið úr styrkjum frá fyrirtækjum og það er að sjálfsögðu áfram áhyggjuefni. Verkefnin eru klárlega næg, félagið stendur á styrkum fótum og með því að nýta okkar frábæra fólk eigum við að ná að snúa þessu við.

Við höfum verið að reyna að ná samtali við yfirvöld og forráðamenn annarra félaga um þessi mál. Það er mitt mat, að það verði að fara fram stefnumótun um hvernig tryggja megi sjálfbæran rekstur íþróttafélaga á næstu árum og áratugum. Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, þá höfum við tekið upp a.m.k. hálfatvinnumennsku í mörgum íþróttagreinum á undanförnum árum, án þess að taka samtal um hvernig íþróttafélög eigi að geta staðið undir slíkum rekstri! Kostnaður hefur haldið áfram að hækka og það var mjög áhugavert að heyra tillögu á þingi KSÍ, um að tryggja knattspyrnumönnum lágmarkslaun og sumarfrí á meðan á keppnistímabilinu stendur.

Þessar tillögur voru ekki samþykktar, en þær segja a.m.k. eitthvað um hvernig staða þessara mála er hjá mörgum félögum. Það er jákvætt að sjá marga knattspyrnumenn og konur snúa heim eftir atvinnumennsku erlendis og það er athyglisvert að sjá, að yngri leikmenn eru að koma til baka í vaxandi mæli. Það er síðan enn áhugaverðara að heyra, að í ákveðnum tilfellum er verið að greiða sambærileg eða betri laun hér en hjá sumum af þeim atvinnudeildum, sem viðkomandi var á mála hjá.

Okkur hefur verið tíðrætt um sjálfbærni í rekstri íþróttafélaga og það er mikil þörf á, að fara að ræða framtíðarskipulag þessara mála. Mörg félög eru í erfiðum rekstri og það er ljóst að núverandi rekstrarfyrirkomulag er í flestum tilfellum ekki sjálfbært. Þetta skipulag íþróttamála hefur verið við lýði í mörg ár og hefur ekki tekið miklum breytingum þrátt fyrir vaxandi kröfur og hærri kostnað. Í stefnumiðum Fjölnis er rætt um „ábyrga fjármálastjórn" sem eitt af okkar markmiðum. Það er alveg ljóst, að við erum ekki að standa undir því markmiði á árinu 2023.

Það liggur fyrir, að aukið fjármagn þarf í rekstur meistaraflokka, til að félagið geti orðið samkeppnishæft við þá, sem leggja mest undir í þessum rekstri. Það er líka nokkuð augljóst, að það þarf að ræða enn og aftur framtíðarskipan íþróttafélaga til að reyna að finna leið til sjálfbærari rekstrar en nú er. Nágrannalönd okkar hafa breytt stefnu á undanförnum árum og hafa sameiningar og stækkun eininga einkennt íþróttastarf þar. Ég veit ekki hvort að sama leið væri rétt hér á landi, en samtal er nauðsyn.

Það er í sjálfu sér ekki markmið félagsins að skila hagnaði af rekstri. Markmið okkar er sem fyrr að skila hallalausum rekstri. Þrátt fyrir slaka afkomu, þá teljum við daglegan rekstur skilvirkan og vel er fylgst með þróun tekna og gjalda í hverri deild. Þessi niðurstaða hefur í raun verið ljós um nokkurt skeið og deildir hafa verið hvattar til þess að annað hvort auka við tekjur, eða að skera niður kostnað. Við höfum vonir um, að ýmsar aðgerðir hafi þegar verið settar í gang, sérstaklega í tekjuöflun. Rekstur er í sjálfu sér ekki flókinn, við þurfum einfaldlega tekjur til að mæta kostnaði. Ef það næst ekki, verður einfaldlega að skera niður kostnað. Fyrir frekari skýringa og upplýsinga vil ég vísa í sundurliðaða reikninga félagsins fyrir árið 2023 og þær skýringar sem er að finna í ársreikningi félagsins.

Samningar Fjölnis og annarra íþróttafélaga við Reykjavíkurborg rann út í byrjun síðasta árs og var þá framlengdur óbreyttur fram til loka ársins. Nú liggja fyrir samningar um rekstur næstu ára og þar hefur meira tillit verið tekið til umfangs reksturs í ungmennastarfi. Við Fjölnismenn höfum ítrekað bent á, að stærð félagsins okkar endurspeglaði ekki framlag til reksturs félagsins að fullu. Íþróttir eru gríðarlega mikilvægt forvarnarstarf og skýr stefna þarf að vera í uppbyggingu þeirra mála til næstu framtíðar. Erfið fjárhagsstaða borgarinnar hefur dregið úr getu til að leiðrétta þetta að fullu, en þetta er þó skref í rétta átt.

Eins og áður hefur komið fram, er rekstur meistaraflokka í hópíþróttum félaginu erfiður. Rekstur yngri flokka er alls staðar til fyrirmyndar og stendur sá rekstur að mestu undir sér hjá öllum deildum félagsins. Ungmennastarfi og afreksstarfi er haldið fjárhagslega aðskildu, eins og lög gera ráð fyrir. Við erum með 8 meistaraflokka karla og kvenna, sem keppa undir merkjum félagsins. Fjáraflanir okkar byggja mikið á persónulegum tengslum við fyrirtæki og ég vil hvetja fyrirtæki og þá sem þeim tengjast til að koma og aðstoða okkur enn frekar í þessum málum, stuðningur allra við félagið er ómetanlegur og gríðarlega mikilvægur fyrir daglegt starf. Í ársreikningi Fjölnis eru skýrslur deildarstjórna og ég vil vísa á þær skýrslur til frekari skýringa og upplýsinga um rekstur mismunand deilda félagsins.

Rekstur körfuknattleiksdeildar hefur verið þungur undanfarin ár, og það er ekki breyting á því á síðasta ári. Kvennalið félagsins í körfu hefur spilað í úrvalsdeild undanfarin ár. Liðið hefur verið að berjast í neðri hluta deildarinnar á þessu ári, en hefur líklega tryggt áframhaldandi sæti í úrvalsdeild á næsta ári. Karlaliðið er enn að berjast í toppbaráttu 1.deildar. Liðið hefur nær örugglega tryggt sæti í úrslitakeppninni í ár, en það er ólíklegt að liðið nái að komast beint upp í úrvalsdeild, en til þess þarf liðið að sigra 1. deildina. Stefnan er áfram sett á, að hafa bæði lið á meðal þeirra bestu, en við verðum einfaldlega að tryggja fjárhagslega afkomu til þess að slíkt markmið sé raunhæft.

Rekstur handknattleiksdeildar hefur einnig verið nokkuð þungur eins og undanfarin ár. Við erum ekki með lið í úrvalsdeild í handknattleik, en karlaliðið verður í baráttu um sæti þar núna í vor. Kvennaliðið er ungt og efnilegt, en liðið hefur ekki verið í toppbaráttu á þessu keppnistímabili. Stefnan er sem fyrr, að eiga lið á meðal þeirra bestu, en eins og í öðrum deildum þá verður að tryggja fjármögnun til þess að slíkt markmið sé raunhæft.

Rekstur knattspyrnudeildar var þyngri á síðasta ári en á undanförnum árum. Liðin okkar eru bæði að spila í neðri deildum á þessu ári. Karlalið okkar verður í Lengjudeildinni eins og á síðasta ári. Vegna fjárhagsstöðu hefur verið reynt að halda kostnaði í lágmarki fyrir komandi keppnistímabil, en við erum með ungt og efnilegt lið, sem getur veitt öðrum liðum harða samkeppni. Kvennaliðið okkar mun spila aftur í 2. deild á komandi tímabili. Við erum einnig þar með ungt og efnilegt lið, sem verður gaman að fylgjast með í sumar. Í báðum liðum er mikið af uppöldu Fjölnisfólki. Það er stefna okkar til lengri tíma að eiga lið á meðal hinna bestu, en enn og aftur verðum við að skoða fjármögnun og hvernig við náum að bæta þar við, til þess að slík markmið verði raunhæf.

Rekstur fimleikadeildar var aðeins þungur á síðasta ári, en við höfum þó verið að sjá aukningu í fjölda iðkenda aftur eftir lægð sem COVID virðist hafa skilið eftir sig. Bætt aðstaða hefur gjörbreytt starfi deildarinnar til hins betra og við erum að sjá fleiri afreksmenn í fimleikum hjá félaginu.
Eins og oft vill vera kallar aukið afrekstarf á nýjar áskoranir, þar sem kostnaður við afreksstarf er almennt meiri. Við höfum hins vegar frábæran grunn og frábæra aðstöðu til að byggja á.

Rekstur sunddeildar félagsins gekk nokkuð vel á árinu. Félagið hefur aðstöðu í Grafarvogslaug og í Dalslaug í Úlfarsárdal. Þessi aðstaða nýtist ágætlega fyrir yngri iðkendur, en það er erfiðara að halda afreksfólki hjá félaginu vegna aðstöðuleysis.

Rekstur frjálsíþróttadeildar gekk sem fyrr nokkuð vel á síðasta ári og starfið í deildinni er blómlegt. Bætt aðstaða í Egilshöll hefur þegar skapað tækifæri í starfi deildarinnar, en aðstaða fyrir afreksfólk er takmörkuð hjá félaginu.

Tennisdeildin stundar enn æfingar í Tennishöllinni í Kópavogi, þar sem engin aðstaða er fyrir tennisiðkun hjá okkur í Grafarvogi.

Rekstur karatedeildar er í fínum gangi og rekstur þar er í jafnvægi. Ekki hefur miðað í því að bæta aðstöðu deildarinnar í Egilshöll, en núverandi aðstaða er þröng og takmarkar stækkunarmöguleika.

Skákdeild er rekin í góðu samstarfi við Helga Árnason, fyrrverandi skólastjóra Rimaskóla og er rekstur og aðstaða deildarinnar í Rimaskóla sem fyrr til mikillar fyrirmyndar.

Rekstur í íshokkídeild og listskautadeild var nokkuð þungur á síðasta ári og skiluðu deildirnar nokkru tapi. Í íshokkídeild er rekstur meistaraflokka umfangsmikill og eins og hjá öðrum deildum er það ákveðin áskorun. Í listskautadeild hefur orðið nokkur fjölgun aftur og félagið á nokkra fulltrúa í efstu flokkum og landsliðum Íslands. Félagið hefur verið að ná árangri bæði í hokkí kvenna, þar sem liðið varð íslandsmeistari og í listskautum, þar sem félagið varð bikarmeistari.

Afkoma aðalsjóðs var í jafnvægi á árinu 2023. Hlutverk aðalsjóðs er sem fyrr, aðhald í rekstri félagsins og deilda og að jafna sveiflur í rekstri deilda, þegar á slíku þarf að halda. Tekjur aðalsjóðs koma að einhverju leyti frá styrktaraðilum, en í vaxandi mæli frá Þorrablóti og Lottó og eitthvað frá smærri viðburðum. Framkvæmdastjóri félagsins mun fara nánar yfir reikninga og skýringar við þá.

## Styrktaraðilar

Það hafa orðið miklar breytingar á styrkjum og aðstoð frá fyrirtækjum á undaförnum árum. Það er í raun enginn aðalstyrktaraðili eftir hjá félaginu. Eins og hjá flestum íþróttafélögum hefur þessum beinu styrktaraðilum fækkað, þar sem fyrirtæki hafa almennt heldur dregið úr beinum styrkjum til íþróttafélaga. Lög um almannaheillaskrá, sem skapa möguleika á skattaafslætti til fyrirtækja, sem styrkja starfsemi íþróttafélaga hafa ekki skilað eins miklu og vonir okkar stóðu til. Ég vil enn og aftur hvetja alla stuðningaaðila félagsins til að hjálpa til við verkefnið og bið ykkur að kynna ykkur tækifærin, sem skráning á almannaheillaskrá Skattsins gefa. Fjölnir er skráð félag á þessari skrá og mikilvæg aðstoð stuðningsaðila nýtist a.m.k. að hluta til skattaívilnana fyrir þessi félög.

Stærsti einstaki styrktaraðili félagsins er Fasteignafélagið Reginn og við erum mjög þakklát fyrir allan þeirra stuðning. Margir styrktaraðilar okkar hafa þó haldið tryggð við okkur, en hafa breytt samningum sínum við félagið. N1 og Bónus styðja áfram við bakið á ákveðnum deildum, en eru ekki lengur skilgreind sem aðalstyrktaraðili. Samskip er einnig áfram í hóp félaga, sem styðja veglega við bak ákveðinna deilda félagsins. Það eru síðan fjöldi fyrirtækja, sem styðja með einhverjum hætti við rekstur hinna ýmsu deilda hjá Fjölni. Mig langar að þakka forráðamönnum allra þeirra fyrirtækja og félaga sem með einum eða öðrum hætti styðja við rekstur hjá Fjölni og vil hvetja alla áfram til að koma með eins myndarlegum hætti og mögulegt er til aðstoðar daglegum rekstri.

Starf íþróttafélaga er besta forvarnarstarf sem mögulegt er og þetta á að samrýmast öllum stefnum og leiðum fyrirtækja til samfélagslegrar ábyrgðar. Ég vil þakka Bónus, N1, Reginn og Samskip sérstaklega fyrir aðstoðina.  Ég vil líka nefna sérstaklega Icelandair Vita, sem hefur stutt vel við knattspyrnudeild, Innnes, Akstur & köfun, Grant Thornton, Hagkaup, Landsnet og Olís, sem styrkir Fjölnishlaupið okkar glæsilega. Ég vil einnig nefna Ölgerð Egils Skallagrímssonar, sem aðstoðar okkar mjög veglega í flestum deildum.

Ég held að það verði líka að þakka sérstaklega öllum þeim sem hafa sótt viðburði á vegum félagsins, sérstaklega þorrablótið góða. Þetta er gríðarlega mikilvæg tekjulind fyrir félagið, en á sama tíma gerir það okkur kleift að hittast og eiga góðar stundir með vinum og félögum okkar hjá Fjölni og nágrönnum okkar í Grafarvogi.

## Verkefnin framundan

Það er ljóst, að það eru mörg verkefni framundan og margar áskoranir sem þarf að vinna í á næstu misserum. Auðlegð félagsins eru iðkendur og aðstandendur þeirra og velunnarar félagsins. Með því að virkja þennan hóp áfram, þá eru félaginu allar leiðir færar. Starf okkar er í stanslausri mótun og verkefnin eru líklega endalaus. Við verðum öll að vinna áfram að því að hvetja til þátttöku í íþróttastarfi félagsins.  Það er margsannað, að betra forvarnarstarf er einfaldlega ekki til.

Eins og fram hefur komið, þá ef ég verið svo heppinn að fá að vera formaður þessa frábæra félags síðan á árinu 2009 og hef setið í aðalstjórn síðan árið 2005. Það hafa verið forréttindi að sjá félagið eflast og stækka. Það hefur verið mjög gefandi að sjá aðstöðu félagsins byggjast upp í það sem hún er í dag. Það hafa þó verið mestu forréttindin að fá að vinna með öllu því frábæra fólki sem ég hef unnið með undanfarin ár. Vinskapur sem hefur myndast mun endast um ókomna tíð. Framtíð félagsins er björt og sérstaklega, þegar uppaldir Fjölnismenn fara að taka við stjórnartaumum í deildum félagsins og í aðalstjórn þess. Fjölnir er stórveldi í íþróttum og ég er mjög stoltur af #FélaginuOkkar.
Það er kominn tími til að stíga til hliðar og fá aðra til að taka við keflinu hjá félaginu. Ég vil þakka öllum þeim sem ég hef unnið með hjá félaginu, samstarfsaðilum, hjá Reykjavíkurborg á undanförnum árum fyrir frábært og gefandi samstarf. Það er alveg ljóst hvar hjarta mitt verður áfram – maður hættir auðvitað ekki að vera Fjölnismaður. Takk kærlega fyrir mig – og áfram Fjölnir.

Jón Karl Ólafsson
*formaður Fjölnis*












LINDEX
3819






LINDEX
3979




Á fullri ferð
inn í framtíðina
samskip

# FACEBOOK YFIRSÝN

**6,9 þ.**
FYLGJENDUR

**26,6 þ.**
VIRKNI

**129 þ.**
DEKKUN

**57,4 þ.**
HEIMSÓKNIR








**Virkni (e. *interactions*) sýnir okkur fjölda athugasemda, likea og deilinga á efninu okkar á árinu.**
**Dekkun (e. *reach*) sýnir okkur alla þá einstaklinga sem sáu efni frá okkur allavega einu sinni á árinu.**
**Heimsóknir sýna okkur hversu oft Facebook síðan okkar var heimsótt á árinu.**

# INSTAGRAM YFIRSÝN

Instagram

**1,4 þ.**
FYLGJENDUR

**3,2 þ.**
VIRKNI

**59,7 þ.**
DEKKUN

**14,8 þ.**
HEIMSÓKNIR








Virkni (e. *interactions*) sýnir okkur fjölda athugasemda, likea og deilinga á efninu okkar á árinu.
Dekkun (e. *reach*) sýnir okkur alla þá einstaklinga sem sáu efni frá okkur allavega einu sinni á árinu.
Heimsóknir sýna okkur hversu oft Facebook síðan okkar var heimsótt á árinu.


2144
2141


TYR


BJÖRNINN






# FIMLEIKAR

Á aðalfundi fimleikadeildarinnar 8. febrúar 2023 var ný stjórn kjörin.
Stjórnina árið 2023-2024 skipa:

- Helga Ásdís Jónasdóttir, formaður
- Gunnar Bjarnason, varaformaður
- Haukur Helgason, gjaldkeri
- Tanya Helgason, ritari
- Álfheiður Sif Jónasdóttir, meðstjórnandi

# ÁVARP FORMANNS

Þá er enn eitt árið liðið og starf fimleikadeildar Fjölnis heldur áfram af fullum krafti. Fjöldi iðkenda hjá deildinni hefur haldist svipaður á milli ára en reynt var að gæta þess að fjölga iðkendum jafnt og þétt.

Samsetning starfsmanna- og þjálfarahóps deildarinnar hefur breyst nokkuð frá síðasta ári. Aukning varð í þjálfarahópi deildarinnar, þar sem bættust við bæði þjálfarar í fullu starfi og lausráðnir. Þá lét Íris Svavarsdóttir af störfum sem rekstrarstjóri deildarinnar og þökkum við henni fyrir vel unnin störf.

Iðkendur okkar náðu góðum árangri á mótum ársins og á það jafnt við um allar fimleikagreinar, áhaldafimleika og hópfimleika. Aukning hefur orðið í keppnishópum í áhaldafimleikum karla, sem er einstaklega ánægjulegt, og hefur deildin ekki áður átt jafn marga keppendur á mótum í þeirri grein.

Vorsýning ársins var stórkostleg að vanda og er hún ávallt sá viðburður sem undirrituð heldur mest uppá á hverju ári hjá deildinni. Stemmningin á sýningunum var frábær og nánast fullt á allar sýningar. Gleðin og spennan í kringum sýninguna er einstök og eiga allir sem koma að uppsetningu sýningarinnar stórt hrós skilið. Það er alltaf jafn gaman að ljúka vetrarstarfinu með þessum hætti.

Fimleikadeildin hefur verið svo heppin að hafa góðan og öflugan hóp af sjálfboðaliðum á bak við sig. Ég hvet alla til að taka þátt í starfi deildarinnar, enda er þetta mjög gefandi starf og frábær vettvangur til að vera þáttakandi í starfi barnanna sinna.

Um leið og ég þakka iðkendum, verkefnastjórum, þjálfurum, starfsmönnum og sjálfboðaliðum fyrir þetta frábæra ár vil ég nota tækifærið og þakka þeim Álfheiði Sif Jónasdóttur og Gunnari Bjarnasyni, sem sitja með mér í stjórn deildarinnar, fyrir einstaklega frábært samstarf, bæði í ár sem og undanfarin ár. Þau kveðja nú stjórn deildarinnar og fyrir hönd fimleikadeildar Fjölnis þakka ég þeim kærlega fyrir allan þann tíma sem þau hafa gefið af sér og óeigingjarnt starf.

Áfram Fjölnir!

Fyrir hönd stjórnar fimleikadeildar Fjölnis,
Helga Ásdís Jónasdóttir, formaður.

Fimleikadeild Fjölnis var formlega stofnuð í maí 2002 en hafði starfað undir almenningsdeild Fjölnis frá haustinu 2001. Fimleikadeildin hefur verið ein sú fjölmennasta innan Fjölnis og hefur vaxið hratt undanfarin ár eins og sjá má á iðkendafjölda síðustu ára. Mikil eftirspurn er eftir plássum í alla grunnhópa og æfingahópa og erum við með keppnishópa í öllum þrepum og flokkum.



Deildin býður upp á fjölbreytt úrval æfinga fyrir iðkendur á öllum aldri.

## Bangsar - Kríli - Stubbar

Sunnudagsmorgnar voru, eins og síðustu ár, tileinkaðir iðkendunum okkar sem eru á leikskólaaldri, 2-4 ára. Mikil aðsókn er í þessa tíma hjá okkur og eftirspurnin mun meiri en það sem við náum að bjóða upp á.

## Grunnfimleikar

Fjölmennur hópur stúlkna og drengja stundaði æfingar í svokölluðum grunnfimleikum en það er upphaf fimleikaiðkunar. Iðkendur stunda æfingar þar í þrjú ár eða frá 5-7 ára aldri. Þar kynnast þau æfingahringjum, læra að fara eftir munnlegum og sýnilegum fyrirmælum þjálfara, auka líkamsvitund og líkamsstöður, kunna helstu heiti grunnæfinga og þekkja fimleikaáhöldin. Innan grunnfimleika eru hópar sem eru svokallaðir hraðferðarhópar en þar æfðu iðkendur sem voru tilbúin að takast á við töluvert krefjandi æfingar, lengri æfingatíma og hraðari yfirferð.

Grunnfimleikar skiptast í eftirfarandi hópa:

- Grunnhópar yngri 5-6 ára
- Grunnhópar eldri 6-7 ára
- Framhaldshópar 7-8 ára
- Hraðferð 5-8 ára

Þegar iðkendur eru að hefja sitt þriðja ár í grunnskóla stendur þeim til boða að velja sér hvaða leið þau hafa áhuga á að feta áfram í fimleikunum, keppnishópur í áhaldafimleikum eða hópfimleikum er algengt val en einnig er hægt að halda áfram í æfingahóp eða parkour.




## Áhaldafimleikar

Stúlkur og drengir frá 8 ára aldri æfðu áhaldafimleika og kepptu eftir reglum fimleikastigans á ýmsum fimleikamótum yfir árið.

## Hópfimleikar

Stúlkur og drengir frá 8 ára aldri æfðu hópfimleika og keppa eftir reglum code of points á ýmsum fimleikamótum. Þjálfarhópurinn hefur breyst lítilega, inn hafa komið efnilegir þjálfarar og hefur samvinna í þjálfarateymum gengið vel, sem skapar einstaklega góðan anda innan deilda.

## Æfingahópar

Við teljum mikilvægt að iðkendur sem hafa ekki áhuga á því að stunda keppni hafi tækifæri til þess að njóta þess að stunda fimleika á sínum forsendum og hraða.

## Parkour

Áhugi fyrir parkour heldur áfram að aukast. Boðið er upp á æfingar fyrir byrjendur og þá sem eru lengra komnir sem er ánægjulegt. Þjálfararnir hafa haldið vel utan um hópana.

## Leikfimi 60+

Samstarfi við Korpúlfa var haldið áfram enda hefur það gefist mjög vel. Fjöldi þeirra sem leggja leið sína út í Egilshöll til þess að hreyfa sig í fimleikasalnum okkar á þriðjudögum er orðinn mjög myndarlegur og telur líklega hátt í 70 manns. Það er greynilega mikil ánægja ánægja er með fyrirkomulag og æfingar leikfimishópsins.

## Vorsýning og sumaræfingar



Venjan er að vorönn hjá grunn og æfingahópum ljúki með vorsýningu í byrjun júni og var haldin glæsileg vorsýning laugardaginn 4. júní. Umsjón með sýningunni hafði Aníta Lív en henni til aðstoðar komu margir af þjálfurum deildarinnar. Sýningin heppnaðist frábærlega en haldnar voru 4 sýningar sem allar voru þétt setnar. Keppnishópar æfðu svo út júní og er alltaf gaman að sjá líf í salnum nánast allt árið um kring. En allir hópar eru í sumarfríi í júlí og hefja síðan æfingar eftir verslunarmannahelgi.

## Fimleikasambandsmót



Mótahald og keppnir voru ofarlega á baugi hjá keppnishópum deildarinnar.

Fjölnir tók að sér að halda tvö fimleikasambandsmót á árinu. GK mót fyrir yngri flokka í hópfimleikum var haldið í Fjölnishöll helgina 4. – 5. febrúar. Mótið var virkilega vel heppnað og glæsilegt í sniðum, eins og alvöru stórmót fyrir okkar yngstu keppendur.

Íslandsmót í áhaldafimleikum var svo haldið í fimleikasalnum okkar í Egilshöll helgina 25.- 26. mars. Það var virkilega vel að mótinu staðið og var sjónvarpið með útsendingu frá mótinu.

Þökkum við öllum þeim sem komu að mótahaldi á árinu fyrir þeirra framlag. Fjölnir sendi keppendur á öll Fimleikasambandsmótin sem fóru fram og var árangurinn flottur hjá okkar fólki.



## Sumarnámskeið Fjölnis

Sumarið 2023 var haldið áfram með sameiginlegt námskeið Fjölns fyrir 6-9 ára börn. Boðið var uppá Sumarnámskeið í hinum ýmsu greinum sem eru innan deilda Fjölnis. Hægt var að skrá síg á námskeið fyrir og eða eftir hádegi og valkvætt hvort börnin vildu kaupa hádegismat sem var í aðstöðu Shake and pizza. Fimleikanámskeið var í boði eftir hádegi í allt sumar og ágætis skráning á öll námskeiðin. Námskeiðið gekk vel í sumar og má búast við því að svipuð fyrirkomulagi verði haldið áfram sumarið 2024.

## Erlend verkefni og úrvalshópar á vegum Fimleikasambands Íslands

*Úrvalshópar*

Natalía Tunjeera var valin í úrvalshóp stúlkna í hópfimleikum. Úrvalshópurinn er úrtakshópur fyrir Evrópumót í hópfimleikum sem fer fram í Azerbaijan í október 2024.

*Æfingarferðir*

Farið var í æfingarferð til Ítalíu með 16 iðkendur í áhaldafimleikum stúlkna á aldrinum 10 – 13 ára. Ferðin heppnaðist frábærlega og var gott að komast í hitann og sólina.





## Íþróttakona Fimleikadeildar

**Natalía Tunjeera**

Natalía er uppalin Fjölniskona. Hún keppir með 1. flokk Fjölnis í hópfimleikum. Natalía hefur verið valin í úrvalshóp stúlkna í hópfimleikum. Natalía er góður liðsmaður, metnaðarfull og hvetjandi. Við erum mjög stolt af því að hafa Natalíu hjá okkur í Fjölni og erum spennt að fylgjast með henni.



## Íþróttakarl Fimleikadeildar

**Elio Mar Rebora**

Elio er uppalinn Fjölnismaður. Elio keppir í frjálsum æfingum í áhaldafimleikum karla, en það er hæðsta þrep í íslenska fimleikastiganum. Elio hefur verið meiddur en tekur yfirleitt þátt á öllum mótum á vegum Fimleikasambandsins. Elio er þjálfari hjá yngri hópum í Fjölni og er frábær fyrirmynd og metnaðafullur iðkandi sem og þjálfari. Við erum stolt af því að hafa Elio hjá okkur.

## Skrifstofa og þjálfarar

Berglind Bjarnadóttir er í fullu starfi sem starfsmaður fimleikadeildar á skrifstofu. Henni til halds og trausts er Viktor Elí Sturluson en hann er verkefnastjóri Hópfimleika og þjálfari. Verkefnastjórar sinna skrifstofustöfum samhliða þjálfun.
Hjá deildinni eru 20 þjálfarar, þar af eru 8 fastráðnir. Til viðbótar erum við líka með myndarlegan hóp af hlutastarfsmönnum og aðstoðarþjálfurum. Þjálfarar í salnum vinna vel saman.

Að lokum viljum við í stjórn fimleikadeildarinnar þakka öllum þjálfurum, starfsfólki og ekki síst iðkendum fyrir dugnað og metnað til að ná árangri síðastliðið ár. Góð samvinna allra er lykillinn að farsælu starfi deildarinnar. Að auki þökkum við öllum sjálfboðaliðum sem komið hafa að starfinu með einum eða öðrum hætti sl. ár fyrir þeirra störf. Við viljum einnig hvetja sem flesta foreldra að taka þátt í gefandi starfi deildarinnar. Deildinni óskum við velfarnaðar á nýju ári og horfum bjartsýn fram á nýtt fimleikaár í Fjölni. Gunnari Bjarnasyni og Álfheiði Sif Jónasdóttur þökkum við sérstaklega fyrir sitt starf í stjórn fimleikadeildarinnar til margra ára. Það er ómetanlegt að hafa haft svona reynslubolta í stjórninni og erum við þakklát fyrir ykkar framlag og óeigingjart starf í gegnum árin.




# FRJÁLSAR

Á aðalfundi frjálsíþróttadeildarinnar 7. febrúar 2023 var ný stjórn kjörin.
Stjórnina árið 2023-2024 skipa:

- Sigurgeir Björn Geirsson, formaður
- Auður Aðalbjarnardóttir, varaformaður
- Ágúst Jónsson, gjaldkeri
- Hreinn Ólafsson, meðstjórnandi
- Kristín Rut Kristinsdóttir, meðstjórnandi
- Vilhjálmur Jónsson, meðstjórnandi

# ÁVARP FORMANNS

Þær breytingar urðu á stjórninni að Þorgrímur Guðmundsson, Valgerður Sigurðardóttir og Bragi Birgisson hættu í stjórn, er þeim þakkað þeirra framlag til deildarinnar. Nýr inn í stjórnina kom Vilhjálmur Jónsson og er hann boðinn velkomin til starfa. Í stjórn FÍRR (Frjálsíþróttaráðs Reykjavíkur) situr formaður deildarinnar.

## Mótahald

Fyrsta verkefni ársins var að starfa við Reykjavík International Games ásamt fleiri félögum. RIG fór fram 5. febrúar og er eina alþjóðlega frjálsíþróttamót innanhúss sem haldið er hér á landi. Fjölnir átti 3 keppendur á RIG.

Frjálsíþróttadeild Fjölnis fékk úthlutað til umsjónar Meistaramóti Íslands innanhúss sem haldið var 18-19.febrúar, framkvæmd mótsins tókst vel og var deildinni til sóma.

Fjölnishlaup Olís var haldið í 35. sinni á uppstigningardag og var framkvæmd hlaupsins að mestu í höndum Hlaupahóps Fjölnis. Framkvæmd og umgjörð hlaupsins þótti takast afar vel og var deildinni til mikils sóma. Fjölnishlaup Olís er nú hluti að Gatorade sumarhlauparöðinni. 49 tóku þátt í 10 km hlaupinu, 48 tóku þátt í 5 km og 71 voru í skemmtiskokkinu.

Þann 1. júní héldum við okkar árlega Vormót Fjölnis fyrir krakka á aldrinum 11-15 ára. Mótið var haldið á frjálsíþróttavelli Reykvíkinga í Mjódd. Mótið var með hefðbundnu sniði og alls voru skráðir til leiks ríflega 100 keppendur.

Áramót Fjölnis var haldið 28. desember. Þátttaka var svipuð og árið 2022 en 82 keppendur tóku þátt.

Tvö innanfélagmót voru haldin fyrir iðkendur 6-10 ára, annars vegar Vormót og hins vegar Jólamót, en bæði mótin fóru fram í í frjálsíþróttahöllinni í Laugardal og var þátttaka góð og ánægja með viðburðina.

## Mótaþátttaka

Fjönir átti fjölmarga þátttakendur í öllum meistaramótum innanhúss, frá 11 ára til öldinga, auk fjölþrauta, en þau mót fóru fram í janúar og febrúar. Í viðbót við þónokkra verðlaunahafa þá féllu að vanda fjölmörg persónuleg met á þessum mótum.

Bikarkeppni FRÍ og Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri innanhúss var haldin 18. mars.Fjölnir sendi sameiginlega sveit með UFA í keppni 16 ára og eldri en átti ekki sveit hjá 15 ára og yngri.

Meistaramót utanhúss fóru fram í júní og júlí. Þátttaka var ágæt á MÍ 15-22 ára en með dræmara móti á önnur.

Bikarkeppni FRÍ og Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri utanhúss var haldin 12. ágúst. Fjölnir sendi sameiginlega sveit með UMSS í keppni 16 ára og eldri og endaði í 3ja sæti, en átti ekki sveit hjá 15 ára og yngri.

Í nóvember fóru Silfurleikar ÍR fram og bauð deildin iðkendum yngri flokka á mótið. Skráðu 40 iðkendur sig til leiks og skemmtu sér vel.

## Æfingar deildarinnar

Daði Arnarson hefur umsjón með hópum 10 ára og yngri (1.-4.bekk).
Signý Hjartardóttir sér einnig um þjálfun hópanna og Guðný Lára Bjarnadóttir hefur þjálfað hópana frá hausti.

Á vorönn voru þær Christina Alba Hafliðadóttir og Angela Ísabella Routley aðstoðarþjálfarar hópanna en á haustönn hafa þeir Kjartan Óli Bjarnson og Grétar Björn Unnsteinsson verið í því hlutverki. Hóparnir æfðu þrisvar í viku í Fjölnishellinun Egilshöll.

11-14 ára hópur er í umsjón Vilhelmínu Þór Óskarsdóttur (Minnu). Á vorönn sá Óskar Hlynsson um eina æfingu í viku, á móti Minnu.Aðstoðarþjálfarar voru Guðný Lára Bjarnadóttir og Grétar Björn Unnsteinsson. Minna og Guðný sáu um sumaræfingar hópsins og frá hausti hefur Daði Arnarson séð um eina æfingu í viku, á móti Minnu og aðstoðarþjálfarar verið þau Signý Hjartardóttir, Grétar Björn Unnsteinsson og Kjartan Óli Bjarnason.Hópurinn æfir í Fjölnishellinum og í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal, alls fjórar æfingar í viku.

11-14 ára hópurinn gerður sér glaðan dag í október og fóru saman í Skopp. Þátttaka var frábær og skemmtu allir sér konunglega. Hins vegar mætti þátttaka í mótum vera betri hjá þessum hópi.

14-16 ára hópur var í umsjón Matthíasar Más Heiðarssonar fram að haustönn en er nú í umsjón Óskars Hlynssonar. Hópurinn æfir í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal og í Fjölnishellinum. Æft er 5 sinnum í viku.

Meistaraflokkur 17 ára og eldri æfir nú undir stjórn Matthíasars Más Heiðarssonar en var í umsjón Óskars Hlynssonar fyrri hluta árs. Theodór Karlsson er tækniþjálfari hópsins. Æfingar fram í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Æft er 5-6 sinnum í viku.

Sumaræfingar allra flokka, 10 ára og eldri fóru fram frjálsíþróttavellinum í Mjódd. Óskar Hlynsson sér um æfingar fyrir fullorðna iðkendur tvisvar til þrisvar sinnum í viku. Sá hópur hefur átt erfit uppdráttar eftir C-19.

Hópur iðkenda í elstu tveimur hópunum fóru í æfingarferð til Portúgal um páskana þar sem rúm vika var vel nýtt í æfingar í sól og blíðu, ýmist á velli, lyftingasal eða á ströndinni.



## Árangur iðkenda

Árangur okkar iðkenda hefur verið mjög góður á árinu 2023 og erum við mjög bjartsýn á framhaldið. Margir eru að bæta sig stórlega og vinna góða persónulega sigra og það verður mjög gaman að fylgjast með framhaldinu.

Landsliðshópur 2023 var gefinn út í desember 2022 og í þeim hópi á Fjölnir fjóra iðkendur þau Bjarna Anton Theódórsson, Guðmund Ágúst Thoroddsen, Kjartan Óla Ágústsson og Vilhelmínu Þór Óskarsdóttur.

Í úrvalshópi FRÍ fyrir árið 2023/2024 hafa verið valin frá Fjölni; Pétur Óli Ágústsson, Grétar Björn Unnsteinsson og Christina Alba Marcus Hafliðadóttir Að auki var Guðný Lára Bjarnadóttir valin í unglingalandsliðið í víðavangshlaupum.

Afreksfólk deildarinnar var valið í desember. Að þessu sinni voru valin Helga Þóra Sigurjónsdóttir, hástökkvari, og Bjarni Anton Theódórsson, 400m hlaupari. Helga Þóra var að auki valin íþróttakona Fjölnis 2023.

Tvö íslensk aldursflokkamet voru sett af Fjölnismanninum Grétari Birni Unnsteinssyni á árinu. Annarsvegar í stangarstökki utanhúss í U-18 ára flokki, 4,24 m, sett á Unglingalandsmótinu á Sauðárkróki í ágúst. Hinsvegar í stangarstökki innanhúss í U-18 flokki, 4,32 m, sett á Áramóti Fjölnis í lok árs.



## Íslandsmeistarar á árinu 2023

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Kjartan Óli Ágústsson** | 2002 | 400m hlaup pilta 20-22 ára | utanhúss |
| **Kjartan Óli Ágústsson** | 2002 | 800m hlaup pilta 20-22 ára | utanhúss |
| **Arnar Borg Emilsson** | 2007 | 400m grind pilta 16-17 ára | utanhúss |
| **Christina Alba Marcus Hafliðadóttir** | 2007 | Langstökk stúlkna 16-17 ára | utanhúss |
| **Katrín Tinna Pétursdóttir** | 2003 | Stangarstökk 20-22 ára | utanhúss |
| **Kjartan Óli Ágústsson** | 2002 | 400m hlaup pilta 20-22 ára | innanhúss |
| **Kjartan Óli Ágústsson** | 2002 | 800m hlaup pilta 20-22 ára | innanhúss |
| **Grétar Björn Unnsteinsson** | 2006 | Stangarstökk pilta 16-17 ára | innanhúss |
| **Katrín Tinna Pétursdóttir** | 2003 | Stangarstökk 20-22 ára | innanhúss |
| **Helga Þóra Sigurjónsdóttir** | 2000 | Hástökk kvenna | utanhúss |
| **Aron Magnússon** | 2010 | 60m grind pilta 13 ára | innanhúss |
| **Eva Unnsteinsdóttir** | 2012 | 400m hlaup stúlkna 11 ára | innanhúss |
| **Eva Unnsteinsdóttir** | 2012 | Kúluvarp stúlkna 11 ára | innanhúss |
| **Ágúst Jónsson** | 1973 | 60m hlaup 45 til 49 ára | innanhúss |

## Íslandsmeistarar á árinu 2023

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Ágúst Jónsson** | 1973 | 200m hlaup 45 til 49 ára | innanhúss |
| **Ágúst Jónssonn** | 1973 | 400m hlaup 45 til 49 ára | innanhúss |
| **Jósep Magnússon** | 1977 | 800m hlaup 45 til 49 ára | innanhúss |
| **Jósep Magnússon** | 1977 | 1500m hlaup 45 til 49 ára | innanhúss |
| **Jósep Magnússon** | 1977 | 3000m hlaup 45 til 49 ára | innanhúss |

## Fjárhagur

Fjárhagur frjálsíþróttadeildarinnar er í mjög góðu jafnvægi og er ásættanlegur rekstrar afgangur í lok árs fyrir utan annan rekstrarkostnað sem þarfnast nánari skoðunar. Fjárhagslegur styrkur deildarinnar er hvatning fyrir stjórn að bæta aðstöðu og auka tækniþjálfun, en lengi hefur verið kallað eftir aukinni kastþjálfun meðal iðkenda deildarinnar.

## Aðstöðumál

Innanhússaðstaðan fyrir frjálsíþróttafólk í Laugardalnum er góð, hins vegar var frjálsíþrótta- aðstaða utanhúss í Laugardal ónothæf allt árið 2022 vegna skemmda á vellinum. Deildin hefur átt í samstarfi við Aftureldingu í mörg ár og æft á Varmárvelli. Aðstaða þar er ekki góð og þarfnast mikils viðhalds. Frjálsíþróttadeild Fjölnis ákvað að slíta þessu samstarfi og nýta sér nýja og fullkomna vallaraðstöðu á Frjálsíþróttaelli Reykvíking í Mjódd til sumaræfinga.

Innanhússaðstaðan í Egilshöll var tekin í notkun í ársbyrjun 2020 og er alger bylting fyrir deildina, ásókn hjá yngstu hópunum er margföld og er mikil ánægja með aðstöðuna. Deildin stóð fyrir sumarnámskeiði í samstarfi við skrifstofu Fjölnis og var þátttaka afar góð og sótti á annað hundrað barna þau námskeið. Guðný Lára Bjarnadóttir hafði umsjón með þessum námskeiðum.

## Yfirlit yfir starfsemi Hlaupahóps Fjölnis starfsárið 2023

Skokkhópur Fjölnis hélt styrk sínum árið 2023 undir öryggri leiðsögn Jóns Odds Guðmundsonar sem tók við þjálfun hópsins á vormánuðum 2022.

Æfingar eru fjórum sinnum í viku. Á mánudögum hleypur hópurinn frá Egilshöll kl. 17:30 en hópurinn hefur aðgang að Hellinum í Egilshöll efir hlaup fyrir teygjur og styrktar æfingar. Á miðvikudögum hleypur hópurinn frá sundlaug Grafarvogs kl. 17:30 en hópurinn hefur aðgang að anddyri sundlaugarinnar efir hlaup fyrir teygjur.

Á fimmtudögum yfir vetrartímann hittist hópurinn kl. 17:00 og hitar upp fyrir brautaræfingu í Frjálsíþróttahöllinni Laugardal. Venjulega þegar höllin lokar á vorin hleypur hópurinn frá hinum ýmsum stöðum sem tilkynnt er um í æfingarappi. Í sumar var töluvert um utanvegahlaup á fimmtudögum sem mældist vel fyrir Á laugardögum eru síðan löng hlaup frá tækjunum við Gullinbrú, kl. 9:30 yfir sumartímann en kl. 10 yfir dimmustu vetrarmánuðina.

Byrjendanámskeið var haldið í september og þátttaka nokkuð góð og góðu fréttirnar eru að sumir þeirra sem á byrjuðu eru enn að.

Afrekaskráin stækkaði einnig á milli ára þar sem meðlimir tóku þátt í hinum ýmsum greinum, ber þar að nefna Reykjavíkurmaraþonið í ágúst og önnur hlaup víðsvegar um landið á árinu.l. Árshátíð hlaupahópsins (Áslákur) var að venju haldin í nóvember og heppnaðist einkar vel.

F.h. stjórnar, Sigurgeir Geirsson formaður





# HANDBOLTI

Á aðalfundi handboltadeildarinnar 21. febrúar 2023 var ný stjórn kjörin.
Stjórnina árið 2023-2024 skipa:

- Davíð Arnar Einarsson, formaður
- Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, meðstjórnandi
- Magnús Þór Arnarson, meðstjórnandi
- Halldór Torfi Pedersen, meðstjórnandi
- Sveinn Þorgeirsson, meðstjórnandi
- Birkir Guðsteinsson, meðstjórnandi
- Þorgeir Lárus Árnason, meðstjórandi
- Róbert Runólfsson, varamaður

# ÁVARP FORMANNS

Handknattleiksdeild Fjölnis rekur þrjár deildir en þær eru barna- og unglingadeild (BUR), meistaraflokk kvenna og meistaraflokk karla.

Rekstur deildarinnar hefur verið þungur en þá aðallega rekstur meistaraflokkanna. Rekstur BUR var í jafnvægi sem er grundvallaratriði í rekstri deildarinnar. Meistaraflokkarnir eru þrátt fyrir allt ódýrir í rekstri miðað við meistaraflokka annarra liða. Deildin þarf að fara í átak í að safna fjármunum til rekstursins en það þarf að vera fókuspunktur deildarinnar að sækja styrki og fara í fjáraflanir til að fjármagna starfið.

Meistaraflokkar handknattleiksdeildar hófu haustið 2023 að leika sína heimaleiki í Fjölnishöll sem er inniboltahúsið við Egilshöll. Aðstaða deildarinnar hélt svo áfram að taka framförum undir lok árs 2023 þegar meistaraflokksliðin fengu sína eigin klefa til afnota eftir að gengið var frá tengingu á sturtum o.þ.h. Það er mjög ánægjulegt að Fjölnishöllin sé því loks að verða fullbúinn heimavöllur liðanna.

## BUR

Barna- og unglingaráð hefur yfirumsjón yfir barna- og unglingastarfi deildarinnar en þeir flokkar sem heyra þar undir eru 8.fl. til 3.fl. Að jafnaði gekk starfið vel á árinu og þá sérstaklega þegar horft er til þess að iðkendum fjölgaði verulega á árinu en það var markmið númer eitt fyrir tímabilið.

BUR horfir björtum augum á framtíðina í handboltanum í Grafarvogi en stefnan hefur verið sett á meiri fjölgun iðkenda og að það verði gert með kynningu á starfinu inn í hverfunum og í skólunum. Það var einmitt ein af breytingunum sem gerð var á árinu en yngri flokkar deildarinnar æfa handbolta i íþróttarhúsum skólanna sinna. Þessi breyting hefur leitt til fjölgunar iðkennda í yngstu flokkunum en vonandi heldur sú þróun áfram.

Við teljum okkur vera með úrvalsþjálfara í sérhverjum flokki ásamt því að hafa góðan yfirþjálfara, Gunnar Val, sem stýrir starfinu af mikilli framsýn og heilindum. Samstarf BUR og yfirþjálfara hefur verið farsælt og við erum ánægð með starf Gunnars en hann hefur góða yfirsýn yfir starfið ásamt því að vera í góðum tengslum við iðkendur og foreldra.

Hluti af starfi barna- og unglingaráðs er að skipuleggja og hafa yfirumsjón með fjölliðamótum sem deildinni er úthlutað en bæði er um að ræða Íslandsmót og bikarmót. Ekki væri hægt að halda þessi mót nema með stuðningi sjálfboðaliða og iðkenda, ásamt hefðbundum störfum barna- og unglingaráðs.

Deildin endurnýjaði samstarfsamninginn á milli Fjölnis og Fylkis í elstu flokkunum en félögin hafa verið í samstarfi í nokkur ár. Samstarfið hefur gengið mjög vel á árinu og hafa bæði iðkendur og forráðamenn verið til fyrirmyndar.

Fyrir tímabilið var ákveðið að setja á fót sérstakt umsjónarráð Fjölnis/Fylkis sem hefur umsjón og eftirlit með samstarfinu. Ráðið var skipað af 3 fulltrúum frá hverju félagi sem hittist að lágmarki einu sinni í mánuði. Umsjónarráðið er skipað úrvalsfólki sem hefur velferð flokkanna og samstarfsins að leiðarljósi. Þessir aðilar hafa staðið sig frábærlega og hafa þau verið einn lykilþátturinn í góðu samstarfi félganna.

Ekki má gleyma afrekshópnum okkar en við í BUR erum ákaflega stolt af því að eiga nokkra iðkendur í yngri landsliðum bæði karla og kvenna.

Að lokum viljum við þakka þeim styrktaraðilum sem við erum svo heppin að fá í samstarf með okkur. Einnig vill BUR þakka öllum sem hafa styrkt starfið á liðnum árum bæði með peningagjöfum og ómetanlegri vinnu. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs, án góðra bakhjarla og góðs hóps af sjálfboðaliðum væri starfið án efa ekki á þeim stað eins og það er í dag.





## Meistaraflokkur kvenna



Meistaraflokkur kvenna er í umsjón Meistaraflokksráðs kvenna sem hefur á að skipa völdu fólki. Undanfarin ár hefur kvennastarfið hjá Fjölni verið í uppbyggingarfasa eftir að hafa lent í mikilli krísu fyrir nokkrum árum. Þetta uppbyggingarstarf krefst tíma og þolinmæði en við sjáum ljósið við enda ganganna í dag. Efnilegir leikmenn úr yngri flokkunum eru byrjaðir að stíga upp og setja mark sitt á liðið, leikmenn sem munu leiða meistaraflokkinn í framtíðinni.



Töluverðar væntingar voru fyrir tímabilið 2022/2023 og gekk æfingartímabilið vel. Meiðsladraugurinn setti hins vegar strik í reikninginn og endaði í neðsta sæti á tímabilinu. Engu að síður var augljós bæting á spilamennsku liðsins. Eins og staðan er í dag er liðið í næst neðsta sæti fyrir tímabilið 2023/2024.



Af þessu leiðir hefur meistaraflokksráðið ekki horft á stöðu liðsins í töflunni heldur frekar á þróun liðsins og kvennastarfsins í heild. Hluti af þessari þróun var að endursemja við Gunnar Val sem þjálfara meistaraflokksins en hann er einnig þjálfari 3. fl. kvk. Nýir aðilar gengu inn í meistaraflokksráðið og hafa þau komið inn með miklum krafti. Spennandi tímar eru því framundan hjá flokknum.



## Meistaraflokkur karla



Í upphafi árs var meistaraflokkur karla með tvö lið í rekstri þ.e. bæði aðallið sem spilaði í Grill-66 deildinni og U-lið sem spilaði í 2. deild. Aðalliðið endaði í 4. sæti í deildinni og lék því í umspilskeppni um sæti í Olísdeildinni. Liðið byrjaði á því að slá lið Þórs úr keppni með sigri í tveimur leikjum og tók því næst við úrslitaeinvígi við Víking. Það reyndist æsispennandi rimma sem endaði í fimm leikjum þar sem Víkingur vann fyrstu tvo leikina en Fjölnisstrákarnir komu sterkir til baka og unnu tvo næstu leiki. Það endaði svo með því að Víkingur marði sigur á síðustu sekúndum fimmta leiks. Nú í vetur spilar liðið aðeins fram einu liði sem spilar í Grill-66 deildinni. Deildin hefur verið mjög jöfn í vetur og verða því lokaumferðirnar æsispennandi.



Þá tók meistaraflokkur karla þátt í Powerade bikarnum sl. haust, liðið sló lið Harðar út í fyrstu umferð en þurfi að lúta í lægra haldi fyrir Olísdeildarliði KA í annarri umferð (16 liða úrslit).

Stjórn handknattleiksdeildar þakkar sjálfboðaliðum og öðrum velunnurum deildarinnar og hvetur enn fleiri til að taka þátt í starfi deildarinnar á komandi árum. Þá þakkar stjórnin starfsfólki á skrifstofu Fjölnis og aðalstjórn félagsins fyrir samstarfið og stuðninginn við deildina. Þá vill deildin koma sérstökum þökkum til starfsfólks í Fjölnishöll sem hafa verið afskaplega hjálpleg við undirbúning og frágang eftir leiki á vegum deildarinnar.





# ÍSHOKKÍ

Á aðalfundi íshokkídeildarinnar 8. febrúar 2023 var ný stjórn kjörin.
Stjórnina árið 2023-2024 skipa:

- Elín D. Guðmundsdóttir, formaður
- Ásta Hrönn Ingvarsdóttir, gjaldkeri
- Margrét H. Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi
- Kristján Valdimar Þórmarsson, meðstjórnandi
- Karvel Þorsteinsson, meðstjórnandi
- Hallur Árnason, meðstjórnandi
- Birkir Björnsson, meðstjórnandi

# ÁVARP FORMANNS

Starf stjórnar hefur gengið með ágætum í ár og góður taktur hefur verið í starfinu. Starf stjórnarinnar hefur af einkennst af heilindum. Þrátt fyrir að alltaf hafi kannski ekki verið einhugur um ákvarðanir stjórnar í ár. Oftast var samhljómur og einhugur í ákvörðunum stjórnar, í þeim fáu tilvikum þar sem erfiðar gekk að finna lausn þá unnu allir stjórnarmenn að heilindum við úrlausn þeirra mála.

Stjórnin tók við í lok febrúar 2023 og var vel mönnuð strax í upphafi og var mynduð 7 manna stjórn. Á tímabilinu breyttist hins vegar skipan stjórnar og nýir aðilar komu inn í starfið með krafti. Karvel sagði sig úr stjórn vegna anna í vinnu en hefur ávallt verið okkur innan handar með öll þá mál sem við höfum leitað til hans með. Hallur hins vegar fann gömlu SR treyjuna sína og rataði tímabundið aftur í Laugardalinn.Nú um áramót kom svo Brynjar inn í þeirra stað.

Frá hausti og fram til áramóta var því stjórnin því miður fremur fámenn og verkefnin dreifðust því á færri hendur. Sérstaklega hefur mætt mikið á Elínu formanni sem og Ástu gjaldkera og Kristjáni. Mig langar sérstaklega að þakka þeim fyrir þeirra störf í vetur.

Stærsta mál þessarar stjórnar var að klára samningsmál yfirþjálfara deildarinnar, Emils Ålengard. Emil hefur starfað hjá okkur sem yfirþjálfari síðastliðin 3 ár og á þeim tíma orðið stór hluti af okkar frábæra klúbbi og leitt starfið af mikilli ástríðu og fagmennsku. Nú rétt fyrir áramótin barst tilkynning þess efnis að samningi Emils hefði verið rift og að hann myndi að óbreyttu starfa hjá okkur út mars. Í framhaldi af tilkynningunni bárust stjórninni fjölmörg erindi, áskoranir og undirskriftir frá foreldrum iðkenda og leikmönnum meistaraflokka okkar þar sem skorað er á stjórn að endurskoða þessa ákvörðun. Það var gert og fól stjórnin þeim Birki og Brynjari það verkefni að vinna að lausn samningsmála þar til að ný að stjórn tæki við og hefur sú vinna verið í gangi. Mig langar aftur að fá að nota tækifærið biðjast afsökunar á því hvernig að þessu máli var staðið.

Emil Ålengard aftur þykir okkur miður hvernig að þessu var staðið og fyrir hönd stjórnar vil ég biðja þig aftur afsökunar. Þrátt fyrir þetta þá leiddir þú starfið af fagmennsku og ástríðu, ég held að mér sé óhætt að segja að Fjölnir/Björninn sé klúbburinn þinn og við erum þér þakklát fyrir það óeigingjarna starf sem þú hefur unnið síðastliðin ár.

Þetta mál og þessi tími var alls ekki auðveldur en öll él styttir upp um síðir og það er okkar trú að við séum nú enn sterkari og sameinuð eftir þetta. Það þýðir þá líka að saman verðum við að finna að lausn. Við sýndum það hve sterk við erum sameinuð og á því þarf að byggja núna. Við erum öll klúbburinn;, foreldrar, iðkendur, leikmenn, aðstandendur og stjórn.

Nýrrar stjórnar býður spennandi en krefjandi verkefni að halda áfram uppbyggingunni, sækja tekjur og auka samvinnu okkar við önnur aðildarfélög, sérsamband, móðurfélag og iðkendur.

Allt starf stjórnar er sjálfboðastarf og er það oft á tíðum ósérhlífið. Á tímum fylgir starfinu álag og oft erfið samskipti og ákvarðanir sem þarf að taka. En á sama tíma er það afskaplega gefandi og það er gaman að vera þátttakandi í starfi sem þessu, sjá deildina stækka og börn og iðkendur vaxa í íþrótt sem við öll elskum. Til þess að vöxtur geti haldið áfram þarf að virkja fleiri einstaklinga í sjálfboðastarf og virkja þarf betur foreldraráð og starf foreldra í yngri flokkum. Íshokkí er frekar mannfrek íþróttagrein þegar leikir eru annars vegar og heilt yfir mættu foreldrar / forráðamenn vera öflugri við að aðstoða við starfið í kringum leikina.

Að vanda hefur sjoppan okkar verið í góðum höndum Kristínar og Hafdísar. Það er ómetanlegt fyrir deildina að þær séu til taks og taki að sér þennan rekstur, það er fátt betra fyrir andlega heilsu en að stoppa þar, fá sér kaffi og ræða guð og mennina. En þetta er ekki bara gott fyrir andlega heilsu og vináttu. Í ár hafa þær styrkt félagið um tæplega 3 milljónir og er það fyrir utan alla pekkina, kaffið, diskana, bollana, mjólkina, matinn fyrir nemendur Borgarholtsskóla sem senda út leiki mfl., ég er eflaust að gleyma einhverju. Þeirra starf er algjörlega ómetanlegt, hvort sem horft er til þeirra fjármuna sem deildin fær eða þeirrar staðreyndar að þær eru alltaf til taks og til aðstoðar. Ég vill hvetja þá stjórn sem er að taka við að auka enn frekar samstarfið og samskiptin við Bjarnabúðina.



## Yngri flokkar




Þjálfarastarf yngri flokka hefur verið í höndum Andra, Emil, Lauru, Martin, Þóris, Kristjáns Hróars og auk þess hafa margir aðstoðað við þjálfun, foreldrar og leikmenn yngri flokka. Skautaskólinn hefur verið í höndum Andra og hefur verið góður gangur í skólanum og nemendum hefur farið fjölgandi.




U8-10-12 hafa verið í höndum Emils og Lauru auk þess leikmenn yngri liða okkar hafa verið að aðstoða við þjálfun þessara hópa. Þessir hópar hafi því miður staðið í stað á milli ára og þurfum við að leita leiða til þess að fjölga iðkendum í þessum hópum.

U14 hafa verið í höndum Þóris og Kristjáns Hróars. Gengi þeirra hefur verið flott í ár og meðal annars var farið norður og bikar sóttur.

U16 og U18 hefur verið í höndum Martin. Það hefur verið brekka fyrir U16 ára liðið okkar í ár enda er liðið ungt og mikið skipað af yngri leikmönnum. U18 ára liði okkar hefur gengið upp og niður það er einnig skipað mörgum yngri leikmönnum.Það er ljóst að það er ekki gott hve þunnskipuð við erum í þessum aldurshópum. Þetta aldursstig er mikilvægt því þarna eru leikmenn sem eiga að verða framtíð meistaraflokka okkar og því nauðsynlegt að hlúa vel að þeim og halda þeim við efnið.

Við eigum góðan efnivið í öllum flokkum en halda þarf vel um starf yngri flokkana og tryggja að allir iðkendur haldi áfram, jafnframt þarf að halda áfram sókninni og fjölga iðkendum enn frekar. Munur er á fjölda iðkenda á milli flokka og ákveðnir flokkar eru fámennir og þarf að hugsa sérstaklega vel um þá flokka og tryggja að ekki komi göt í aldurshópa.



## Meistaraflokkur kvenna

Það hefur verið stefna okkar að styðja enn betur við kvennastarfið og ákveðið var að fjárfesta enn betur í því og hófst það verkefni veturinn 2020 – 2021. Það hefur skilað sér og höfum við barist um titilinn síðastliðin ár og munum við aftur berjast við lið SA um titilinn í ár, við þurfum að fjölmenna í stúkuna og styðja okkar konur til sigurs í ár.

Eins og áður kom fram þá hefur það verið stefnumál síðastliðinna stjórna að byggja upp kvenna íshokkí og er það mikilvægt að halda þessu mikilvæga starfi áfram, það hefur verið skemmtilegt að sjá að töluvert að nýjum stúlkum hafa verið að byrja í vetur og vonandi heldur sú þróun áfram.



## Meistaraflokkur karla

Gengi mfl. karla í ár hefur verið upp og niður í ár. Nú rétt fyrir áramót voru þjálfaraskipti þegar að Emil Ålengard steig til hliðar og ætlar hann sér að einbeita sér að því að vera leikmaður meistaraflokks í ár en ekki vera spilandi þjálfari eins og áður. Við tók Gunnar Guðmundsson. Var leikjafríið í janúar notað til þess að stilla liðinu saman og sækja leikmenn sem höfðu tekið sér pásu. Nú hafa um 30 leikmenn verið á æfingum og mikil samkeppni um stöður, sem er gott. Margir reynslumiklir leikmenn sneru til baka ásamt því að efnilegir leikmenn úr u-18 ára liði okkar hafa æft og spilað með þeim. Deildinni er ekki lokið og við erum ennþá í séns í að spila til úrslita í ár, og mikilvægir leikir framundan sem þýðir einfaldlega allir í höllina og hvetja okkar menn.

## Framundan

Framundan eru bjartir tímar og er fráfarandi stjórn þakklát því trausti og stuðningi sem henni hefur verið sýnt. Það verður gaman að sjá starfið, deildina og íþróttina dafna undir forystu nýrrar stjórnar. Með sterku þjálfarateymi undir forystu Emil Alengard er framtíðin björt fyrir Íshokkídeild Fjölnis og íshokkí á Íslandi sömuleiðis.

Iðkendum hefur ekki fjölgað eins og okkar vonir stóðu til og er fjöldi iðkenda nánast sá sami á milli ára. Þetta er gömul og ný áskorun sem ný stjórn þarf að takast á við, sem og við öll sem stöndum að deildinni að gera betur og standa saman í því að byggja upp íshokkí, því eitt er ljóst í huga okkar að allt of fáir séu að njóta þessarar frábæru íþróttar og alls því góða fólks sem stendur að deildinni okkar.

Kærar þakkir fyrir okkur,
Áfram Fjölnir










# KARATE

Á aðalfundi karatedeildarinnar 15. febrúar 2023 var ný stjórn kjörin.
Stjórnina árið 2023-2024 skipa:

- Þorsteinn Yngvi Guðmundsson, formaður
- Esther Hlíðar Jensen, gjaldkeri
- Valborg G. Guðjónsdóttir, ritari
- Sigríður Jóna Ólafsdóttir, meðstjórnandi
- Sif Ólafsdóttir, meðstjórnandi
- Sigríður Þórdís Pétursdóttir, meðstjórnandi
- Willem Cornelis Verheul, meðstjórnandi

# ÁVARP FORMANNS

Árið 2023 byrjaði með með heldur hefðbundnari hætti en árin tvö á undan. Deildin hefur þó ekki farið varhluta af þeim breytingum sem víða virðast hafa orðið á iðkun jaðaríþrótta þar sem iðkendum fækkar.

Karatedeildin tók þátt í þeim mótum sem í boði voru með ágætum árangri.

Venju samkvæmt voru haldnar æfingabúðir og beltapróf undir leiðsögn Sensei Steven Morris. Þetta er 18. árið í röð sem Sensei Steven kemur til að kenna og staðfesta árangur iðkenda.

Karatekona og karatemaður ársins voru valin Klára Ólöf Kristjánsdóttir og Gabríel Sigurður Pálmason. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þau verða bæði fyrir valinu. Auk þess hlotnaðist Gabríel sá heiður að verða valinn sem Íþróttakarl Fjölnis árið 2023.

Stjórn hefur unnið að þeim markmiðum sem sett voru fyrir deildina fyrir fáeinum árum. Þessi markmið snúa að félagsstarfinu, árangri í íþróttinni og rekstri deildarinnar.

Ný stjórn tók við störfum að loknum aðalfundi í febrúar 2023. Hana skipa: Þorsteinn Yngvi Guðmundsson formaður, Esther Hlíðar Jensen gjaldkeri og Valborg Guðrún Guðjónsdóttir ritari. Meðstjórnendur eru Willem Cornelis Verheul yfirþjálfari deildarinnar, Sigríður Jóna Ólafsdóttir, Sif Ólafsdóttir og Sigríður Þórdís Pétursdóttir.
Verkefni stjórnarinnar voru með nokkuð hefðbundnum hætti en þó þannig að leggja varð áherslu á nýliðun iðkendahópnum í ljósi brottfalls hjá þeim sem áður höfðu æft íþróttina. Þetta virðist nokkuð algeng staða hjá jaðaríþróttafélögum á landinu.



## Þjálfarar








Karatedeildin býr að reynslumiklu þjálfarateymi. Þar fer fyrir vöskum hópi yfirþjálfari er sem hefur leitt starfsemina frá stofnun deildarinnar, Willem Cornelis Verheul, 5. dan sem er ábyrgur fyrir öllu starfi í þjálfunaraðstöðu deildarinnar. Aðstoðaryfirþjálfari er Snæbjörn Willemsson Verheul, 3. dan.

Auk ofangreindra starfar lítill hópur aðstoðarþjálfara, ungir iðkendur sem eiga það sameiginlegt að hafa lokið svartbeltisgráðun. Einn hluti settra markmiða deildarinnar lýtur að því að vinna að framgangi þeirra sem áhuga hafa á að koma að þjálfun annara iðkenda. Þetta er gert bæði til að tryggja að deildin hafi aðgang að fólki með næga þekkingu á karatetæknilegum atriðum sem og starfinu innan deildarinnar. Þannig hafa yngri iðkendur fengið tækifæri til að leggja hönd á plóg með öðrum reynslumeiri þjálfurum.

Það hefur sýnt sig að brottfall iðkenda kemur gjarnan til um 16 ára aldurinn þegar grunnskóla lýkur og fleiri breytingar verða í umhverfi unglinganna. Þá hefur reynst deildinni ágætlega að bjóða nemendum sem vilja draga úr stífum æfingum að taka að sér þjálfun frekar en að hverfa alveg frá íþróttinni.

## Starfsárið

Ein þeirra áskorana sem deildin glímir nú við er að fáir iðkendur keppa fyrir hönd deildarinnar. Þar má betur gera, bæði innan deildarinnar, en einnig geta aðstandendur kvatt sitt fólk til dáða. Mótin eru skemmtileg og þar kynnast keppendur öðrum iðkendum sem hafa svipaðan metnað.

Ein þeirra áskorana sem deildin glímir nú við er að fáir iðkendur keppa fyrir hönd deildarinnar. Þar má betur gera, bæði innan deildarinnar, en einnig geta aðstandendur kvatt sitt fólk til dáða. Mótin eru skemmtileg og þar kynnast keppendur öðrum iðkendum sem hafa svipaðan metnað.

# Innlend mót

## RIG

| | |
|---|---|
| **Gabríel Sigurður Pálmason** | Brons í kata flokki ungmenna karlaflokki |
| **Aron Builam Jónsson** | Brons í kumite, flokki pilta undir 14 ára aldri og yfir 50 kg |

## Íslandsmeistaramót unglinga í kata

| | |
|---|---|
| **Gabríel Sigurður Pálmason** | Gull í kata 15 ára pilta |

## Íslandsmeistaramót unglinga í kumite

| | |
|---|---|
| **Aron Builam Jónsson** | Gull í kumite pilta 14-15 ára, |
| **Klara Ólöf Kristjánsdóttir** | Brons í kumite stúlkna 14-15 ára, |

## GrandPrix 1

| | |
|---|---|
| **Gabríel Sigurður Pálmason** | Gull kata 16-17 ára pilta |
| **Adríana Emma McCabe** | Silfur í kata 12 ára stúlkna |
| **Aron Builam Jónsson** | Brons í kumite 14 ára pilta |

## GrandPrix 2

| | |
|---|---|
| **Gabríel Sigurður Pálmason** | Gull kata 16-17 ára pilta |
| **Adríana Emma McCabe** | Silfur í kata 12 ára stúlkna |
| **Klara Ólöf Kristjánsdóttir** | Brons í kumite 14-15 ára stúlkna |

## GrandPrix 3

| | |
|---|---|
| **Gabríel Sigurður Pálmason** | Silfur í kata 16-17 ára pilta |
| **Adríana Emma McCabe** | Brons í kata 12 ára stúlkna |
| **Aron Builam Jónsson** | Brons í kumite 14 ára pilta |
| **Hildur María Torfadóttir** | Brons í kumite 14-15 ára stúlkna, |

## Erlend mót

Auk ofangreindra móta keppti Fjölnisfólk á innanfélagsmóti hjá Kobi Osaka International í Skotlandi, þar sem þrjú félög tóku þátt. Þar kom Fjölnisfólk, sá og sigraði.

| | |
|---|---|
| **Gabríel Sigurður Pálmason** | Gull í kata pilta 16 ára og eldri |
| **Gabríel Sigurður Pálmason** | Gull í kata 14-15 ára pilta |
| **Klara Ólöf Kristjánsdóttir** | Gull í Gladiator 14-15 ára |
| **Hildur María Torfadóttir** | Gull í kumite 12-13 ára stúlkna |
| **Gabríel Sigurður Pálmason** | Gull í kumite 14-15 ára pilta |
| **Aron Builam Jónsson** | Silfur í kumite 14-15 ára pilta |
| **Klara Ólöf Kristjánsdóttir** | Silfur í kumite 12-13 ára stúlkna |
| **Aron Builam Jónsson** | Silfur í kata 14-15 ára pilta |
| **Klara Ólöf Kristjánsdóttir** | Brons í kata 14-15 ára stúlkna |
| **Hildur María Torfadóttir** | Brons í kata 12-13 ára stúlkna |

## Félagsstarfið

Innan deildarinnar hafa að jafnaði verið um 90 iðkendur á hverri önn. Þeir reyndust heldur færri þetta árið.

Karatedeildin heldur að jafnaði úti æfingum sex daga vikunnar. Æfingafyrirkomulag er þannig að byrjendur fá að jafnaði tvær kennslustundir í viku á meðan lengra komnir fá þrjár kennslustundir. Því til viðbótar fá þeir iðkendur sem eru í afrekshópi, sem rekinn er sameiginlega með Karatedeild Aftureldingar, þrjár aukaæfingar á viku.

## Karateiðkendur ársins

### Karatekona Fjölnis



### Klara Ólöf Kristjánsdóttir

Klara hóf nýverið að keppa fyrir alvöru og hefur fyrst og fremst einbeitt sér að keppni í kumite hluta karate. Í ár náði hún tvisvar á verðlaunapall á Íslandi. Fékk brons á Íslandsmeistaramóti unglinga í kumite í flokki 14-15 ára stúlkna og fékk einnig bronsverðlaun á 3. GrandPrix móti Karatesambands Íslands í sama flokki.

Klara keppti jafnframt á Kobe Osaka International í Skotlandi í haust og hlaut þar 3. sæti í kata 14-15 ára, 2. sæti í kumite 12-13 ára og sigraði Gladiator 14-15 ára!

Klara er meðlimur í Afrekshópi karatedeildarinnar. Metnaður er það gildi Fjölnis sem Klara hefur lifað í starfi sínu innan deildarinnar.

### Karatemaður Fjölnis



### Gabríel Sigurður Pálmason

Gabríel er sem fyrr einbeittur karatemaður og fyrirmyndariðkandi. Í ár hefur hann dregið heim gullpeninga fyrir frammistöðu sína í kata 15 ára pilta á Íslandsmeistaramóti unglinga í Kata. Það sama á við um Kata 16-17 ára pilta á GrandPrix mótaröð Karatesambands Íslands, en þaðan kom hann með tvenn gullverðlaun og ein silfurverðlaun. Auk þess náði hann sér í bronsverðlaun á Reykjavík International Games í flokki ungmenna. Á Kobe Osaka International mótinu í Skotlandi í haust gerði hann sér lítið fyrir og tók heim gull í kata bæði í aldursflokki 14-15 ára og 16 ára. Auk þess sem hann hlaut gull fyrir keppni í kumite 14-15 ára.

Í salnum er hann óþreytandi, mætir hann á allar æfingar og afreksæfingar auk styrktaræfinga og hann gefur sig allan á hverri æfingu.

Gabríel er fyrirmyndar afreksíþróttamaður sem sannar að sjálfsagi og einbeiting skilar árangri.

Metnaður og Heilbrigði eru þau Fjölnisgildi sem Gabríel hefur staðið fyrir í starfi sínu innan karatedeildarinnar.

## Silfurmerkjatilnefningar

Auk ofangreinds var eftirfarandi veitt silfurmerki Fjölnis fyrir framlag sitt til karatedeildarinnar.

### Sunna Rut Guðlaugardóttir

Sunna Rut er einn þeirra sem halda alltaf áfram í sportinu. Hún byrjaði sem agnarlítið spons fyrir um 12 árum, rétt 7 ára gömul að mæta á æfingar. Vann ötullega að því að bæta sig. Tók þátt í mótum og dró heim fullt af verðlaunapeningum. Vann sér inn Íslandsmeistaratitla
klifraði upp á verðlaunapall á RIG mótum að ótöldum auðvitað öllum hinum mótunum þar sem hún tók þátt og þurfti að klifra upp á verðlaunapall.
Því má ekki gleyma að hún hefur auðvitað líka verið valin karatekona ársins hjá Fjölni.

Í gegnum tíma sinn hjá Fjölni hefur hún aukið við þekkingu sína jafnt og þétt með því að ljúka hverri beltagráðuninni á fætur annari, þar til nú síðast þegar hún lauk gráðun til 2. dans svartbeltisgráðun (Nidan) með miklum sóma.

Partur af því að æfa Karate er að gefa til baka til íþróttarinnar og félagsins sín. Þar lætur Sunna ekki sitt eftir liggja. Því hún er einnig vinsæll og óþreytandi þjálfari þeirra sem á eftir henni hafa komið. Auk þess að taka að sér liðsstjórastörf á mótum.
Sunna er kona sem er tilbúin að leggja sig fram um að láta starfið hjá okkur ganga upp, auk þess að vera frábær fyrirmynd fyrir aðra iðkendur deildarinnar.

## Íþróttakarl Fjölnis 2023

Uppskeruhátið Fjölnis fór fram þann 13. desember að viðstöddum stórum hópi íþrótta- og stuðningfólks. Stóru fréttirnar voru þar að okkar maður, Gabríel Sigurður Pálmason afreksmaður hjá Karatedeild Fjölnis var valinn íþróttakarl ársins. Það var sérlega ánægjulegt að sjá Gabríel hljóta þessa viðurkenningu fyrir þá miklu vinnu sem hann hefur lagt í undanfarin ár. En á meðal sigra hans árið 2023 voru Íslandsmeistaratitill í kata, ásamt fjölda verðlauna sem hann hlaut á hinum ýmsu mótum innanlands og utan.



## Rekstrarárangur

Rekstrarárangurinn á árinu var ekki með þeim hætti sem þarf að vera. Helstu rekstrarniðurstöður ársins urðu svo (í þúsundum króna):

| | 2023 | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heildartekjur | 6.466 | 7.745 | 6.604 | 6.443 | 7.203 | 7.068 | 5.985 |
| Heildarkostnaður | 6.978 | 6.546 | 6.231 | 5.290 | 6.677 | 5.584 | 5.119 |
| Heildarhagnaður | -461 | 1.199 | 323 | 1.153 | 423 | 1.485 | 866 |

Af ofangreindu leiðir að tap varð af hefðbundnum rekstri deildarinnar upp á 512 þúsund eða rétt tæp 8% af heildartekjum deildarinnar. Þetta er talsvert verra en fjárhagsáætlun ársins gerði ráð fyrir. Skýrist þetta hvort tveggja af því að tekjur urðu lægri en ætlað var, en jafnframt náðist ekki að stýra kostnaði með þeim hætti sem helst hefði verið æskilegt.

Sem fyrr segir hefur stjórnin sett sér markmið er lúta að fjárhagslegri afkomu deildarinnar og miðast þau við að skila um það bil 1 milljón í rekstrarafgang.

Fjárhagslega stendur deildin vel og á ríflega 6 milljónir í handbæru fé.

Stjórnin þakkar þjálfurum, iðkendum og forráðamönnum þeirra fyrir samstarfið á árinu. Sérstakar þakkir fær yfirþjálfari deildarinnar sem hefur veg og vanda af öllu er snýr að faglegu starfi deildarinnar.

Myndir af starfsemi deildarinnar voru teknar af Kristjáni U. Kristjánssyni.

Fyrir hönd stjórnar:

Þorsteinn Yngvi Guðmundsson
*formaður karatedeildar Fjölnis*



# KNATTSPYRNA

Á aðalfundi knattspyrnudeildarinnar 13. febrúar 2023 var ný stjórn kjörin.
Stjórnina árið 2023-2024 skipa:

- Björgvin Jón Bjarnason, formaður
- Árni Hermannsson, varaformaður
- Arnar Freyr Reynisson, gjaldkeri
- Sigursteinn Brynjólfsson, ritari
- Hjörleifur Þórðarson, formaður meistaraflokksráðs karla
- Trausti Harðarson, meðstjórnandi
- Brynjar Bjarnason, varamaður

# ÁVARP FORMANNS

## BUR

Starfið hjá Barna- og unglingaráði Fjölnis (BUR) gekk vel og eru skráðir iðkendur um 700.

Tilgangur barna- og unglingaráðs (BUR) er að standa að traustu og kraftmiklu uppbyggingarstarfi þar sem iðkendur fá tækifæri til auka líkamlegt og andlegt atgervi sitt í jákvæðu og uppbyggilegu umhverfi. Iðkendum skal gert kleift að sinna íþróttinni í samræmi við getu og áhuga sinn. Stjórnin hefur unnið metnaðarmikið starf við að efla umgjörð starfseminnar og fá þau miklar þakkir fyrir frábært starf.

Barna og unglingaráð hefur lagt metnað sinn í að styrkja samstarf við þjálfara, foreldraráð og skrifstofu félagsins með markvissum hætti. Meðlimir BUR hafa sl. ár verið með kynningar inná öllum foreldrafundum yngri flokka. Jafnframt hafa verið haldnir fundir með foreldraráðum og handbók BUR verið uppfærð. Dagatal fyrir knattspyrnudeild með öllum helstu viðburðum, mótum og fríum birt foreldrum og iðkendum til upplýsinga. Luka Kostic og Björn Breiðfjörð Valdimarsson skipa áfram yfirþjálfarateymi yngri flokka í knattspyrnu og þökkum við þeim fyrir frábært starf.

Fjölnir átti leikmenn í U15, U17 og U19-landsliðum Íslands og var ótrúlega skemmtilegt að fylgjast með flottu leikmönnunum okkar.

Árið hjá 4. og 5. flokkum félagsins var bæði viðburða- og lærdómsríkt. Áhersla var lögð á að kenna yngri iðkendum tæknilega hluta leiksins og var því lagt upp úr að setja upp æfingaprógram sem farið var eftir því æfingar hófust í byrjun september. Flokkarnir æfðu fjórum sinnum í viku, bæði innanhúss og utan. Auk hefðbundna æfinga var boðið upp á markmannsæfingar, tækniæfingar og styrktaræfingar. Það er mjög ánægjulegt að segja frá því að mikil þátttaka var á auka æfingum og greinilegt að mikill metnaður er hjá iðkendum félagsins að bæta sig og gera betur.

Yngri flokkar félagsins flykktust á öll helstu mót sumarsins og mátt sjá gleðina skína úr hverju andliti þegar fótboltahetjur framtíðarinnar létu ljós sitt skína á völlum út um allt land. Fimmti flokkur tók þátt í Reykjavíkurmótinu, spiluðu æfingaleiki og tóku þátt í Gleðistjörnumótinu, Alimótinu, N1 mótinu og TM mótinu. Krakkarnir bæði spiluðu og skemmtu sér vel og voru ánægð með sig eftir mót. Fjórðu flokkar fóru erlendis á mót, stelpurnar spiluðu á Barcelona Cup og strákarnir á Helsinki Cup. Bæði stelpur og strákar spiluðu virkilega vel á mótum og komu sterkari til baka, bæði sem leikmenn en líka sem lið.

## Æfinga- og keppnisferð 4. flokks kvk








Fjórði flokkur kvenna í knattspyrnu fór í æfinga- og keppnisferð til Spánar. Stefnan var tekin á Salou þar sem alþjóðlegt mót stúlkna í knattspyrnu er haldið ár hvert, Barcelona Girls Cup. Flogið var út þriðjudaginn 6. júní og náði hópurinn nokkrum æfingum fyrir mótið sem hófst þann 10 júní. Þar voru 28 Fjölnisstelpur mættar galvaskar og tvö lið skráð til leiks. Fjölnir 2 byrjaði mótið illa fyrri keppnisdaginn en sótti heldur betur í sig veðrið og endaði mótið á mjög svo flottum og jákvæðum nótum. Mikill stígandi var í liðinu og klárt að þessi æfinga- og keppnisferð kemur á réttum tíma og eflir liðið fyrir næstu leiki á Íslandsmótinu. Fjölnir 1 byrjaði mótið með miklum látum og frábær spilamennska og mikil barátta skilaði liðinu í undanúrslit. Sá leikur tapaðist með einu marki, fyrir liðinu endaði á því að sigra mótið. Í leiknum um þriðja sætið mættu stelpurnar liði Aftureldingar í hörkuleik þar sem ekkert var gefið eftir. Fjölnir komst yfir í byrjun seinni með hálfleiks en Afturelding náði að jafna leikinn með síðustu spyrnu leiksins. Vítakeppni þurfti því til að fá niðurstöðu. Vítakeppnin var æsispennandi og þurfti bráðabana til, en að lokum náðu Fjölnisstelpur að tryggja sér sigur. Stelpurnar töpuðu aðeins einum leik í mótinu, í undanúrslitum. Frábær árangur og mikill stígandi hjá liðinu. .

Með hópnum í Salou voru þjálfararnir Halldór Bjarki Guðmundsson og Andri Freyr Björnsson. Fararstjórar með hópnum voru hjónin Einar Ásgeir og Erna Margrét Arnardóttir. Þá fylgdu fjölmargir foreldrar hópnum út og skapaðist mikil og góð stemning innan foreldrahópsins. Stelpurnar náðu líka að skemmta sér vel á milli æfinga og leikja, farið var í bæði leiktækja- og vatnsleikjagarð. Stelpurnar stóðu sig frábærlega í alla staði og voru sér og félaginu til mikils sóma.

## USA Cup

3. flokkur karla Fjölnis í knattspyrnu hélt til Bandaríkjanna á USA Cup með fjögur lið, tvö 2008 lið og tvö 2007 lið. 2008 A-liðið komst í undanúrslit gegn Rush sem unnu svo mótið að lokum en liðið vann sinn riðill og spilaði frábæran fótbolta gegn sterkustu liðum mótsins í Gold keppni U15 deildarinnar. 2008 B-liðið vann einnig sinn riðill og unnu svo í 16-liða úrslitum og komust í 8-liða úrslit. Meiðsli settu strik sitt í reikninginn á mótinu hjá drengjunum en þrátt fyrir mikinn hita og að liðið hafði fáa skiptimenn þá var fótboltinn og liðsheildin hjá drengjunum til fyrirmyndar, mikill karakter sem býr í þessum geggjuðu strákum. A-lið 3. flokks vann Gold keppnina í U16 keppninni og töpuðu ekki leik á leið sinni í úrslitin. Í úrslitum mættu þeir Progressive YSA akademíu frá New York sem er ein sú besta á landinu. Leikurinn endaði 5-0 fyrir Fjölni og unnu þeir keppnina örugglega! Jónatan Guðni Arnarsson endaði markahæstur í keppninni með 10 mörk í 6 leikjum. Liðið skorað flest mörk og fékk á sig fæst af öllum þeim sem tóku þátt í U16 Gold. B-lið 3. flokks vann einnig sína keppni en þeir voru í Bronze keppninni í U16. Í úrslitaleiknum mættu þeir Fusion SC og unnu þann leik 2-0 eftir miklar þrumur og eldingar þar sem hlé þurfti að gera á leiknum vegna þeirra. Aron Ernir endaði markahæstur í sinni keppni með 11 mörk í 6 leikjum. Frábær árangur hjá 3. flokknum í Fjölni og er framtíðin björt í Grafarvoginum!











## MFL KK

Meistaraflokkur karla lenti í þriðja sæti Lengjudeildarinnar eftir að hafa fallið naumlega út á móti Vestra.



## MFL KVK

Meistaraflokkur kvenna fór í frábæra æfingarferð til Pinatar á Spáni. Liðið æfði í 26 gráðu hita og sól vikuna 10 til 17. mars. Ferðin var vel nýtt, æfingar voru daglega frá því að lent var á Spáni og stundum tvisvar á dag þar sem ítarlega skipulagaðar æfingar voru í allt að tvær klukkustundir í einu. Æfingarnar fóru fram á glæsilegum æfinga- og keppnisvöllum Pinatar. Þá var einnig nýliðavíxla, skemmtanakvöld, go-kart kappaksturskeppni, strandarferð, verslunarferð og lokakvöldið fóru allir út að borða saman. Glæsilegur 20 manna hópur meistaraflokks ásamt þjálfurum sótti ferðina en þó nokkrir leikmenn meistaraflokksins náðu ekki að koma með vegna háskólanáms og annarra anna. Aðbúnaður var hinn besti, fjöldi æfingavalla, keppnisvöllur, glæsilegt hótel, kokkar elduðu matinn í allar máltíðir sem stundum var aðeins of hollur, flott og rúmgóð herbergi, góð sólbekkjaraðstaða og sundlaug, stutt á ströndina og á veitingastaði. Í alla staði fullkomið fyrir meistaraflokkinn.



Meistaraflokkur kvenna lenti í öðru sæti 2. deildar þar sem spilaður var skemmtilegur fótbolti og sannkölluð markaveisla var í gangi.



## Fjármál

Róðurinn hefur verið afar erfiður þetta árið og því miður mikið tekjufall. Það er því augljóst að stórt verk er framundan hjá knattpsyrnudeildinni.




# KÖRFUBOLTI

Á aðalfundi körfuboltadeildarinnar 9. febrúar 2023 var ný stjórn kjörin.
Stjórnina árið 2023-2024 skipa:

- Salvör Þóra Davíðsdóttir, formaður
- Magnús Dagur Ásbjörnsson, meðstjórnandi
- Jón Pétur Zimsen, meðstjórnandi
- Smári Hrafnsson, meðstjórnandi
- Arnar B Sigurðsson, meðstjórnandi
- Hreiðar Bjarki Vilhjálmsson, meðstjórnandi
- Alexander Þór Hafþórsson, meðstjórnandi

# ÁVARP FORMANNS

Ný stjórn tók við keflinu í febrúar á síðasta ári og hafa verkefni hennar verið margvísleg. Eitt af upphafsverkum hennar var að endurstofna Barna-og unglingaráð (BUR) deildarinnar sem hafði legið niðri í mörg ár ásamt því að byggja upp ásættanlega umgjörð í kringum starfið, bæði hjá yngri flokkum sem og meistaraflokkum deildarinnar. Byrjað var á því að ráða yfirþjálfara í starfið, Halldór Karl Þórsson, sem hóf störf á vormánuðum. Stjórn og deild ásamt BUR byrjuðu snemma á að ráða þjálfara fyrir næsta tímabil og finna leiðir til að auka þátttöku í yngri flokka starfsemi félagsins. Það tókst vel og hefur náðst að auka þátttöku um 35% miðað við árið áður. Styrkarþjálfarar fyrir yngra og eldra starfið voru ráðnir og aðstoðarþjálfarar þar sem fjöldinn náði yfir 15 manns á flokk.

Meistaraflokkur karla í körfubolta spilar í 1. deild karla og eru þar í toppbaráttu um sæti í Subway deild karla á næsta ári. Meistaraflokkur kvenna hefur hins vegar áfram átt aðeins erfitt ár og hefur ekki alveg náð að fylgja eftir deildarmeistaratitlinum á árinu 2022. Þær hafa verið í neðri hluta Subway deildar kvenna á árinu og eru að spila þar í úrslitakeppni neðri hluta um áframahaldandi veru í deild hinna bestu á næsta ári.

Gengi yngri flokka Fjölnis hefur gengið ágætlega og er þar helst að nefna 9. flokk karla sem náði öðru sæti á Íslandsmótinu.Haldin voru fjögur yngri-flokkamót á árinu og voru þau hýst ýmist eða bæði í Dalhúsum og Fjölnishöll. Heppnuðust þau öll mjög vel og var skipulagningu og framkvæmd mótanna hrósað í hástert. Fjölnismótið fór fram í nóvember og hafa aldrei fleiri þátttakendur verið skráð á mótið sem tókst afskaplega vel. Margir viðburðir voru halndir á vegum deildarinnar í formi fjáröflunar og skemmtunar ásamt því að auka fræðslu og umgjörð starfsins. Þar má nefna ritaraborðsnámskeið, dómaranámskeið, fyrirlestra um samskipti, þrautsegju og sjálfsmynd iðkenda. Tvö grunnskólamót voru haldin sem hafa skilað sér í auknum áhuga á íþróttinni í hverfinu. Deildin stóð fyrir bingóum, pub quiz, vor-og haustfagnaði ásamt fjáröflunarkvöldi fyrir unglingalandsliðsfólk á vegum félagsins.

Á uppskeruhátíð meistaraflokka félagsins var Lewis Diankulu valinn besti körfuboltamaðurinn á meðan Brittany Lewis fékk sömu nafnbót kvenna megin. Körfuboltakarl ársins á árlegri uppskeruhátíð félagsins var valinn Viktor Máni Steffensen og körfuboltakona ársins var Bergdís Anna Magnúsdóttir.

## Landsliðshópar

Aldrei hafa fleiri leikmenn yngri flokka verið valdnir í æfingahópa landsliðsins og í fyrra og er það sterkt merki um uppgang félagsins í yngri flokka starfinu ásamt betri umgjörð. Um er að ræða leikmenn liða U15, U16, U18 drengja og stúlkna auk U20 karla og kvenna.

Síðasta sumar kepptu Lárus Björn Björnsson (U15), Bergdís Anna Magnúsdóttir (U18), Heiður Karlsdóttir, (U18) Brynjar Karl Gunnarsson (U18) Stefanía Tara Hansen (U20), Ísak Örn Baldursson (U20) og Daníel Ágúst Halldórsson (U20) fyrir hönd Íslands í yngri landsliðunum. Nú, í byrjun árs 2024 voru 18 af iðkendum okkar í æfingahópum yngri landsliða og bíðum við spennt og vonum að sem stærstur hluti hópsins komist í lokahópana fyrir verkefni sumarsins.

| | |
|---|---|
| **Lárus Björn Björnsson** | **U15** |
| **Bergdís Anna Magnúsdóttir** | **U18** |
| **Heiður Karlsdóttir** | **U18** |
| **Brynjar Kári Gunnarsson** | **U18** |
| **Heiður Karlsdóttir** | **U20** |
| **Stefanía Tera Hansen** | **U20** |
| **Ísak Örn Baldursson** | **U20** |
| **Daníel Ágúst Halldórsson** | **U20** |

## Yngri flokka starfið

Þegar að nýtt æfingaár hófst í ágúst 2023 var allt klappað og klárt þar sem vinna að mönnun þjálfari hófst fyrr en áður eða á vormánuðum. Barna- og unglingastarfið á að vera miðpunktur í að koma fram í nýjum áherslum í framför og sterkari umgjörð ásamt góðum æfingum með það að leiðarljósi að gera körfuboltastarið í Grafarvogi betra. Það hefur nú þegar tekist með ráðningu betri og fleiri þjálfara ásamt því að bjóða upp á styrktarþjálfun, námskeið, og aðstoðarþjálfara til að geta sinnt sem flestum. Fjölnir hefur nú hafið þá vinnu sem framundan er að þróa líkamlega færni og andlega styrkingu til að þroskast og ná árangri í íþróttum.



Ráðning þjálfara sem eru reyndir og hafa góðan skilning á leiknum og þróun leikmanna er lykilatriði í að stuðla að framþróun liðsins. Styrktarþjálfarar bjóða upp á sérhæfða þekkingu og nálgun í þróun ákveðinna hæfileika hjá leikmönnum, sem getur hjálpað þeim að ná besta mögulega útkomu. Aðstoðarþjálfarar bregðast við þörfum liðsins og stuðla að öflugri þjálfun og undirbúningi fyrir leiki. Allt þetta viljum við geta boðið upp á til að stuðla að því að ungu leikmennirnir fái bestu mögulegu tækifæri til að þroskast sem körfuboltaleikmenn og ná sérstökum markmiðum sínum.



## Meistaraflokkar

Í meistarflokki kvenna þjálfar Hallgrímur Brynjólfsson. Tímabilið hefur gengið upp og ofan og enduðu stelpurnar í neðrihluta keppninni. Þar hafa þær staðið sig vel og eru svo gott sé búnar að tryggja sér áframhaldandi veru í deild þeirra bestu. Þær eiga nokkra leiki eftir og allt þarf að hanga á afturfótunum þannig að þær falli.



Í meistaraflokki karla er staðan tvísýn en þar þjálfar Borche Ilievski. Liðið hefur staðið sig vel og er í toppbaráttu en beint sæti upp í deild þeirra bestu eru eiginlega úr augsýn. Liðið er því nú að berjast við að eiga heimavallarrétt í komandi úrslitakeppni og er staða liðsins góð þegar eingungi tveir leikir eru eftir af deildarkeppninni.







# LISTSKAUTAR

Á aðalfundi listskautadeildarinnar 15. febrúar 2023 var ný stjórn kjörin.
Stjórnina árið 2023-2024 skipa:

- Gunnar Traustason, formaður og gjaldkeri fram á haust
- Tinna Arnardóttir, meðstjórnandi
- Rósa Munda Sævarsdóttir, meðstjórnandi fram á sumar
- Sonja B. Guðbjörnsdóttir, meðstjórnandi fram á sumar
- Halldóra Hrund Guðmundsdóttir, meðstjórnandi frá hausti
- Ólöf Sólveig Björnsdóttir, meðstjórnandi frá hausti

# ÁVARP FORMANNS

Árið 2023 var árangursríkt ár í starfi listskautadeildar Fjölnis. Það voru nokkrar starfsmannabreytingar á árinu. Í júní kvaddi Chantel Carey, skautastjóri og danskennari, eftir gott starf frá áramótum og endaði starfið glæsilega með eftirminnilegri vorsýningu. Eftir sumarbúðir sumarsins kvaddi einnig Helga Karen Petersen, skautaþjálfari, sem hefur starfað og aðstoðað félagið í mörg ár. Við þökkum báðum framlag þeirra til félagsins. Um haustið tók til starfa nýr þjálfari, Viktória Šabová frá Slóvakíu og erum við mjög ánægð með starf hennar. Þá tók Leifur Óskarsson við starfi Skautastjóra og erum við mjög ánægð með að hafa fundið mjög hæfan mann í þá stöðu.

Við héldum glæsilega vorsýningu í maí og svo síðar jólasýningu í desember og voru báðar sýningar mjög vel sóttar og vel heppnaðar.

Um sumarið voru haldnar okkar árlegu sumarbúðir. Þær voru vel sóttar af skauturum okkar en nokkrir skautarar fóru í sumarbúðir Skautasambandsins síðustu vikuna meðan aðrir skautarar héldu áfram í búðunum há okkur. Við fengum þrjá gestaþjálfara, þær Veronika Vrtělová, Camilla Cappellin og Giorgio Savoldi og skiluðu þau góðu starfi.

Farið var í þrjár keppnisferðir á árinu. Farin var fjölmenn ferð til Bergamo, Ítalíu um vorið. Sú ferð gekk nokkuð vel en nokkrir hrökrar voru á skipulagi sem vegna þess hve við fengum staðfestingu á mótinu seint en við komumst fram úr því eftir bestu getu. Um haustið fór landsliðið í kepnisferð til Katowice í Póllandi og fóru þrír skautarar frá Fjölni með í ferðina og lenti Júlía Sylvía Gunnarsdóttir í 3. sæti í Senior Women og er þetta í fyrsta sinn sem að skautari frá okkar félagi nær á verðlaunapall á alþjóðlegu móti. Að lokum var farið í fjölmenna ferð til Riga í Lettlandi og gekk sú ferð vel.

Árangur iðkanda hefur verið góður á árinu höfum við séð bætingu frá árinu á undan. Fjölnir var Bikarmeistari Skautasambands Íslands en eru það einu verðlaunin sem félögin sjálf keppa um í Listskautum á Íslandi og Fjölnir hafði ekki unnið þau síðan núverandi keppni var tekin upp árið 2019. Ísland sendi skautara á eitt Junior Grand Prix mót og var Fjölnisstelpan Júlía Sylvía Gunnarsdóttir valin til að vera fulltrúi Íslands. Júlía Sylvía var einnig valin Skautakona ársins hjá Skautasambandi Íslands og sigraði í Senior flokki á öllum almennu skautamótum Skautasambandsins yfir árið og þar á meðal Íslandsmeistaratitilinn í Senior flokki.

Lena Rut Ásgeirsdóttir var valin íþróttakona listskautadeildar árið 2023. Hún stóð sig vel á árinu, var dugleg og varð Íslandsmeistari í Junior flokki. Hún bætti sig vel yfir árið og við vonum að hún haldi áfram að bæta sig á næsta ári.
Alessandro Fadini, ítalskur skautari, færði sig yfir til Íslands og keppti fyrir Fjölni. Hann keppir í Senior Men og er fyrsti skautari sem keppir á mótum á Íslandi í Senior Men flokki sem er ekki alþjóðlegt mót. Það hafa erlendir skautarar keppt á RIG en enginn á vegum Íslands. Hann átti síðan við meiðsli að stríða og fór í uppskurð um haustið og tók sér hlé frá keppni það sem eftir var ársins en kemur mjög líklega aftur þegar hann er búinn að jafna sig.

F.h. stjórnar Listskautadeild Fjölnis
Gunnar Traustason, formaður



## Fjármál



Rekstur listskautadeildarinnar var þungur árið 2023 eins og undanfarin ár. Iðkendum fjölgaði en samt hægt og það kom sér sérstaklega illa þegar við þurftum að borga sérstaklega fyrir afnot af svellinu í júnímánuði, sem við höfum ekki þurft að gera síðustu ár, og engar aðrar deildir þurftu að gera og það var stór biti að kyngja fyrir deildina. Við sáum fram á að þurfa að hækka æfingafjöld eitthvað til að standa undir rekstrinum á nýja árinu en vonumst til að gera það eins hóflega og hægt er.



## Starfsemi Listskautadeildar

### Iðkendur

Á árinu 2023 voru 194 iðkendur sem skiptist: 95 skautarar í skautaskólanum, 77 skautarar í framhaldshópum og 22 skautarar í unglinga og fullorðinshóp.



### Þjálfarar

Fáar breytingar voru í þjálfarateymi deildarinnar á árinu. Yfirþjálari deildarinnar var áfram Benjamin Naggiar en hann tók við í desember 2021.
Chantell Carey hætti sem danskennari eftir vorönnina. Helga Karen Pedersen hætti svo eftir vorönn og sumarnámsskeið og í hennar stað kom Viktória Šabová frá Slóvakíu sem tók til starfa um haustið.



Aðrir þjálfarar árið 2023 voru Sólbrún Erna Víkingsdóttir yfirþjálfari Skautaskólans og aðstoðarþjárlafar í skautaskólanum voru Vigdís Björg Einarsdóttir, Ísabella Jóna Sigurðardóttir, Ásta Lovísa Vilhjálmsdóttir, Íris María Ragnarsdóttir, Sandra Dís Ólafsdóttir, Lena Rut Ásgeirsdóttir, Júlía Sylvía Gunnarsdóttir, Elín Katla Sveinbjörnsdóttir, Elva Ísey Hlynsdóttir, Berglind Inga Benediktsdóttir, Arna Dís Gísladóttir, Ermenga Sunna Víkingsdóttir, Ólöf Ragnarsdóttir, Rakel Kara Hauksdóttir og Telma Sól Bogadóttir.

### Þátttaka á innlendum mótum

Norðurlandamót var haldið af Skautasambandi Íslands sem hlut af Reykjavíkurleikunum (RIG) voru í Laugardal 1.-5. Febrúar 2023. Mótinu var aðeins alþjóðlegt mót í þetta sinn. Fjölnir átti tvo keppendur á alþjóðlega mótinu, Júlíu Sylvíu Gunnarsdóttur og Lenu Rut Ásgeirsdóttur sem báðar kepptu í Junior Women flokki.

Vormót ÍSS og Kristalsmót voru haldin á Akureyri í mars. Fjölnir átti einu keppendurna í Senior Women (Júlía Sylvía Gunnarsdóttir), Junior Women (Lena Rut Ásgeirsdóttir) og í Senior Men (Alessandro Fadini) og fengu þau gullverðlaun í þeim. 12 aðrir keppendur kepptu á mótunum og helstu úrslit voru í Intermediate Women voru Tanja Rut í 1. Sæti og Rakel Sara í 3. Sæti og í Basic Novice voru Elín Katla, Berglind Inga og Arna Dís í 1., 2. og 3. sæti.



Haustmót ÍSS og félagalínumót voru haldin í Egilshöll helgina 22.-23. október. Fjölnir var með 11 keppendur á Haustmótinu sem kepptu í 6 flokkum. Helstu úrslit voru að Fjölnir fékk gullverðlaun í Senior Women (Júlía Sylvía Gunnarsdóttir), Junior Women (Lena Rut Ásgeirsdóttir), Advanced Novice (Elín Katla Sveinbjörnsdóttir) og Intermediate Women (Tanja Rut Guðmundsdóttir) og silfurverðlaun í Basic Novice (Arna Dís Gísladóttir) og Intermediate Women (Rakel Sara Kristinsdóttir).

Á félagalínu mótinu náði Perla Gabríela Giraldo Ægisdóttir 3. sæti.

Íslandsmót ÍSS var haldið í Skautahöllinni Akureyri 24.-26. nóvember. Fjölnir var með 12 keppendur sem kepptu í 6 flokkum. Helstu úrslit voru að Fjölnir fékk gullverðlaun í Senior Women (Júlía Sylvía Gunnarsdóttir), Junior Women (Lena Rut Ásgeirsdóttir) og Basic Novice (Arna Dís Gísladóttir) og silfurverðlaun í Advance Novice (Elín Katla Sveinbjörnsdóttir), Basic Novice (Ermenga Sunna Víkingsdóttir) og Intermediate Women (Tanja Rut Guðmundsdóttir).

## Þátttaka á erlendum mótum

Í byrjun maí fór fram IceLab Recreational Closing Season Cup 2023 í Bergamo, Ítalíu. Þar átti Fjölnir 10 keppendur, þau Elísabetu Rós, Helen Chi, Suri Han, Perlu Gabrielu, Steinunni Emblu, Sjöfn, Edil Mari, Lívu, Júlíu Kristínu og Marinó. Edil lenti í öðru sæti og Marinó í því þriðja í sínum flokkum. Ferðin lenti í smá skipulagsvandræðum þar sem við fengum seint nauðsynlegar upplýsingar um mótið og erfiðlega gekk að ganga frá nauðsynlegum hlutum en það tókst á endanum með miklum dugnaði.

Junior Grand Prix fór fram í Istanbul í Tyrklandi í Tékklandi í ágúst. Júlía Sylvía Gunnarsdóttir var valin til að keppa fyrir Íslands hönd. Júlía Sylvía stóð sig ágætlega á mótinu en þetta mun vera hennar síðasta Junior Grand Prix mót þar sem hún er búin að færa sig yfir í Senior flokk og verður of gömul til að keppa í Junior flokki þegar næsta Junior Grand Prix mótaröð kemur haustið 2024.

Landslið Skautasambandsins fór í ferð á Diamond Spin mótið í Katowice, Póllandi, helgina 19.-22. október. Ferðin gekk vel. Júlía Sylvía Gunnarsdóttir lenti í 3. sæti í Senior Women og er það í fyrsta sinn sem að skautari frá Fjölnir lendir í verðlaunasæti á alþjóðlegu móti. Lena Rut Ásgeirsdóttir náði 12. sæti í Junior Women og Elín Katla Sveinbjörnsdóttir fór á sitt fyrsta alþjóðlega mót og lenti í 13. sæti í Advanced Novice.

Helgina 3.-5. nóvember fóru 8 skautarar frá Fjölni í ferð á Volvo Cup í Riga, Lettlandi. Ferðin gekk mjög vel og stóðu þær sig allar vel og fengu dýrmæta reynslu



## Framundan

Grunnpróf verða fljótlega að vanda og þrjú mót eru eftir á tímabilinu. Fyrstu helgina í mars verða Vormót og móti í félagalínunni haldin á Akureyri og einnig verður ferð á Sonja Heinie Trophy mótið í Osló helgina þar á eftir og fara 8 keppendur frá Fjölni til að taka þátt.

Stefnt er að því að halda vorsýningu og jólasýningu á árinu og vonum til að þær verði glæsilegar að vanda.

Að venju verða sumarbúðir haldnar í júní. Við vonum eftir góðri þáttöku þetta árið þar sem Skautahöllin í Laugardal verður lokuð vegna viðhalds en við höfum engar fréttir af kostnaði þar sem ekki er staðfest hvort ÍBR mun taka þátt í kostnaði við svellið eins og fyrir flestar keppnisíþróttir á Íslandi en þeir gerðu það ekki sumarið 2023. Nánari upplýsingar munu koma síðar.

Gunnar Traustason

*formaður listskautadeildar Fjölnis*





# SKÁK

Á aðalfundi skákdeildarinnar þann 6. febrúar 2023 var stjórn deildarinnar endurkjörin. Stjórnina árið 2023-2024 skipa:

- Helgi Árnason formaður
- Erlingur Þorsteinsson varaformaður
- Margrét Cela ritari
- Jóhann Arnar Finnsson gjaldkeri
- Gunnlaugur Egilsson meðstjórnandi.
- Aneta Kamila Klimaszweska, varamaður

# ÁVARP FORMANNS

Sérstaða Skákdeildar Fjölnis í samanburði við önnur skákfélög landsins er sú hversu mikill fjöldi stúlkna og kvenna æfir og tefla fyrir skákdeildina bæði í flokki barna-og ungmenna og fullorðinna. Skákdeildin vill af metnaði standa í orði og á borði við jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar og Íþróttasambandsins um jafna þátttöku og tækifæri.



Skákdeildin hélt reglulega æfingar fyrir börn og unglinga í Rimaskóla á fimmtudögum kl. 16.30 - 18:30 í janúar – maí og í september – desember. Æfingarnar voru skipulagðar með þeim hætti að leiðbeinendur skiptu með sér 2 – 3 hópum við skákþjálfun og 5 umferða skákmóti. Veitt voru 15 - 25 verðlaun eða happdrættisvinningar fyrir frammistöðu á hverri skákæfingu og í skákhléi var börnunum boðið upp á veitingar, gómsæta skúffuköku og nóg af köldu vatni. Á hverja æfingu mættu undantekningarlaust 50 – 60 börn og unglingar. Þátttakan eykst jafnt og þétt ár frá ári, allt frá stofnun skákdeildar árið 2004. Æfingarnar eru ókeypis og einstaklega skemmtilegar. Þær höfða til allra aldurshópa. Áberandi er hversu margir þátttakendur á skákæfingum finna sig betur í skákinni en í hefðbundnum íþróttum. ”Skák er skemmtileg” er kjörorð skákdeildar Fjölnis. Starfsemi skákdeildar Fjölnis spyrst út í gegnum Facebook síðu skákdeildarinnar, frétta í Grafarvogsblaðinu og fyrir góðan árangur á skákviðburðum innan lands.

Umsjón með skákæfingum Fjölnis árið 2023 hafði Helgi Árnason formaður skákdeildar sem hefur sinnt því verkefni allt frá stofnun deildarinnar árið 2004. Að skákþjálfun komu auk Helga þau Jóhann Arnar Finnsson, Jóhanna Björg Jóhannsdóttir, Lenka Pcnikova, Sóley Kría Helgadóttir, Aron Örn Hlynsson, Arnar Gauti Helgason og Sveinbjörn Pétur Guðmundsson. Theodór Helgi Eiríksson í 7. bekk Foldaskóla og Silja Rún Jónsdóttir í 6. bekk Rimaskóla voru kjörnir æfingameistarar vetrarins fyrir góða æfingasókn og frábæran árangur á skákmótum æfingatímabilsins.

Helgi Ólafsson skólastjóri Skákskóla Íslands bauð áhugasömum Fjölniskrökkum upp á skáknámskeið í Rimaskóla í febrúar og mars. Þessi námskeið voru afar vel sótt og vinsæl meðal þátttakenda.

Skákdeild Fjölnis í samstarfi við Frístundamiðstöðina Gufunesbæ hélt fjölmennt Vetrarleyfisskákmót í Hlöðunni Gufunesbæ. Um 40 krakkar mættu til leiks og í lok mótsins voru afhent 20 verðlaun og öllum þátttakendum boðið upp á Risa-Hraun.

Síðari hluti Íslandsmóts skákfélaga 2022 - 2023 var haldinn í Egilshöll dagana 16. – 19. mars. Eins og oftast frá árinu 2007 þá sá Skákdeild Fjölnis um að hýsa mótið sem um 350 skákmenn tóku þátt í. Ungar skákkonur í Fjölni héldu utan um veitingareksturinn líkt og í fyrri hlutanum í okt. 2022.
Fjölnismenn sendu þrjár skáksveitir til leiks á Íslandsmótinu. A sveitin barðist fyrir að halda sæti sínu í Úrvalsdeild 6 skáksveita. Þegar að 10. og síðustu umferðinni kom sat Fjölnissveitin í 6. og neðsta sæti deildarinnar í jafnri keppni. Með sigri í lokaumferð 4,5 - 3,5 gegn skáksveit Breiðabliks enduðu Fjölnismenn í 4. sæti og héldu úrvalsdeildarsætinu. Ein unnin skák skipti því öllu máli þegar upp var staðið. B sveit Fjölnis tefldi alltof undirmönnuð í 2. deild og féll niður í 3. deild. Í C sveitinni voru flestir skákmenn sveitarinnar á grunnskólaaldri, krakkar sem fengu þar góða æfingu í kappskákum.



Skákdeild Fjölnis efndi til árlegrar ferðar í skákbúðir með Helga Ólafsson skólastjóra Skákskóla Íslands í broddi fylkingar. Að þessu sinni lá leiðin í Snæfellsbæ og Stykkishólm helgina 6. og 7. maí. Um 30 krakkar tóku þátt í skákbúðunum.
Krakkarnir þáðu boð Skákfélags Snæfellsbæjar um þátttöku í minningarskákmóti um Ottó Árnason og Hrafn Jökulsson á laugardeginum. Hrafn var einmitt einn af stofnendum Skákdeildar Fjölnis á sínum tíma og tengdist deildinni allt til æviloka í sept. 2022.
Minningarmótið var haldið í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík og var afar glæsilegt í alla staði. Vegleg peningaverðlaun, verðlaunabikarar og hátíðarhlaðborð í boði bæði í kaffihléi og í kvöldmat að móti loknu. Myndarlega að þessu öllu staðið.
Skákbúðakrakkarnir gistu síðan í Stykkishólmi yfir nóttina þar sem fór afar vel um hópinn í grunnskólanum.
Á sunnudegi var boðið upp á skákkennslu sem þeir Helgi Ólafsson og Jóhann Arnar Finnsson héldu utan um. Skákdagskráin endaði á spennandi skákmóti þátttakenda auk skákkrakka frá Stykkishólmi.
Krökkunum var boðið á veitingastaðinn Narfeyrarstofu í hamborgaramáltíð og skemmtilegu ferðalagi lauk með sundferð í Sundlaug Stykkishólms.
Skákbúðir Fjölnis eru nokkurs konar lokahnykkur á fjölmennu og árangursríku barna-og unglingstarfi hvert ár. Skipuleggjandi og fararstjórn skákbúðanna var á hendi Helga Árnasonar formanns skákdeildarinnar. Gunnlaugur Egilssson stjórnarmaður ók rútunni og sex foreldrar komu með í ferðina veittu góða aðstoð.

Fjölniskrakkarnir voru afar sigursælir á öllum grunnskólaskákmótum vetrarins, einkum skáksveitir Rimaskóla. Áhuginn er svo sannarlega til staðar bæði meðal drengja og stúlkna og framtíðin björt.
Á Sumarskákmót Fjölnis í Rimaskóla þann 11. maí mættu 106 grunnskólakrakkar. Frábær mæting enda mótið allt hið glæsilegasta með fjölda vinninga og fríum veitingum í boði. Skákstjóri var Gauti Páll Jónsson. Stórmeistarinn Helgi Áss Grétarsson mætti á staðinn og tefldi fjöltefli við þátttakendur á meðan á skráningu stóð og heiðursgestur mótsins var nýkrýndur Íslandsmeistari og stórmeistari Vignir Vatnar Stefánsson. Rótarýbikarana hlutu þau Iðunn Helgadóttir, Ingvar Wu Skarphéðinsson og Birkir Hallmundarson.
Skákdeildin naut stuðnings fyrirtækja og félagasamtaka sem gáfu áhugaverða vinninga á mótið; Rótarýklúbbur Grafarvogs, Hagkaup, Gullnesti, SAM-bíóin, Jóa útherja og Bókabúðina Grafarvogi.

Efnilegur hópur 15 skákkrakka frá Skákdeild Fjölnis tók þátt í Deltalift Open, sænska Grand Prix helgarskákmótinu í bænum Halmstad í Svíþjóð. Í hópnum voru 13 stúlkur og 2 drengir á aldrinum 10 - 13 ára. Teflt var á Hótel Tylesand strandhótelinu rétt utan við Halmstad. Það skemmdi alls ekki fyrir að allan tímann var sól og sumar og ströndin nýtt á milli skákumferða.



Um 200 skákmenn tóku þátt í Deltalift Open að þessu sinni. Mótið er haldið árlega í kringum uppstigningardag. Krakkarnir tefldu í flokki undir 1600 stigum. Skákdeild Fjölnis hefur í áratug verið í góðu sambandi við Svía, bæði forystumenn í sænska skáksambandinu og styrktaraðila.



Þessi fjölmenni og bláklæddi Fjölnishópur fékk mjög góðar móttökur í Halmstad og þess má geta að Magnus mótsstjóri lánaði Helga fararstjóra bíl á meðan á mótinu stóð. Krakkarnir ungu stóðu sig öll ágætlega við skákborðið. Árangur Emilíu Emblu vakti athygli. Hún fékk 5 vinninga af 8 og hlaut að launum verðlaun fyrir að vera í 2. sæti í sínum stigaflokki.



Í fyrsta sinn efndi Skákdeild Fjölnis til sumarnámskeiða í Egilshöll sem einn kost af sumarnámskeiðum Fjölnis. Námskeiðin voru tvö dagana 8. - 18 ágúst. Ágætis þátttaka var síðari vikuna og áhugasamir þátttakendur mættu í skák frá kl. 13.00 - 16.00 hvern námskeiðsdag. Umsjón og kennslu önnuðust þau Kristján Dagur Jónsson og Sóley Kría Helgadóttir.

Fjölniskonur tóku þátt í "Stockholms Ladies" skákmótinu sem Skáksamband Stokkhólms bauð Skákdeild Fjölnis að senda þátttakendur á. Skákhátíðin var haldin í fyrsta skipti helgina 2. - 3. sept. Fjórar skákkonur, þær Tinna Kristín Finnbogadóttir, Liss Acevedo Méndez, Sigríður Björg Helgadóttir og Sóley Kría Helgadóttir flugu til Stokkhólms. Tefldar voru 7 umferðir á mótinu og náðu íslensku Fjölniskonurnar þremur af sex efstu sætum mótsins. Það var skáksamband Stokkhólmsborgar sem stóð fyrir þessari kvennaskákhátíð og væntir þess að viðburðurinn verði árlegur. Í forsvari hátíðarinnar var Pía Cramling fv. heimsmeistari kvenna í skák sem þekkir vel til þeirrar miklu breiddar stúlkna og kvenna sem tefla undir merkjum Skákdeildar Fjölnis.

Fyrri hluti Íslandsmóts skákfélaga fór fram í Rimaskóla dagana 12. - 15. október. Frábær árangur A sveitar Fjölnis sýnir vel að hæg en markviss uppbygging skilar sér í ánægjulegum árangri. A sveit Fjölnis vann allar sveitir Úrvalsdeildar nokkuð örugglega og er með hagstæða forystu fyrir síðari hlutann sem verður tefldur í byrjun mars 2024. Í þessari mögnuðu sigursveit voru 5 ungir skákmenn á fyrstu 5 borðunum, meðalaldurinn 24 ár.



Skákdeild Fjölnis hefur leitað til erlendra skákmanna að tefla með A sveitinni. Undantekningarlaust hafa útlendingarnir verið ungir og áhugasamir skákmenn sem hafa gefið sig alla í að berjast fyrir vinningum. Að þessu sinni mættu til liðs við okkur Litháarnir Paulius Pultinevicius, Valery Kazakouski og Tomas Laurusas sem allir skiluðu 4,5 vinningum í 5 skákum. Daninn Jesper Thybo var fjórði útlendingurinn í Fjölnissveitinni, efnilegasti skákmaður Danmerkur. Aðrir í skáksveitinni voru þeir Dagur Ragnarsson, Sigurbjörn J. Björnsson, Tómas Björnsson, Oliver Aron Jóhannesson og Jón Árni Halldórsson.

Loks tókst að manna B sveit Fjölnis almennilega og þá var ekki að sökum að spyrja. B sveitin er í forystusæti í 3. deild eftir fyrri hlutann og ætlar sér upp um deild að ári. Ekki síður glæsileg skáksveit með jafnt
hlutfall karla og kvenna. C sveitin var þriðja skáksveitin sem Skákdeild Fjölnis skráði til leiks á Íslandsmót skákfélaga. Sveitina skipa grunnskólakrakkar, stelpur jafnt og strákar.

Íslandsmót ungmenna í skák U8 – U16 var haldið í Miðgarði í Garðabæ í desember. Fjölniskrakkar fjölmenntu á mótið og unnu tvo Íslandsmeistaratitla. Það voru þær Elsa Margrét Aðalgeirsdóttir U10 og Emilía Embla B. Berglindardóttir U12 sem unnu sína flokka á Íslandsmótinu. Sigrún Tara Sigurðardóttir og Tara Líf Ingadóttir urðu í 2. og 3. sæti í U12 flokk og Tristan Fannar Jónsson í U10 flokk drengja.

Taflfélag Reykjavíkur stóð fyrir Atskákkeppni taflfélaga dagana 6. og 7. nóvember. Fjölnismenn mættu til leiks með A og B sveit. Mótið var jafnt og spennandi frá upphafi til enda. A sveitin okkar landaði verðlaunasæti með góðum sigri í síðustu umferð, 3. sæti fékkst eftir að sveitin hafði lengst af verið í 4. sæti.

Íslandsmót Barna-og unglingasveita í skák var haldið í Miðgarði Garðabæ 4. nóvember. Skákdeild Fjölnis sendi flestar skáksveitir til leiks eða 8 talsins, 33 þátttakendur. Tvær skáksveitir Fjölnis komust á verðlaunapall, í B flokki í 3. sæti og í 2. sæti í C flokki þeim yngsta, skipuð 6 - 8 ára gömlum krökkum.



Á uppskeruhátíð Fjölnis í Keiluhöllinni í lok ársins, voru þau Sóley Kría Helgadóttir og Theodór H. Eiríksson heiðruð af aðalstjórn Umf. Fjölnis sem afreksfólk skákdeildar árið 2023. Við sama tækifæri var Gunnlaugi Egilssyni stjórnarmanni í skákdeild veitt silfurmerki Fjölnis fyrir stjórnarstörf í skákdeildinni allt frá stofnun árið 2004.



Sóley Kría er nemandi í 10. bekk og hefur teflt með skáksveitum Rimaskóla og skákdeild Fjölnis allt frá fyrstu grunnskólaárum. Í dag er hún einn af þjálfurum skákdeildarinnar á hinum fjölmennu skákæfingum alla fimmtudaga. Sóley Kría vann áskorendaflokk Íslandsmóts kvenna fyrr í haust með fullu húsi.



Theodór er nemandi í 8. bekk Foldaskóla. Hann hefur tekið þátt í nánast öllum skákmótum sem í boði hafa verið á árinu og árangurinn athyglisverður. Í vor tók hann þátt í Deltalift Open Grand Prix helgarskákmótinu í Svíþjóð og þar komu berlega í ljós þær framfarir sem veturinn á undan höfðu fært honum.

Fundir í stjórn skákdeildar Fjölnis voru fáir á árinu. Stjórnarmeðlimir komu að einstaka verkefnum skákdeildarinnar. Skákdeildin fékk sinn árlega rekstrarstyrk frá ÍTR sem er deildinni nauðsynlegur við ókeypis barna-og unglingastarf og til þátttöku á Íslandsmóti skákfélaga. Stjórn ÍTR fær sérstakar þakkir fyrir ómetanlegan stuðning.

Skákdeild Fjölnis vill einnig þakka starfsfólki og aðalstjórn Umf. Fjölnis fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Loks ber að þakka húsverði Rimaskóla, skólastjórnendum og síðast en ekki síst eldhússtarfsfólki skólans fyrir afnot af húsnæðinu og gómsæta skúffuköku á hverri skákæfingu.

Skákdeild Fjölnis á Facebook

Reykjavík, 3. febrúar 2023
Helgi Árnason
*formaður skákdeildar Fjölnis*



# SUND

Á framhaldsaðalfundi sunddeildarinnar þann 20. febrúar 2023 var stjórn deildarinnar kjörin. Stjórnina árið 2023-2024 skipa:

- Aníka Lind Björnsdóttir, formaður
- Sigfríður Guðný Theódórsdóttir, varaformaður
- Margrét Samúelsdóttir, ritari
- Hrönn Harðardóttir, meðstjórnandi / fjáröflunarstjóri
- Ásgeir Björnsson, meðstjórnandi / hópeflisstjóri
- Þórður Ásþórsson, gjaldkeri

# ÁVARP FORMANNS

Eins og undanfarin ár hófst starfsár sunddeildar á verðlaunaafhendingu til sundfólksins okkar. Þar voru veitt verðlaun fyrir þau stigahæstu, mestu framfarir og svo sundmaður og sundkona deildarinnar krýnd. Kristján Gylfi og Coco Margaret sem voru stigahæst og þar með sundfólk deildarinnar.

Í upphafi árs lagðist afreksstarf deildarinnar formlega af þar sem þeir sem eftir voru á afreksstigi ákváðu að skipta yfir til Ægis. Sú ákvörðun var fyrirséð þar sem samstarf okkar við Sundfélagið Ægi gekk vel og var þeirra hagsmunum best borgið í því umhverfi. Okkar starf í uppbyggingu gat þá fengið enn meiri fókus en áður.

Aðalfundur deildarinnar var haldinn í febrúar. Boða þurfti til aukafundar þar sem ekki náðist að manna stjórn. Á seinni aðalfundi var Aníka Lind endurkjörinn formaður og aðrir stjórnarmeðlimir sem buðu sig fram voru Jón Ágúst, Sigfríður Guðný, Hrönn, Ásgeir, Margrét og Ásþór. Jón Hákon og Ágúst viku úr stjórn.

Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar var vormótið okkar árlega. Það fór fram í lok febrúar og gekk vel í framkvæmd. Fjáröflun í formi veitingasölu gekk vel og var heimabakstur til fyrirmyndar.

Þjálfarar í sundskóla voru Herdís og Ingvar sem áður og vorum við með sundskóla í Dalslaug og Grafarvogslaug. Kristinn sá um útilaugarhópana og sumarnámskeiðin í kjölfarið frá miðjum júní-júlí og svo 2 vikur í ágúst. Á haustmánuðum ákváðu Ingvar og Herdís að segja samningum sínum lausum vegna náms og við óskum þeim velfarnaðar. Í stað þeirra var Emil Steinar ráðinn í sundskóla, ungur og fullur eldmóðs að taka sín fyrstu skref í þjálfun. Nokkrir byrjunar örðuleikar gerðu vart við sig en svo komst þetta í ágætt horf.

Sundfólkið okkar í deildinni er ungt og efnilegt og margir persónulegir sigrar unnust á árinu ásamt stærri sigrum. Mörg sundmót eru haldin yfir tímabilið og gefst þeim gott tækifæri á að ná framförum og bætingum. Heilt yfir voru mótin vel sótt og gaman að sjá nýja og yngri iðkendur stíga sín fyrstu skref í að keppa.



Á vormánuðum var stór hópur sundmanna úr A, B og C hóp sem fóru á Akranesleikana. Það er stórt og flott mót þar sem mikið af bætingum, gleði og glensi. Hópurinn okkar var til fyrirmyndar og gaman að sjá hversu flott liðsheild hefur myndast hjá þessum krökkum. Hvatning og umhyggja er þeim ofarlega í huga og þarna var engin breyting á.



Í lok júní vorum við með 6 keppendur á Aldursflokkameistaramóti SSÍ (AMÍ) á Akureyri. Hópurinn stóð sig með eindæmum vel og var til fyrirmyndar.

Tvær sundkonur 13 ára náðu lágmarki á ÍM25 sem við erum afskaplega stolt af. Þær kepptu hvor í 5 greinum og náði Álfrún Lóa að synda sig inn í úrslit í 200m bringusundi, þar sem hún hafnaði í 18. Sæti. Þessi úrslit tryggðu henni sæti í Framtíðarhóp SSÍ, sem eru undirbúningsbúðir landsliðsverkefna fyrir ungt og efnilegt sundfólk.




Haustönn fór ágætlega af stað. Aðsókn í C og D hóp jókst til muna þegar aðeins var liðið á önnina sem er ánægjulegt.

Aðventumótið okkar var haldið í lok nóvember og tókst það mjög vel til. Foreldara voru mjög viljugir að aðstoða við bakstur og önnur hlutverk á mótinu sem okkur þótti frábært. Nýjir foreldrar létu sjá sig og það er ofsalega gott að sjá þegar árangur næst í að efla foreldrasamfélagið. Stemningin á mótinu var mjög góð og heilt yfir sátt með framkvæmd mótsins.

Í október fagnaði sunddeild Fjölnis 25 ára starfsafmæli, en deildin var stofnuð 16. júní 1998. Boðið var í veislu þar sem pylsur og kaka voru í boði, Lalli töframaður, andlistmáling og trúbador héldu uppi góðu stuði.

Í lok nóvember ákvað Jón Ágúst að stíga út úr stjórn vegna anna og afhenti því gjaldkerastöðuna til Þórðar. Hann hefur áður sinnt gjaldkerahlutverkinu svo það gekk ljómandi smurt fyrir sig. Jón Ágúst er stjórninni þó innan handa sem varamaður og almennur ráðgjafi.





Árleg uppskeruhátíð Fjölnis fór fram í desember þar sem Álfrún Lóa og Viljar voru sundfólk Fjölnis. Einnig var Björn Valdimarsson, yfirdómari sæmdur gullmerki félagsins fyrir ómælda vinnu og aðstoð við dómgæslu á sundmótum fyrir deildina. Sunddeild Fjölnis er með eindæmum heppin að hafa hann sér til halds og trausts og hefur hann alfarið séð um dómaramál á okkar mótum.

Sitjandi stjórn sunddeildar hefur haft mörgum verkefnum að sinna, en þó það sem er mest áberandi er ráðning þjálfara.

Það virðist vera landlægt vandamál sem ekki bara við stöndum frammi fyrir. Það var ósk okkar að geta ráðið aðstoðarþjálfara fyrir hópa í útilaug en því miður gekk það ekki.

Það er ánægjulegt að sjá að SSÍ hefur hannað þjálfaranám sem vonandi skilar þjálfurum inn í greinina, sem vissulega er þörf á. Mönnun sundskóla getur einungis haldið úti lágmarks starfsemi og fáir hópar sem hægt er að bjóða uppá.

Afleysing þjálfara er ekki í góðum farvegi. Uppbyggingar starf byggist á að halda stöðugleika og er illvinnanleg ef þjálfarar eru ekki staðar til að geta boðið uppá fjölbreytt og líflegt starf. Við í stjórn höfum rætt ýmsa möguleika og velt mörgum steinum hvernig hægt væri að leysa þjálfaravöntun. Upp hefur komið í umræða um meiri samvinnu milli Reykjavíkurfélaga. Það væri vinna sem þyrfti mikla og faglega ígrundun en við teljum hagsmunum til langs tíma best borgið í stærra samhengi.

Aníka Lind Björnsdóttir
*formaður sunddeildar Fjölnis*



# TENNIS

Á aðalfundi tennisdeildarinnar 20. febrúar 2023 var ný stjórn kjörin.
Stjórnina árið 2023-2024 skipa:

- Óskar Knudsen, formaður
- Sigríður Sigurðardóttir, gjaldkeri
- Carola Frank, meðstjórnandi
- Sindri Snær Svanbergsson, meðstjórnandi
- Reynir Eyvindarson, meðstjórnandi

# ÁVARP FORMANNS

Eins og undanfarin ár fara nokkurn veginn allar tekjur tennisdeildarinnar sem koma frá æfingagjöldum í að greiða laun þjálfaranna, bolta, búninga og bikara. Gjöld sem greidd eru af æfingahúsnæði eru greidd af Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

Vetrar starf Tennisdeildar Fjölnis fer að mestu leiti fram í Tennishöllinni í Kópavogi, þar sem eru þrír teppalagðir vellir og tveir vellir með hörðu undirlagi. Síðasta sumar fóru æfingar fram á tennis völlum Þróttar í Laugardal. Þar voru námskeið fyrri hluta dags fyrir yngstu iðkenndurna en síðdegis æfingar fyrir unglinga og meistaraflokk. Þrekæfingar fara að mestu leiti fram í Egilshöllinni.

Mikil aðsókn var að æfingum allt árið og erum við mjög aðþrengd með æfingaaðstöðu. Niðurskurður hjá ÍBR varð til þess að fækka þurfti um 3 æfingar á viku. Úr þessu þarf að bæta og þurfum við fleiri tíma síðdegis og á kvöldin á virkum dögum. Einnig þarf að færa æfingaþungann af helgum á virka daga.

Eins og síðastliðina áratugi er Carola Frank aðalþjáfari deildarinnar en ásamt henni þjálfa þau Anna Podolskaia, Irka Cacicedo Jaroszynski (sem einnig keppir með meistaraflokksliði Fjölnis) og Egill Sigurdsson. Anton Magnússon þjálfaði fráágúst lokum út december. Carola og Irka sáu um sumar æfingar á Þróttarvöllum í Laugardal. Alana Elín Steinarsdóttir og Daníel Ísak Steinarsson eru þrekþjálfarar Afrekhópsins.



## Afrek ársins

### Afrekshópur unglinga

| | | |
|---|---|---|
| Saule Zukauskaite | Bryndís Rósa Armesto Nuevo | Daniel Pozo |
| Eygló Dís Ármannsdóttir | | Íva Jovisic |

### Yngri hæfileikaflokkur

| | | |
|---|---|---|
| Juan Pablo Moreno Monsalve | | Paula Moreno Monsalve |

### Tennisspilari ársins: Saule Zukauskaité (f. 2008)



- Paris Bowl Alþjóðlegt Pro Ten Juniors - U16 - 2. sæti einliða
- Swiss Bowl Alþjóðlegt Pro Ten Juniors - U16 - 2.sæti einliða
- 2. sæti í U18 í einliða í Íslandsmót Utanhús
- 2. sæti í U18 í tvíliða í Íslandsmót Utanhús
- Íslandsmeistari í tvennda í Meistarflokkur í Íslandmót Innanhús
- 2. sæti í U16 tvílíða í Íslandmót Innanhús
- Undanúrslit í Meistaraflokkur tvíliða í Íslandmót Innanhús
- 2. ITN keppni kvenna á TSÍ 100 Mót
- 2. sæti U16 einliða – Spanish Bowl Alþjóðlegt Pro Ten Juniors
- 2. sæti í Meistaraflokki á Jólamóti TSÍ
- Sigurvegari í heildarstigum á Alþjóðlegt Pro Ten Juniors Tour 2023

Saule og Daníel Pozo urðu Íslandsmeistarar í Meistaraflokkur Tvennda.

Íva Jovisic var valin til að spila fyrir hönd Íslands í European Youth Olympics. Meira um það hér: _Saule og Daníel Pozo urðu Íslandsmeistarar í Meistaraflokkur Tvennda_



Eygló Dís og Bryndís Rósa voru valdar 2.árið í röð til í landsliðið. Þær kepptu á Billie Jean King Cup (heimsmeistaramót kvenna landsliða) sem fór fram í Makedóníu. Við erum ekkert smá stolt af þeim þar sem þetta er í fyrsta skipti sem þær fá að spila á þessu móti en þær sigruðu í tvíliðaleik á móti Azerbaijan 6x2/6x0.




Systkinin Juan Pablo Moreno Monsalve og Paula Moreno Monsalve unnu Grunnskólamót – Juan Pablo í U12 og Paula í U10.

Liðið Irka Cacicedo Jaroszynska, Bryndís Rósa Armesto Nuevo og Íva Jovisic var Reykjavíkurmeistari liðakeppni.

Ragna Sigurdardóttir vann í tvílíða kvenna ásamt Diönu Ivancheva á ITF Icelandic Seniors mót 30+. Þær voru líka Íslandsmeistarar Utanhúss 30+ tvíliða kv.



Ólafur Helgi Jónsson vann í tvenndar ásamt Evu Dögg Kristbjörnsdóttir á ITF Icelandic Seniors mót 30+.

Bryndís Rósa Armesto Nuevo vann Í Meistraflokki kvenna á síðasa móti ársins – Jólamóti TSÍ. Bryndís er líka komin með aðgang að háskóla í Kentucky í Bandaríkjunum og er á leiðini út nú í haust til að spila tennis með skólaliðinu.



Líkt og fyrri ár stendur aðstöðuleysi tennisdeildinni verulega fyrir þrifum og kemur í veg fyrir frekari fjölgun iðkenda og aukið framboð á æfingum fyrir núverandi iðkendur. Þörf er á fleiri æfingatímum fyrir tennisdeildina. Að auki eru engin tíðindi af aðstöðu til tennisæfinga og keppni í Reykjavík en slíkt hefur verið í umræðunni um árabil.

Þó er kröftugt starf rekið á vegum deildarinnar og framtíðin björt fyrir metnaðarfullan afrekshóp tennisdeildarinnar.

Óskar Knudsen
*formaður tennisdeildar Fjölnis*








N1
N1
N1
ICELANDAIR



2174
FJÖLNISHLAUPIÐ
2161
ALTAK
FJÖLNISHLAUPIÐ
2117
ALTAK

# UPPSKERUHÁTÍÐ FJÖLNIS 2023

Hin árlega Uppskeruhátíð Fjölnis fór fram við hátíðlega athöfn í Keiluhöllinni þann 13. desember 2023 og heppnaðist kvöldið einstaklega vel. Góð mæting var á viðburðinn en hátt í 100 manns voru viðstaddir athöfnina. Veitt voru verðlaun fyrir íþróttaafrek ársins, sjálfboðaliðum voru veitt gull- og silfurmerki ásamt því að valið á Fjölnismanni, íþróttakarli og -konu var tilkynnt.

Íþróttafólk deilda er kjörið ár hvert af deildum félagsins, aðalstjórn félagsins velur svo úr hópi þeirra einn íþróttakarl og eina íþróttakonu Fjölnis. Aðalstjórn félagsins velur einnig Fjölnismann ársins út frá ábendingum. Þau hljóta öll farandbikar sem þau varðveita í eitt ár og einnig fá þau afhentan bikar til eignar sem gjöf.




Silfurmerki félagsins er viðurkenning sem veita má þeim sem starfað hafa í stjórnum í 5 ár eða lengur eða hafa með öðrum hætti unnið vel og dyggilega fyrir félagið.

Gullmerki má veita þeim sem hafa starfað í stjórnum í 10 ár eða lengur. Um gull- og silfurmerki gildir að aðalstjórn félagsins fær sendar inn ábendingar / tilnefningar frá stjórnum deilda. Aðalstjórn tekur endanlega ákvörðun um veitingu viðurkenninga til einstaklinga.

Jón Karl formaður félagsins og Jarþrúður Hanna varaformaður félagsins stýrðu athöfninni og í hléi var Arnór Ásgeirsson, íþróttastjóri Fjölnis, með Kahoot spurningakeppni með glæsilegum vinningum. Baldvin Örn Berndsen og Þorgils G sáu um að mynda viðburðinn og þökkum við þeim kærlega vel fyrir.

Við óskum fólkinu okkar innilega til hamingju og þökkum öllum þeim sem komu kærlega fyrir komuna og kvöldið!

# UPPSKERUHÁTÍÐ FJÖLNIS 2023















# FJÖLNISMAÐUR ÁRSINS 2023

Hildigunnur Smáradóttir



Hildigunnur hefur sinnt miklu og góðu sjálfboðaliðastarfi í mörg ár fyrir knattspyrnudeild Fjölnis. Í gegnum tíðina hefur hún tekið að sér fjöldan allan að verkefnum og ávallt leyst þau með myndarbrag. Undanfarin ár hefur Hildigunnur verið í meistaraflokksráði kvenna og hefur hún átt stóran þátt í aukinni og betri umgjörð í kringum meistaraflokk kvenna m.a. með sínum frægu pastamáltíðum.

# ÍÞRÓTTAKARL ÁRSINS 2023

Gabríel Sigurður Pálmason



Gabriel er sem fyrr einbeittur karatemaður og fyrirmyndariðkandi. Í ár hefur hann dregið heim gullpeninga fyrir frammistöðu sína í kata 15 ára pilta á Íslandsmeistaramóti unglinga í Kata. Það sama á við um Kata 16-17 ára pilta á GrandPrix mótaröð Karatesambands Íslands, en þaðan kom hann með tvenn gullverðlaun og ein silfurverðlaun. Auk þess náði hann sér í bronsverðlaun á Reykjavík International Games í flokki ungmenna. Á Kobe Osaka International mótinu í Skotlandi í haust gerði hann sér lítið fyrir og tók heim gull í kata bæði í aldursflokki 14-15 ára og 16 ára. Auk þess sem hann hlaut gull fyrir keppni í kumite 14-15 ára.

Í salnum er hann óþreytandi, mætir hann á allar æfingar og afreksæfingar auk styrktaræfinga og hann gefur sig allan á hverri æfingu. Gabriel er fyrirmyndar afreksíþróttamaður sem sannar að sjálfsagi og einbeiting skilar árangri.

# ÍÞRÓTTAKONA ÁRSINS 2023

Helga Þóra Sigurjónsdóttir



Helga Þóra Sigurjónsdóttir hefur náð mjög góðum árangri í hástökki á árinu. Hún er 23 ára gömul og hefur æft frjálsar íþróttir frá 9 ára aldri. Hún er nú með bestu hástökkvurum á landinu í kvennaflokki. Hennar besta afrek 2023 er stökk upp 1,77 m á Stökkmóti FH og Meistaramóti Íslands utanhúss, en sá árangur skilaði henni Íslandsmeistaratitli og er annar besti árangur konu utanhúss á árinu og jöfnun á besta árangri innanhúss. Jafnframt er þetta 8. besti árangur sem íslensk kona hefur stokkið. Sá árangur gefur 994 WA stig sem er frábær árangur.

# ÍÞRÓTTAFÓLK ÁRSINS

## Fimleikadeild



Fimleikakarl ársins:
Elio Mar Rebora



Fimleikakona ársins:
Natalía Tunjeera Hinriksdóttir

## Frjálsíþróttadeild



Frjálsíþróttakarl ársins:
Bjarni Anton Theódórsson



Frjálsíþróttakona ársins:
Helga Þóra Sigurjónsdóttir

# ÍÞRÓTTAFÓLK ÁRSINS

## Handknattleiksdeild



Handboltakarl ársins:
Björgvin Páll Rúnarsson



Handboltakona ársins:
Sara Björg Davíðsdóttir

## Íshokkídeild




Íshokkíkarl árins:
Hilmar Benedikt
Sverrisson



Íshokkíkona ársins:
Guðrún Viðarsdóttir

# ÍÞRÓTTAFÓLK ÁRSINS

## Karatedeild



**Karatekarl ársins:**
**Gabríel Sigurður Pálmason**



**Karatekona ársins:**
**Klara Ólöf Kristjánsdóttir**

## Knattspyrnudeild



**Knattspyrnukarl ársins:**
**Hans Viktor Guðmundsson**



**Knattspyrnukona ársins:**
**Alda Ólafsdóttir**

# ÍÞRÓTTAFÓLK ÁRSINS

## Körfuknattleiksdeild



**Körfuboltakarl ársins:**
**Viktor Máni Steffensen**



**Körfuboltakona ársins:**
**Bergdís Anna Magnúsdóttir**

## Listskautadeild



**Skautakona ársins:**
**Lena Rut Ásgeirsdóttir**

# ÍÞRÓTTAFÓLK ÁRSINS

## Skákdeild


Skákkarl ársins:
Theódór Helgi Eiríksson


Skákkona ársins:
Sóley Kría Helgadóttir

## Sunddeild


Sundkarl ársins:
Viljar Fannarsson


Sundkona ársins:
Álfrún Lóa Jónsdóttir

# ÍÞRÓTTAFÓLK ÁRSINS

## Tennisdeild



**Tenniskona ársins:**
**Saulé Zukauskaité**

# SILFURMERKJAHAFAR



**Sunna Rut Guðlaugsdóttir**
Karatedeild



**Hildigunnur Smáradóttir**
Knattspyrnudeild



**Steinunn Björk Sigurðardóttir**
Knattspyrnudeild



**Gunnar Sigurðsson**
Knattspyrnudeild



**Salvör Þóra Davíðsdóttir**
Körfuknattleiksdeild



**Jón Pétur Zimsen**
Körfuknattleiksdeild



**Kristel Björk Þórisdóttir**
Listskautadeild



**Ingibjörg G. Jónsdóttir**
Listskautadeild



**Gunnlaugur Egilsson**
Skákdeild

# GULLMERKJAHAFAR



**Ragnar Torfason**
Körfuknattleiksdeild



**Björn Valdimarsson**
Sunddeild

# UMF. FJÖLNIR

## ÁRSREIKNINGUR SAMSTÆÐU 2023

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðmundur L Gunnarsson
Kt. 0205694689
Dags. 12.3.2024 11:01:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Gunnhildur Einarsdóttir
Kt. 2902842449
Dags. 12.3.2024 11:04:53
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Gunnar Ingi Jóhannsson
Kt. 2401793349
Dags. 12.3.2024 11:18:33
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Gunnar Pétur Jónatansson
Kt. 1002622909
Dags. 12.3.2024 12:08:55
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jónas Gestur Jónasson
Kt. 2304704139
Dags. 12.3.2024 12:30:51
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir
Kt. 0711743449
Dags. 12.3.2024 17:03:29
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jón Karl Ólafsson
Kt. 1209582759
Dags. 13.3.2024 07:22:43
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðlaug Björk Karlsdóttir
Kt. 2510775339
Dags. 18.3.2024 12:14:17
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hreinn Ólafsson
Kt. 1208604459
Dags. 18.3.2024 14:24:39
Ástæða: Undirritun

**Ungmennafélagið Fjölnir**
**Egilshöll, Fossaleyni 1**
**112 Reykjavík**
**kt. 631288-7589**

**Áritun um aðstoð við gerð ársreiknings**

Til stjórnar og félagsmanna í Ungmennafélaginu Fjölni.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Ungmennafélagsins Fjölnis vegna ársins 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, um gerð óendurskoðaðra reikningsskila með það að markmiði að aðstoða Ungmennafélagið Fjölni við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur á Íslandi. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir ársreikningnum.

Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

*Kópavogur, 11. mars 2024*
Deloitte ehf.
Jónas Gestur Jónasson endurskoðandi

# SKÝRSLA STJÓRNAR

Ársreikningur UMF Fjölnis árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og deilda þess, sem voru 12 í lok ársins.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 960 millj.kr. á árinu. tap af rekstrinum nam 83,5 millj.kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 157 millj.kr. í lok ársins 2023.

Eigið fé í lok ársins nam 42,3 millj.kr.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Ungmennafélagsins Fjölnis koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Ungmennafélagsins Fjölnis staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

**Í stjórn**
Jón Karl Ólafsson formaður
Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir varaformaður
Guðlaug Karlsdóttir Gjaldkeri
Gunnar Jónatansson Ritari
Gunnhildur Einarsdóttir meðstjórnandi
Hreinn Ólafsson meðstjórnandi
Trausti Harðarson meðstjórnandi

**Framkvæmdastjóri**
Guðmundur L. Gunnarsson

# REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2023

| | Skýr. | Samstæða | | Aðalsjóður | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | **2023** | **2022** | **2023** | **2022** |
| Framlög og styrkir | | 506.588 | 474.429 | 464.185 | 437.922 |
| Tekjur af mótum | | 73.605 | 39.636 | 12.369 | 2.730 |
| Æfingagjöld | | 280.157 | 274.553 | 8.297 | 5.792 |
| Aðrar tekjur | | 100.390 | 178.958 | 30.223 | 72.061 |
| **Rekstrartekjur samtals** | | **960.738** | **967.577** | **515.074** | **518.504** |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Laun og verktakagreiðslur | 3 | (471.662) | (429.959) | (88.617) | (76.643) |
| Styrkir til deilda | | 0 | 0 | (20.575) | (71.535) |
| Þáttaka í mótum | | (135.879) | (116.840) | (11.826) | (17.103) |
| Mannvirkjakostnaður | | (340.260) | (323.010) | (330.714) | (309.812) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (16.293) | (10.723) | (10.326) | (7.095) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (75.295) | (85.039) | (37.754) | (35.166) |
| **Rekstrargjöld samtals** | | **(1.039.389)** | **(965.570)** | **(499.813)** | **(517.354)** |
| **Rekstrarhagnaður (tap)** | | (78.651) | 2.006 | 15.260 | 1.150 |
| Fjármunatekjur | 4 | 2.164 | 664 | 348 | 154 |
| Fjármagnsgjöld | 4 | (11.362) | (8.629) | (3.321) | (2.349) |
| | | (9.199) | (7.965) | (2.973) | (2.194) |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | **(87.850)** | **(5.959)** | **12.287** | **(1.044)** |

Fjárhæðir eru í þús. kr.

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2023

| Eignir | Skýr. | Samstæða 31.12.2023 | Samstæða 31.12.2022 | Aðalsjóður 31.12.2023 | Aðalsjóður 31.12.2022 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 5 | 133.239 | 133.214 | 127.441 | 129.017 |
| Aðrar óefnislegar eignir | 6 | 3.150 | 3.550 | 0 | 0 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur | | 100 | 100 | 100 | 100 |
| | | **136.489** | **136.864** | **127.541** | **129.117** |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Skammtímakröfur | 7 | 17.026 | 65.973 | 75.111 | 37.271 |
| | | 17.026 | 65.973 | 75.111 | 37.271 |
| **Eignir** | | **153.515** | **202.837** | **202.652** | **166.388** |
| **Eigið fé og skuldir** | | | | | |
| **Eigið fé** | 8 | | | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 37.937 | 126.233 | 135.382 | 123.094 |
| Eigið fé | | **37.937** | **126.233** | **135.382** | **123.094** |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir | 9 | 91.207 | 52.525 | 42.899 | 19.214 |
| Skuldir við lánastofnanir | 9 | 24.371 | 24.080 | 24.371 | 24.080 |
| | | 115.578 | 76.605 | 67.270 | 43.294 |
| Skuldir | | 115.578 | 76.605 | 67.270 | 43.294 |
| **Eigið fé og skuldir** | | **153.515** | **202.837** | **202.652** | **166.388** |

Fjárhæðir eru í þús. kr.

# YFIRLIT DEILDA ÁRIÐ 2023

**Yfirlit deilda árið 2023**

| | Aðal-sjóður | Knatt-spyrnu-deild | Sund-deild | Fimleika-deild | Hand-knattleiks-deild | Frjáls-íþrótta-deild | Karate-deild | Tennis-deild | Skák-deild | Körfu-knattleiks-deild | Hokkí-deild | Listskauta-deild | Samtals | Milli-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | | | | | | | | | | | |
| Framlög og styrkir | 459.109 | 19.531 | 125 | 618 | 8.955 | 145 | 0 | 0 | 2.487 | 8.777 | 1.551 | 288 | 501.587 | 0 | 501.587 |
| Aðalstyrktaraðilar / úthlutað til deilda | 5.075 | 10.00 | 0 | 1.000 | 6.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3.000 | 0 | 500 | 25.575 | (20.575) | 5.000 |
| Félags- og æfingagjöld | 8.297 | 83.456 | 7.809 | 83.028 | 17.173 | 10.699 | 6.174 | 7.352 | 179 | 18.565 | 11.580 | 25.843 | 280.157 | 0 | 280.157 |
| Húsaleiga á íþróttamannvirki | 0 | 0 | 0 | 5.635 | 0 | 0 | 0 | 7.081 | 0 | 0 | 1.200 | 0 | 13.916 | 0 | 13.916 |
| Mótatekjur | 12.369 | 26.065 | 1.867 | 11.799 | 6.031 | 1.403 | 0 | 45 | 497 | 6.726 | 5.100 | 1.703 | 73.605 | 0 | 73.605 |
| Lottó og getraunir | 0 | 285 | 0 | 0 | 5 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 289 | 0 | 289 |
| Fjáraflanir | 25.902 | 7.518 | 40 | 2.491 | 4.771 | 2.571 | 7 | 0 | 1.039 | 5.532 | 2.480 | 3.289 | 55.642 | 0 | 55.642 |
| Tekjur af félagaskiptum | 0 | 4.700 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.700 | 0 | 4.700 |
| Aðrar tekjur | 4.320 | 14.367 | 821 | 2.020 | 0 | 41 | 285 | 0 | 0 | 8 | 3.293 | 688 | 25.843 | 0 | 25.843 |
| | 515.074 | 165.922 | 10.661 | 106.592 | 42.935 | 14.859 | 6.466 | 14.477 | 4.203 | 42.609 | 25.204 | 32.312 | 981.313 | (20.575) | 960.738 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | | | | | | | | | |
| Laun, orlof, dagpeningar | 64.719 | 4.309 | 396 | 73.104 | 250 | 6.815 | 2.251 | 0 | 0 | 6.084 | 5.019 | 22.80 | 185.757 | 0 | 185.757 |
| Ökutækjastyrkur | 949 | 0 | 0 | 1.486 | 550 | 0 | 840 | 0 | 0 | 0 | 322 | 9 113 | 4.261 | 0 | 4.261 |
| Launatengd gjöld | 13.857 | 1.407 | 74 | 14.807 | 128 | 1.330 | 474 | 0 | 0 | 1.787 | 918 | 4.606 | 39.387 | 0 | 39.387 |
| Verktakagreiðslur | 9.09 | 133.075 | 8.113 | 3.73 | 32.148 | 2.38 | 2.36 | 7.43 | 87 | 32.946 | 7.145 | 3.750 | 242.257 | 0 | 242.257 |
| Kostnaður vegna keppenda og þjálfara | 2 | 4.498 | 0 | 2 8 | 2.576 | 0 0 | 0 0 | 0 0 | 0 | 1.250 | 75 | 195 | 9.078 | 0 | 9.078 |
| Greiðslur vegna félagaskipta | 475 | 1.749 | 0 | 0 | 84 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.303 | 975 | 0 | 5.111 | 0 | 5.111 |
| Leikja/mótakostnaður og sérsambönd | 1.410 | 24.701 | 1.688 | 6.293 | 5.350 | 1.044 | 510 | 15 | 2.326 | 7.618 | 2.192 | 2.630 | 55.778 | 0 | 55.778 |
| Ferðakostnaður | 1.710 | 23.404 | 224 | 3.333 | 4.816 | 1.231 | 120 | 0 | 651 | 4.771 | 5.229 | 4.312 | 49.801 | 0 | 49.801 |
| Búningar og merkingar | 524 | 3.696 | 362 | 1.078 | 660 | | 200 | 0 | 0 | 30 | 860 | 30 | 7.440 | 0 | 7.440 |
| Áhöld og tæki | 775 | 1.858 | 53 | 865 | 324 | 662 | 111 | 38 | 0 | 453 | 705 | 60 | 5.905 | 0 | 5.905 |
| Styrkir til deilda | 20.575 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 20.575 | (20.575) | 0 |
| Rekstur húsnæðis og valla | 327.472 | 1.096 | 0 | 995 | 385 | 0 | 0 | 7.081 | 0 | 4.862 | 1.098 | 1.110 | 344.099 | 0 | 344.099 |
| Sjoppa á leikvöllum | 180 | 2.980 | 590 | 0 | 0 | 0 | 174 | 0 | 0 | 1.106 | | 136 | 5.165 | 0 | 5.165 |
| Sími, prentun og skrifstofukostnaður | 10.326 | 2.691 | 193 | 658 | 667 | 30 | 59 | 0 | 0 | 732 | 728 | 208 | 16.293 | 0 | 16.293 |
| Kostnaður vegna fjáröflunar | 28.569 | 2.034 | 413 | 3.469 | 1.586 | 1.066 | 0 | 0 | 1.140 | 545 | 4.150 | 635 | 43.606 | 0 | 43.606 |
| Námskeið og annar kostnaður | 19.180 | 3.279 | 73 | 431 | 450 | 1.046 | 0 | 0 | 30 | 464 | 329 | 170 | 25.453 | 0 | 25.453 |
| | 499.813 | 210.777 | 12.180 | 110.259 | 49.973 | 15.604 | 7.100 | 14.565 | 4.233 | 64.950 | 29.746 | 40.764 | 1.059.964 | (20.575) | 1.039.389 |
| **Hagnaður fyrir fjármagnsliði** | 15.260 | (44.856) | (1.518) | (3.668) | (7.037) | (745) | (634) | (88) | (30) | (22.341) | (4.543) | (8.452) | (78.651) | 0 | (78.651) |
| Vaxtatekjur | 348 | 437 | 41 | 975 | 86 | 43 | 51 | 14 | 8 | 51 | 55 | 55 | 2.164 | 0 | 2.164 |
| Vaxtagjöld | (3.321) | (2.579) | (561) | (734) | (770) | (211) | (52) | (52) | (5) | (2.359) | (187) | (532) | (11.362) | 0 | (11.362) |
| **Afkoma ársins** | 12.287 | (46.997) | (2.038) | (3.426) | (7.721) | (913) | (635) | (126) | (28) | (24.649) | (4.675) | (8.930) | (87.850) | 0 | (87.850) |

Fjárhæðir eru í þús. kr.

# YFIRLIT DEILDA ÁRIÐ 2023

**Yfirlit deilda árið 2023**

| | Aðal-sjóður | Knatt-spyrnu-deild | Sund-deild | Fimleika-deild | Hand-knattleiks-deild | Frjáls-íþrótta-deild | Karate-deild | Tennis-deild | Skák-deild | Körfu-knattleiks-deild | Hokkí-deild | Listskauta-deild | Samtals | Milli-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | | | | | | | | | | | |
| Fastafjármunir | 127.441 | 3.111 | 0 | 1.515 | 0 | 581 | 0 | 0 | 0 | 0 | 592 | 0 | 133.239 | 0 | 133.239 |
| Óefnislegar eignir | | 3.150 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3.150 | 0 | 3.150 |
| Eignarhlutur í öðrum félögum. | 100 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 100 | 0 | 100 |
| Viðskiptakröfur | 1.116 | 5.318 | 844 | 3.766 | 1.748 | 0 | 355 | 103 | 9 | 2.494 | 507 | 766 | 17.026 | 0 | 17.026 |
| Kröfur á aðrar deildir | 73.995 | 0 | 7.439 | 19.04 | 0 | 15.202 | 5.828 | 0 | 4.656 | 0 | 0 | 0 | 126.159 | (126.159) | 0 |
| Kortakröfur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Bankainnstæður | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | **202.652** | **11.579** | **8.283** | **24.321** | **1.748** | **15.783** | **6.183** | **103** | **4.665** | **2.494** | **1.099** | **766** | **279.675** | **(126.159)** | **153.515** |
| **Skuldir og eigið fé** | | | | | | | | | | | | | | | |
| Eigið fé | 135.382 | (31.474) | 7.542 | 11.738 | (47.295) | 13.171 | 5.563 | (770) | 4.133 | (43.030) | (5.577) | (11.446) | 37.938 | 0 | 37.937 |
| Skuldir við lánastofnanir | 24.371 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 24.371 | 0 | 24.371 |
| Skuldir við aðrar deildir | 0 | 14.454 | 0 | 0 | 42.936 | 0 | 0 | 872 | 0 | 28.473 | 2.588 | 6.483 | 95.805 | (95.805) | 0 |
| Viðskiptaskuldir | 24.009 | 5.276 | 236 | 7.394 | 3.510 | 2.404 | 546 | 0 | 20 | 5.301 | 3.921 | 4.563 | 57.178 | 0 | 57.178 |
| Ýmsar skammtímaskuldir ................................... | 18.89 | 23.323 | 505 | 5.189 | 2.598 | 208 | 74 | 0 | 511 | 11.751 | 168 | 1.166 | 64.383 | (30.354 | 34.029 |
| | **202.652** | **11.579** | **8.283** | **24.321** | **1.748** | **15.783** | **6.183** | **103** | **4.665** | **2.494** | **1.099** | **766** | **279.675** | **(126.159)** | **153.515** |

Fjárhæðir eru í þús. kr.

# YFIRLIT DEILDA ÁRIÐ 2023

**Yfirlit deilda árið 2022**

| | Aðal-sjóður | Knatt-spyrnu-deild | Sund-deild | Fimleika-deild | Hand-knattleiks-deild | Frjáls-þrótta-deild | Karate-deild | Tennis-deild | ÍAF-deild | Skák-deild | Körfu-knattleiks-deild | Hokkí-deild | Listskauta-deild | Samtals | Milli-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Framlög og styrkir | 432.247 | 20.719 | 237 | 899 | 6.742 | 2.123 | 0 | 110 | 0 | 3.605 | 3.311 | 2.350 | 550 | 472.892 | (4.138) | 468.755 |
| Aðalstyrktaraðilar / úthlutað til deilda | 5.674 | 31.510 | 0 | 1.000 | 13.050 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 22.100 | 0 | 0 | 73.334 | (67.660) | 5.674 |
| Félags- og æfingagjöld | 5.792 | 71.806 | 15.809 | 84.960 | 14.651 | 10.185 | 7.503 | 6.237 | 0 | 0 | 20.875 | 11.791 | 24.945 | 274.553 | 0 | 274.553 |
| Húsaleiga á íþróttamannvirki | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.606 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 4.606 | 0 | 4.606 |
| Mótatekjur | 2.730 | 9.073 | 2.406 | 12.415 | 3.225 | 1.810 | 13 | 0 | 0 | 84 | 4.114 | 2.797 | 969 | 39.636 | 0 | 39.636 |
| Lottó og getraunir | 0 | 417 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 417 | 0 | 417 |
| Fjáraflanir | 16.453 | 36.816 | 51 | 8.037 | 2.993 | 1.623 | 8 | 4 | 0 | 96 | 6.491 | 7.781 | 3.930 | 84.283 | 0 | 84.283 |
| Tekjur af félagaskiptum | 0 | 19.923 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 19.923 | 0 | 19.923 |
| Aðrar tekjur. | 55.607 | 4.079 | 640 | 1.704 | 4.796 | 220 | 37 | 0 | 0 | 416 | 1.052 | 856 | 323 | 69.729 | 0 | 69.729 |
| | **518.504** | **194.343** | **19.142** | **109.016** | **45.456** | **15.961** | **7.560** | **10.957** | **0** | **4.200** | **57.943** | **25.575** | **30.717** | **1.039.374** | **(71.797)** | **967.577** |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Laun, orlof, dagpeningar | 62.400 | 6.897 | 1.358 | 73.382 | 1.740 | 7.093 | 2.251 | 0 | 0 | 0 | 6.761 | 5.100 | 15.512 | 182.494 | 0 | 182.494 |
| Ökutækjastyrkur | 880 | 360 | 0 | 1.290 | 400 | 0 | 840 | 0 | 0 | 0 | 0 | 318 | 655 | 4.743 | 0 | 4.743 |
| Launatengd gjöld | 13.364 | 1.998 | 254 | 14.960 | 231 | 1.399 | 474 | 0 | 0 | 0 | 1.370 | 916 | 3.147 | 38.112 | 0 | 38.112 |
| Verktakagreiðslur | 0 | 111.522 | 12.44 | 1.46 | 31.394 | 1.93 | 1.771 | 7.27 | 0 | 68 | 25.725 | 5.479 | 5.530 | 204.610 | 0 | 204.610 |
| Kostnaður vegna keppenda og þjálfara | 1.52 | 3.519 | 0 125 | 7 93 | 1.930 | 6 0 | 0 | 9 0 | 0 | 50 | 2.716 | 425 | 216 | 10.601 | 0 | 10.601 |
| Greiðslur vegna félagaskipta | 8 0 | 1.826 | 0 | 0 | 236 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2.860 | .095 | 0 | 6.018 | 0 | 6.018 |
| Leikja/mótakostnaður og sérsambönd | 14.997 | 18.127 | 1.02 | 5.246 | 4.164 | 731 | 433 | 68 | 0 | 2.638 | 7.233 | 2.628 | 308 | 57.600 | 0 | 57.600 |
| Ferðakostnaður. | 2.105 | 24.395 | 7 82 | 8.684 | 4.626 | 1.505 | 180 | 0 | 0 | 1.724 | 5.243 | 5.807 | 4.888 | 59.240 | 0 | 59.240 |
| Búningar og merkingar | 0 | 5.567 | 334 | 12 | 657 | 191 | 530 | 107 | 0 | 0 | 326 | 1.954 | 320 | 9.999 | 0 | 9.999 |
| Áhöld og tæki | 805 | 929 | 62 | 220 | 929 | 919 | 67 | 100 | 0 | 0 | 96 | 173 | 82 | 4.382 | 0 | 4.382 |
| Styrkir til deilda | 71.535 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 71.535 | (71.535) | 0 |
| Rekstur húsnæðis og valla | 309.812 | 1.817 | 0 | 1.135 | 390 | 0 | 0 | 4.606 | 0 | 0 | 4.481 | 769 | 0 | 323.010 | 0 | 323.010 |
| Sjoppa á leikvöllum | 1.307 | 1.365 | 26 | 40 | 158 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 759 | 2.213 | 156 | 6.023 | 0 | 6.023 |
| Sími, prentun og skrifstofukostnaður | 7.095 | 1.702 | 182 | 1.073 | 0 | 63 | 0 | 0 | 0 | 0 | 462 | 35 | 111 | 10.723 | 0 | 10.723 |
| Kostnaður vegna fjáröflunar | 16.229 | 9.546 | 11 | 1.835 | 409 | 525 | 0 | 0 | 0 | 252 | 810 | 148 | 166 | 29.931 | 0 | 29.931 |
| Námskeið og annar kostnaður | 15.298 | 997 | 306 | 1.007 | 42 | 175 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 259 | 18.083 | 0 | 18.083 |
| | **517.354** | **190.570** | **16.205** | **110.445** | **47.306** | **14.537** | **6.546** | **12.160** | **0** | **4.732** | **58.842** | **27.062** | **31.348** | **1.037.105** | **(71.535)** | **965.570** |
| **Hagnaður fyrir fjármagnsliði** | 1.150 | 3.773 | 2.938 | (1.429) | (1.849) | 1.424 | 1.014 | (1.204) | 0 | (532) | (899) | (1.487) | (631) | 2.268 | (262) | 2.006 |
| Vaxtatekjur | 154 | 144 | 32 | 204 | 21 | 16 | 29 | 0 | 0 | 4 | 33 | 17 | 8 | 664 | 0 | 664 |
| Vaxtagjöld | (2.349) | (1.508) | (389) | (1.503) | (535) | (204) | (77) | (105) | 0 | (10) | (1.345) | (242) | (361) | (8.629) | 0 | (8.629) |
| **Afkoma ársins** | **(1.044)** | **2.410** | **2.580** | **(2.728)** | **(2.363)** | **1.235** | **966** | **(1.309)** | **0** | **(538)** | **(2.211)** | **(1.712)** | **(984)** | **(5.697)** | **( 262.051 )** | **(5.959)** |

Fjárhæðir eru í þús. kr.

# YFIRLIT DEILDA ÁRIÐ 2023

**Yfirlit deilda árið 2022**

| | Aðal-sjóður | Knatt-spyrnu-deild | Sund-deild | Fimleika-deild | Hand-knattleiks-deild | Frjáls-íþrótta-deild | Karate-deild | Tennis-deild | ÍAF-deild | Skák-deild | Körfu-knattleiks-deild | Hokkí-deild | Listskauta-deild | Samtals | Milli-færslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Fastafjármunir | 129.017 | 2.142 | 0 | 1.894 | 0 | 161 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 133.214 | 0 | 133.214 |
| Óefnislegar eignir | 0 | 3.550 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3.550 | 0 | 3.550 |
| Eignarhlutur í öðrum félögum | 100 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 100 | 0 | 100 |
| Viðskiptakröfur | 25.179 | 15.930 | 1.870 | 9.448 | 6.122 | 485 | 99 | 264 | 0 | 0 | 4.826 | 674 | 1.078 | 65.973 | 0 | 65.973 |
| Kröfur á aðrar deildir | 12.092 | 18.352 | 9.146 | 15.225 | 0 | 15.602 | 6.147 | 0 | 237 | 4.359 | 0 | 1.114 | 0 | 82.274 | (82.274) | 0 |
| Kortakröfur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Bankainnstæður | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | **166.388** | **39.973** | **11.015** | **26.567** | **6.122** | **16.247** | **6.246** | **264** | **237** | **4.359** | **4.826** | **1.788** | **1.078** | **285.111** | **(82.274)** | **202.837** |
| **Skuldir og eigið fé** | | | | | | | | | | | | | | | | |
| Eigið fé | 123.094 | 16.067 | 9.581 | 14.828 | (39.574) | 14.084 | 6.198 | (644) | 237 | 4.161 | (18.382) | (902) | (2.516) | 126.233 | | 126.233 |
| Skuldir við lánastofnanir | 24.080 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 24.080 | 0 | 24.080 |
| Skuldir við aðrar deildir | 0 | 0 | 0 | 0 | 39.830 | 0 | 0 | 341 | 0 | 0 | 10.876 | 0 | 714 | 51.760 | (51.760) | 0 |
| Viðskiptaskuldir | 5.948 | 1.695 | 600 | 5.646 | 2.862 | 1.452 | 0 | 12 | 0 | 198 | 2.731 | 1.584 | 1.044 | 23.772 | 0 | 23.772 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 13.266 | 22.212 | 835 | 6.093 | 3.004 | 711 | 48 | 555 | 0 | 0 | 9.601 | 1.106 | 1.836 | 59.266 | (30.514) | 28.753 |
| | **166.388** | **39.973** | **11.015** | **26.567** | **6.122** | **16.247** | **6.246** | **264** | **237** | **4.359** | **4.826** | **1.788** | **1.078** | **285.111** | **(82.274)** | **202.837** |

Fjárhæðir eru í þús. kr.

# SKÝRINGAR

## 1. Starfsemi

Ungmennafélagið Fjölnir er íþrótta- og æskulýðsfélag í Grafarvogi, Reykjavík, með starfsemi í 12 deildum. Félagið skiptist í aðalsjóð, fimleikadeild, frjálsíþróttadeild, handknattleiksdeild, karatedeild, knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, skákdeild, sunddeild, tennisdeild hokkídeild og listskautadeild.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Ungmennafélagsins Fjölnis fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.
Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings aðalsjóðs og ársreikninga deilda sem eru undir stjórn aðalstjórnar. Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

# SKÝRINGAR

**Fjármagnskostnaður**
Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

**Varanlegir rekstrarfjármunir**
Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

**Óefnislegar eignir**
Óefnislegar eignir eru einungis eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Meðal óefnislegra eigna eru eignir vegna viðskiptasamninga, einkaleyfa og hugbúnaðar. Eignir þessar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma og eru reiknaðar afskriftir hvers tímabils færðar í rekstrarreikning.

**Viðskiptakröfur**
Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

**Viðskiptaskuldir**
Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 3. Laun og verktakagreiðslur

| | Samstæða | | Aðalsjóður | |
|---|---|---|---|---|
| | 2023 | 2022 | 2023 | 2022 |
| Laun og bifreiðastyrkur | 190.018 | 187.237 | 65.669 | 63.280 |
| Launatengd gjöld | 39.387 | 38.112 | 13.857 | 13.364 |
| Verktakagreiðslur | 242.257 | 204.610 | 9.092 | 0 |
| | **471.662** | **429.959** | **88.617** | **76.643** |

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjármunatekjur greinast þannig: | Samstæða | | Aðalsjóður | |
|---|---|---|---|---|
| | 2023 | 2022 | 2023 | 2022 |
| Vaxtatekjur | 2.164 | 664 | 348 | 154 |
| | 2.164 | 664 | 348 | 154 |
| Fjármagnsgjöld greinast þannig<br>: | | | | |
| Vextir og dráttarvextir | (11.362) | (8.629) | (3.321) | (2.349) |
| | (11.362) | (8.629) | (3.321) | (2.349) |
| | **(9.199)** | **(7.965)** | **(2.973)** | **(2.194)** |

Fjárhæðir eru í þús. kr.

## 5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| **Samstæða** | **Mannvirki** | **Áhöld, tæki og innréttingar** | **Samtals** |
|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 118.111 | 36.342 | 154.453 |
| Eignfært á árinu | 0 | 4.351 | 4.351 |
| Staða í árslok | 118.111 | 40.693 | 158.804 |
| **Afskriftir** | | | |
| Staða í ársbyrjun | 0 | 21.239 | 21.239 |
| Afskrift ársins | 0 | 4.326 | 4.326 |
| Staða í árslok | 0 | 25.565 | 25.564.530 |
| **Bókfært verð** | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 118.111 | 15.103 | 133.214 |
| Bókfært verð í árslok | 118.111 | 15.128 | 133.239 |

## 6. Aðrar óefnislegar eignir

| **Samstæða** | **Eignfærð leikmannakaup** | **Samtals** |
|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | |
| Staða í ársbyrjun | 3.550 | 3.550 |
| Sérstakt endurmat | (400) | (400) |
| Staða í árslok | 3.150 | 3.150 |
| **Bókfært verð** | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 3.550 | 3.550 |
| Bókfært verð í árslok | 3.150 | 3.150 |

## 7. Aðrar peningalegar eignir

| **Viðskiptakröfur og aðrar kröfur** | **Samstæða** | | **Aðalsjóður** | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2023 | 31.12.2022 | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
| Innlendar viðskiptakröfur | 17.026 | 65.973 | 1.116 | 25.179 |
| Kröfur á aðrar deildir | 0 | 0 | 73.995 | 18.352 |
| | **17.026** | **65.973** | **75.111** | **43.530** |

Fjárhæðir eru í þús. kr.

## 7. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | Samstæða | | Aðalsjóður | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2023 | 31.12.2022 | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
| Bankainnstæður í íslenskum krónum | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | 0 | 0 | 0 | 0 |

## 8. Eigið fé

| Samstæða | Endurmats reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1. 2022 | 6.300 | 128.412 | 134.712 |
| Endurmat leikmanna | (550) | 0 | (550) |
| Aðrar breytingar | | (1.970) | (1.970) |
| Hagnaður ársins | 0 | (5.959) | (5.959) |
| Eigið fé 1.1. 2023 | 5.750 | 118.513 | 126.233 |
| Endurmat leikmanna | (550) | 0 | (550) |
| Aðrar breytingar | 0 | 104 | 104 |
| Hagnaður ársins | 0 | (87.850) | (87.850) |
| Eigið fé 31.12. 2023 | 5.200 | 30.767 | 37.937 |

## 9. Aðrar peningalegar skuldir

| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir | Samstæða | | Aðalsjóður | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2023 | 31.12.2022 | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
| Viðskiptaskuldir | 57.178 | 23.772 | 24.009 | 5.948 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 34.029 | 28.753 | 18.890 | 13.266 |
| Skuldir við lánastofnanir | 24.3711 | 24.080 | 24.371 | 24.080 |
| | 15.578 | 76.605 | 67.270 | 43.294 |

## 10. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 11. mars 2024

Fjárhæðir eru í þús. kr.

# SKÝRINGAR

**Stjórnun félagsins**

**7. grein**

Aðalfundur er æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Allir félagsmenn 16 ára og eldri sem ekki skulda félagsgjöld til félagsins hafa atkvæðisrétt á aðalfundi.

Aðalfund skal halda fyrir lok apríl ár hvert. Boða skal aðalfund minnst með sjö daga fyrirvara og auglýsa á sem víðtækastan hátt. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Í aðalfundarboði skal kynna dagskrá, fundartíma og fundarstað. Þá skal geta sérstaklega í fundarboði hvenær frestur til að skila inn tillögum að lagabreytingum og framboði til stjórnarsetu rennur út.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

a) Skýrsla stjórnar
b) Reikningar félagsins
c) Lagabreytingar
d) Kjör formanns
e) Kjör stjórnarmanna
f) Kjör skoðunarmanna reikninga
g) Önnur mál

Lögum félagsins verður ekki breytt nema á aðalfundi félagsins undir dagskrárliðnum „lagabreytingar" og þá með fulltingi 2/3 hluta atkvæðisbærra fundarmanna. Tillögur til breytinga á lögum félagsins, undirritaðar af flutningsmönnum, skulu sendar aðalstjórn félagsins eigi síðar en 5 dögum fyrir boðaðan aðalfund. Sami frestur gildir um tillögur um stjórnarmenn.

Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti úrslitum mála nema ef mál falla undir 4. mgr. 7. gr. laga þessara. Kosningar skulu vera skriflegar ef þess er óskað af fundarmönnum. Ef atkvæði standa á jöfnu falla mál niður.

# SKÝRINGAR

**8. grein**
Stjórn félagsins er skipuð sjö mönnum og allt að tveimur til vara. Kosning til stjórnar skal fara þannig fram:

- kosning formanns til eins árs,
- kosning sex meðstjórnenda til tveggja ára, þannig að þrír eru kosnir á hverju ári,
- kosning tveggja manna í varastjórn til eins árs.

Varamenn taka sæti í stjórn ef aðalmaður forfallast í sömu röð og þeir eru kosnir. Bjóði meðstjórnandi sig fram til formanns áður en kjörtímabili hans líkur, tekur varamaður sæti í stjórn fram að næsta aðalfundi.

Allir félagsmenn félagsins sem eru fjárráða geta boðið sig fram til formanns. Formaður félagsins getur ekki samtímis verið formaður deildar. Tilkynningar um framboð til formanns og meðstjórnenda félagsins skulu berast framkvæmdarstjóra félagsins minnst 5 dögum fyrir boðaðan aðalfund.

Formaður er kosinn beinni kosningu á aðalfundi, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Stjórn fer með umboð og vald aðalfundar á milli aðalfunda án heimildar til lagabreytinga.

Á aðalfundi skulu einnig kosnir tveir skoðunarmenn reikninga en í þeirra stað má kjósa einn löggiltan endurskoðanda.

**9. grein**
Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórn er ábyrg gagnvart aðalfundi fyrir fjárreiðum og eignum félagsins. Deildarstjórnir eru ábyrgar fyrir rekstri sinna deilda gagnvart stjórn og aðalfundum deilda. Reikningar félagsins skulu liggja frammi minnst viku fyrir aðalfund til skoðunar fyrir félagsmenn.

**10. grein**
Formaður félagsins eða framkvæmdastjóri rita félagið samkvæmt undirrituðum fundarsamþykktum stjórnar. Stjórn félagsins veitir prókúruumboð og allar fjárskuldbindingar félagsins og deilda þess eru háðar samþykki prókúruhafa. Óheimilt er að skuldbinda félagið eða deildir þess með persónulegum ábyrgðum einstaklinga. Allir samningar gerðir í nafni Ungmennafélagsins Fjölnis eða deilda þess skulu áritaðir af formanni eða framkvæmdastjóra félagsins.

# SKÝRINGAR

**11. grein**
Ef reikningar félagsins eru felldir í atkvæðagreiðslu á aðalfundi skal fundinum slitið strax og boðað til framhaldsaðalfundar innan 4 vikna. Stjórn leggur fyrir framhaldsaðalfund nýja reikninga til samþykktar. Framhaldsaðalfund skal boða á sama hátt og aðalfund og gilda um hann sömu reglur og hefur hann sama vald og um aðalfund væri að ræða.

**12. grein**
Stjórn tilnefnir fulltrúa félagsins á sambandsþing heildarsamtaka íþróttahreyfingarinnar. Stjórn er heimilt að skipa nefndir til starfa eftir því sem þurfa þykir.

**13. grein**
Stjórn skiptir öllum tekjum sem ekki koma inn á svið deilda, þ.m.t félagsgjöldum og Lotto.

**14. grein**
Fulltrúar stjórnar hafa rétt til að sitja alla fundi félagsins og deilda þess. Samráðsfundur formanna allra deilda með aðalstjórn skal halda 2 sinnum á ári hið minnsta. Alla stjórnarfundi félagsins, sem og félags- og aðalfundi, skal skrá í fundargerðarbækur.

**15. grein**
Heiðursveitingar Fjölnis eru: Silfurmerki, Gullmerki, heiðursfélagi Fjölnis og heiðursforseti Fjölnis. Heiðursráð Fjölnis skipa heiðursforsetar félagsins og heiðursfélagar Fjölnis. Heiðursráð er aðalstjórn félagsins til ráðuneytis og kemur saman að óska aðalstjórnar. Aðalstjórn setur nánarni reglur um starfsemi heiðursráðs. Stjórn félagsins tekur ákvarðanir um heiðursveitingar og setur nánari reglur um þær. Tilkynna skal um heiðursveitingar á aðalfundi og/eða á sérstakri uppskeruhátíð félagsins ár hvert.

## Stjórnun deilda og meistaraflokka

**16. grein**

Aðalfundir deilda skulu haldnir fyrir lok apríl ár hvert. Reikningsár deilda er almanaksárið. Með boðun, dagskrá, kjörgengi og atkvæðarétt aðalfunda deilda skal fara eins og um aðalfund félagsins væri að ræða utan lagabreytingaákvæði en aðalfundir deilda hafa ekki heimild til lagabreytinga.

Allar deildir félagsins skulu skila samþykktum reikningum deilda minnst tveimur vikum fyrir aðalfund. Stjórn er heimilt að setja vinnureglur sem varða bókhald deilda, bókhaldsskil og uppgjör og víkja deildarstjórn frá störfum ef störf hennar brjóta í bága við reglur um fjárreiður félagsins. Skal stjórn félagsins þá taka við störfum deildarstjórnar þar til hægt er að halda aðalfund viðkomandi deildar og kjósa nýja deildarstjórn.

Hafi deild ekki haldið aðalfund innan tilskilinna tímamarka, eða ekki náð að skila samþykktum reikningum fyrir undangengið reikningsár til stjórnar minnst tveimur vikum fyrir aðalfund félagsins, telst deildin hafa vanrækt að halda aðalfund á tilsettum tíma og skal þá stjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

**17. grein**

Stjórn hverrar deildar skal skipuð þremur til sjö mönnum, formanni sem kosinn er á aðalfundi viðkomandi deildar og tveimur til sex meðstjórnendum og allt að tveimur til vara einnig kjörnum á aðalfundinum.

Tillögur um stjórnarmenn skulu berast 5 dögum fyrir boðaðan aðalfund. Ef ekki berast næg framboð fyrir tilskilin tíma þá er heimilt að bjóða sig fram á aðalfundinum.

Endurskoðandi/skoðunarmenn reikninga félagsins hafa eftirlit með reikningum deilda. Deildarstjórn skiptir sjálf með sér verkum. Kjörtímabil deildarstjórna er á milli aðalfunda viðkomandi deilda.

Deildarstjórn getur sett sér og deild sinni vinnureglur brjóti þær ekki í bága við lög félagsins. Deildarstjórn skal halda félagaskrá í samráði við stjórn félagsins.

# SKÝRINGAR

**18. grein**
Heimilt er að starfrækja meistaraflokka innan félagsins að uppfylltum skilyrðum laga þessara, en einungis utan reksturs hefðbundins barna- og unglingastarfs (í samræmi við kröfur ÍSÍ um aðskilnað þessara rekstrareininga). Rekstur meistaraflokka skal vera bókhalds- og félagslega sjálfstæður og með sér kennitölu.
Deildarstjórn getur ein óskað eftir því við aðalstjórn að meistaraflokkar sé starfræktir í þeirri íþróttagrein sem deildina varðar. Aðalstjórn metur rekstrar- og félagslegan grundvöll fyrir slíkum rekstri og veitir eða hafnar heimild til reksturs. Veiti aðastjórn leyfi til rekstursins skal aðalstjórn félagsins skipa meistaraflokksráð samkvæmt tilnefningu deildarstjórnar og ber meistaraflokksráð ábyrgð á viðkomandi rekstri gagnvart deildarstjórn. Aðalstjórn félagsins hefur heimild til að setja reglur um leikmannasamninga og hefur jafnframt eftirlit með framkvæmd þeirra í samræmi við 10. grein.

Uppgjör vegna reksturs meistaraflokka skal kynnt sérstaklega á aðalfundi félagsins ár hvert en vera hluti af rekstrar- og efnahagsreikningi félagsins. Stjórn meistaraflokks skal leggja fram rekstrar- og tekjuáætlun fyrir hvert keppnistímabil fyrir sig til stjórnar til samþykktar og er hún bindandi fyrir stjórn meistaraflokksins. Stjórn meistaraflokks er óheimilt að skuldbinda félagið með nokkrum hætti nema með samþykki framkvæmdastjóra.

**19. grein**
Ósk félagsmanna um stofnun nýrrar deildar skal bera fram við stjórn félagsins. Stjórn tekur ákvörðun um stofnun nýrrar deildar á grundvelli markmiða UMFF.
Ef engin starfsemi er í deild getur stjórn ákveðið að leggja deildina niður tímabundið eða endalega. Eignir / skuldir viðkomandi deildar verða þá í vörslu stjórnar eða renna í aðalsjóð félagsins.

## Önnur ákvæði

**20. grein**
Ungmennafélagið Fjölnir er aðili að ÍBR og er félaginu skylt að virða lög þess.

**21. grein**
Til að félagið verði lagt niður þarf samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi og skal þá stjórnin boða til aukaaðalfundar sem verður einnig að samþykkja tillöguna með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Verði félagið lagt niður skal afhenda eigur þess til Íþróttabandalags Reykjavíkur til varðveislu, en ef hliðstætt félag verður stofnað innan hverfisins síðar skulu eignir þess afhentar hinu nýja félagi til afnota.

**22. grein**
Lög þessi öðlast gildi þegar þau hafa verið samþykkt á aðalfundi félagsins og falla þá jafnframt úr gildi fyrri lög félagsins.

Ungmennafélagið Fjölnir
Egilshöll, Fossaleyni 1
112 Reykjavík
578-2700 / skrifstofa@fjolnir.is
https://fjolnir.is/

**#FélagiðOkkar**